

Júní 2019



Innleiðing Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Landsrýniskýrsla



Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið



Innleiðing Íslands á
heimsmarkmiðum
Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Landsrýniskýrsla



Innleiðing Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
Landsrýniskýrsla

Reykjavík, júní 2019

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg
101, Reykjavík
Sími: (+354) 545 8400
Vefur: www.stjornarradid.is
Netfang: for@for.is

ISBN 978-9935-482-08-2

Efni

	78
	82
	86
	90
	94
	101
	106
Viðauki – Tölfræði heimsmarkmiðanna	108



Ávarp forsætisráðherra

Á hverjum föstudegi safnast hundruð ungmenna saman fyrir utan Alþingi til að krefjast róttækra aðgerða í loftslagsmálum. Þau eru hluti af alþjóðahreyfingu ungmenna sem benda réttilega á þá staðreynd að þær ákvarðanir sem teknar eru í dag ákvarða framtíð þeirra. Loftslagsbreytingar eru hættulegar öllu mannkyni og gera hefðbundin landamæri með öllu marklaus. Alþjóðlegt samstarf er eina leiðin fram á við.

Þúsaldarmarkmiðin, sem tóku gildi árið 2000, voru oft kölluð „stærsta loforð heimsins“. Þau voru alþjóðlegt samkomulag um að minnka fátækt og mannlega neyð. Og það er það sem þau gerðu. Þúsaldarmarkmiðin færðu meira en milljarð jarðarbúa úr sárri fátækt. Þau bættu aðgengi að vatni og hreinlæti; minnkuðu barnadauða til muna; stórbættu heilsu mæðra; drógu úr fjölda barna sem ekki sóttu sér menntun; og öllu straumhvörfum í baráttunni við HIV/AIDS og malaríu.

Heimsmarkmiðin eru djörf skuldbinding um að klára það sem þegar er hafið. Samfléttuð við hið sögufræga Parísarsamkomulag um loftslagsbreytingar, þá eru heimsmarkmiðin loforðið sem ungmenni eru að kalla eftir, um sjálfbærni, jafnrétti og velferð fyrir alla. Heimsmarkmiðin eru líka mikilvæg áminning um að sjálfbær þróun eru ekki málefni fjarlægra staða. Við höfum öll bæði réttindi og skyldur í þessu samhengi. Á meðan sum heimsmarkmiðin virðast kannski fjarlæg okkar daglega lífi, þá fela þau í sér allt sem gefur lífinu gildi, eins og menntun, vatn, frið og jafnrétti, svo aðeins fátt sé nefnt. Heimsmarkmiðin kalla líka á nýjar lausnir, með rannsóknnum og nýsköpun, svo tryggja megi sjálfbærari lífsstíl og samfélög án aðgreiningar.

Skuldbinding Íslands gagnvart heimsmarkmiðunum endurspeglast í þessari fyrstu landsrýni-skýrslu (Voluntary National Review). Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin hefur kortlagt stöðu Íslands gagnvart öllum 169 undirmarkmiðunum og skilgreint 65 forgangsmarkmið. Þau setja í forgrunn málefni er varða efnahagslega og félagslega velferð fyrir alla, vernd á réttindum barna og jaðarsettra hópa, varðveislu náttúrunnar og baráttu gegn hlýnun jarðar. Þá eru heimsmarkmiðin einnig leiðarljós íslenskrar þróunarsamvinnu. Stofnað hefur verið íslenskt ungmennaráð um heimsmarkmiðin til að tryggja formlega þátttöku ungs fólks í kynningu á markmiðunum og innleiðingu þeirra. Velgengni okkar veltur á getu okkar til að tryggja þátttöku sveitarfélaga, fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga. Ég er þakklát fyrir jákvæð viðbrögð frá öllum þessum aðilum á Íslandi.

Ríkisstjórn mín leggur ríka áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og að stuðla að auknu jafnrétti, velmegun og jöfnuði í heiminum. Það er loforð sem við ætlum okkur að standa við.



Katrín Jakobsdóttir
forsætisráðherra

Samantekt

Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, bæði innanlands sem og á alþjóðavettvangi. Heimsmarkmiðin hafa verið innleidd í opinbera stefnur er varða félags-, efnahags-, og umhverfismál, með sérstaka áherslu á uppbyggingu friðsælla og réttláttra samfélaga, laus við ótta og ofbeldi.

Innanlands, þá leggur ríkisstjórnin áherslu á að bera kennsl á og þjóna betur jaðarsettum hópum samfélagsins sem og að stuðla að samstarfi um aðgerðir til að takast á við þau alvarlegu umhverfisáhrif sem nútíma lífnaðarhættir hafa í för með sér. Ísland á ennþá þátt í hlýnun jarðar en stefnir á að vera kolefnishlutlaust ekki síðar en árið 2040.

Í alþjóðasamstarfi sínu deilir Ísland reynslu sinni og þekkingu á sviði jafnréttismála, uppræktun lands og sjálfbærs sjávarútvegs og orkunotkunar, sem stuðlar að alþjóðlegum framgangi heimsmarkmiða 5, 7, 13, 14 og 15. Efling mannréttinda til handa allra, þar á meðal LGBTI fólks, er hornsteinninn íslenskrar utanríkisstefnu og alþjóðlegrar þróunarsamvinnu – í samræmi við heimsmarkmiðin og innlendar áherslur ríkisstjórnarinnar. Þá hefur Ísland lagt ríka áherslu á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna, sem er lykilatriði fyrir innleiðingu markmiðanna.

Ferlið

Verkefnastjórn um heimsmarkmiðin leiðir vinnu íslenskra stjórnvalda á því sviði. Hún hefur kortlagt stöðu Íslands gagnvart öllum 169 undirmarkmiðunum og skilgreint 65 forgangsmarkmið sem munu vísa stjórnvöldum vegin næstu árin í átt að innleiðingu markmiðanna. Gögnum hefur verið safnað fyrir 70 af þeim mælikvörðum heimsmarkmiðanna sem hafa skilgreinda aðferðafræði, en fyrir liggur að styrkja þurfi tölfræðilegan grunn markmiðanna á Íslandi.

Heimsmarkmiðin þjóna sem leiðarljós í þróunarsamvinnu Íslands, þar sem megin markmið stjórnvalda er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð sem byggir á kynjajafnrétti, mannréttindum og sjálfbærri þróun. Ný verkefni miða að því að byggja upp samstarf milli opinberra og einkaaðila í ljósi þess að heimsmarkmiðin munu ekki verða að veruleika án þátttöku einkageirans.

Rík áhersla hefur verið lögð á samþættingu heimsmarkmiðanna í stefnur málefna-sviða í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til fimm ára. Með því að tengja undirmarkmið heimsmarkmiðanna við markmið í fjármálaáætlun gefst tækifæri til að kortleggja með hvaða hætti unnið er að innleiðingu tiltekinna heimsmarkmiða og að sama skapi áætla hversu mikið fjármagn er lagt til innleiðingar markmiðanna hverju sinni. Með þeim

hætti gefst jafnframt tækifæri til að kortleggja nánar tenginguna á milli markmiðanna innanlands og þannig áætla samlegðar- og mótverkandi áhrif. Að auki hefur áhersla verið lögð á að tryggja þátttöku sveitarfélaga vegna þess mikilvæga hlutverks sem þau gegna í innleiðingu markmiðanna.

Þátttaka

Stjórnvöld viðurkenna að innleiðing heimsmarkmiðanna krefst samstillts átaks milli margra ólíkra hagsmunaaðila. Því hafa stjórnvöld lagt áherslu á samráð og samstarf um markmiðin, bæði alþjóðlega og innanlands. Ungmennaráð heimsmarkmiðanna gefur ungmennum vettvang til að tjá skoðanir sínar við stefnumótunaraðila en börn eiga rétt á að á þau sé hlustað og er þátttaka þeirra talin mikilvæg fyrir árangursríka innleiðingu heimsmarkmiðanna.

Landsrýniskýrsla Íslands var birt í samráðsgátt stjórnvalda til að gera hagsmunaaðilum kleift að gera við hana athugasemdir. Ábendingar sem bárust voru teknar til greina í lokaútgáfu skýrslunnar en ráðgert er að í framhaldinu eigi sér stað víðtækara samráð við fjölda hagsmunaaðila með reglubundnum hætti.

Áskoranir

Ísland er norrænt velferðarríki og líf skjör íslenskra ríkisborgara því almennt talin góð samanborið við aðrar þjóðir heimsins. Síðastliðin tíu ár hefur Ísland mælst efst á lista yfir friðsælustu ríki heims og er jafnframt mjög framarlega á alþjóðavísu þegar kemur að jafnrétti kynjanna.

Þrátt fyrir góðan árangur á mörgum sviðum stendur Ísland samt sem áður frammi fyrir fjölda áskorana og á töluvert í land með að innleiða sum af heimsmarkmiðunum. Landsrýniskýrslunni er ætlað að veita greinargóða lýsingu á megin áskorunum Íslands í tengslum við öll 17 markmiðin, með það að augnamiði að bera kennsl á jaðarsetta hópa, svo sem innflytjendur og fólk með fötlun, í því skyni skilja enga hópa eftir (e. leave no one behind). Ljóst er að aðgerðir í loftslagsmálum og sjálfbær neysla og framleiðsla eru megin áskoranir Íslands.

Þessi landsrýni setur tóninn fyrir næsta áfanga innleiðingarinnar, ásamt metnaðarfullri loftslagsstefnu stjórnvalda, sem lögð var fram af sjö ráðherrum í samráði við fjölda hagsmunaaðila.

Inngangur

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru mikilvægur vegvísir fyrir íslensk stjórnvöld í átt að aukinni sjálfbærni og um leið betri heimi. Samþykkt heimsmarkmiðanna árið 2015 markaði tímamót en ríki heims hafa aldrei áður sett sér jafn víðtæk, sameiginleg markmið. Ísland tók virkan þátt í samningaviðræðunum um heimsmarkmiðin og lagði áherslu á endurnýjanlega orku, stöðvun landeyðingar, sjálfbæra nýtingu og verndun hafsins, jafnrétti kynjanna og framfarir í lækningu sjúkdóma og skaða á taugakerfinu. Þá lagði Ísland áherslu á að tryggja að markmiðin yrðu framsækin og næðu til þeirra mest jaðarsettu, sem og að mannréttindi allra væru virt - þar með talin réttindi hinsegin fólks.

Aðalsmerki heimsmarkmiðanna 17 er að þau eru algild og ber öllum þjóðum að vinna skipulega að þeim öllum bæði innanlands og í alþjóðasamstarfi fram til ársins 2030. Verkefnastjórn íslenskra stjórnvalda um heimsmarkmiðin hefur kortlagt stöðu Íslands gagnvart öllum 169 undirmarkmiðunum og lagt fram forgangsmarkmið sem munu vísa stjórnvöldum veginn við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þá eru heimsmarkmiðin leiðarljós í þróunarsamvinnu Íslands en yfirmarkmið íslenskra stjórnvalda í þróunarstarfi er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almenntri velferð á grundvelli kynjajafnréttis, mannréttinda og sjálfbærrar þróunar.

Heimsmarkmiðin undirstrika einnig nauðsyn þess að efla mannréttindi til að ná fram sjálfbærri þróun. Auk félagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra markmiða lofa heimsmarkmiðin friðsælla og réttlátara samfélagi sem er laust við ótta og ofbeldi. Þá ber öllum ríkjum að vinna í átt að jafnrétti og jafnræði, þar á meðal jafnrétti kynjanna, en heimsmarkmiðin staðfesta meðal annars ábyrgð allra ríkja á því að virða, vernda og efla mannréttindi án mismununar hvað varðar kynþátt, litarhaft, kyn, tungumál, trúarbrögð, pólitískar og aðrar skoðanir, þjóðernislegan og félagslegan uppruna, eignir, fötlun eða aðra stöðu. Mannréttindi eru hornsteinn íslenskrar utanríkisstefnu sem endurspeglast meðal annars í áherslum Íslands í setu þess í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Innleiðing heimsmarkmiðanna er ekki einungis á hendi stjórnvalda, heldur mun þurfa samhent átak margra ólíkra aðila til þess að þau megi verða að veruleika. Í ljósi þess hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á samráð og samstarf um innleiðingu markmiðanna.

Ísland er norrænt velferðarríki og líf skjör Íslendinga almennt talin góð samanborið við aðrar þjóðir heims. Ísland hefur í tíu ár í röð mælst bæði friðsælasta ríki heims og ríki þar sem mest kynjajafnrétti ríkir. Þetta tvennt helst í hendur enda er kynjajafnrétti bæði forsenda og drifkraftur sjálfbærrar þróunar og friðar.

En þrátt fyrir góðan árangur á mörgum sviðum glímir Ísland engu að síður við margs konar áskoranir og á langt í land þegar kemur að mörgum undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna. Í köflunum sem koma hér á eftir eru helstu áskoranir Íslands dregnar fram með skýrum hætti í þeim tilgangi að koma auga á jaðarsetta hópa og kortleggja næstu skref í innleiðingunni í því augnamiði að skilja enga hópa eða einstaklinga eftir.

Í þessari skýrslu er sérstök áhersla lögð á börn – kynslóðina sem mun taka við eftir að gildistími heimsmarkmiðanna hefur runnið sitt skeið. Á þrjátíu ára afmælisári Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er við hæfi að hafa í heiðri ákvæði sáttmálans um að börn hafi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif á málefni er þau varða. Víða um heim, þar á meðal á Íslandi, hafa börn og ungmenni undanfarið mótmælt aðgerðaleysi stjórnvalda í loftslagsmálum. Þessi samstaða er sterk vísbending um að börn beri ugg í brjósti yfir þeim veruleika sem fyrri kynslóðir hafa skapað framtíðinni og ráðafólki ber skylda til að hlusta á það sem þau hafa að segja.



Aðferðafræði og undirbúningur

Fyrstu markvissu skref stjórnvalda við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi voru að setja á laggirnar verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og ákvörðun um ritun innlendar stöðuskýrslu. Stöðuskýrslan kom út í júní 2018 og veitir innsýn í stöðu Íslands gagnvart markmiðunum á innlendum og erlendum vettvangi. Þessi fyrsta landsrýniskýrsla Íslands (e. Voluntary National Review) byggir að verulegu leyti á þeirri vinnu.

Stöðutakan fól bæði í sér kortlagningu á helstu verkefnum, áætlunum og áskorunum stjórnvalda í tengslum við tiltekin markmið en jafnframt aðgengi að gögnum fyrir þá mælikvarða sem lagðir hafa verið markmiðunum til grundvallar. Á grunni þeirrar vinnu og ráðgjafar frá sérfræðingum innan Háskóla Íslands voru jafnframt lögð fram 65 forgangsmarkmið sem vísa munu stjórnvöldum veginn við innleiðingu markmiðanna næstu árin.

Stöðuskýrslan var mikilvægur áfangi í átt að farsælli innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Skýrslan varpaði ljósi á stöðu Íslands, bæði á innlendum og erlendum vettvangi, og nýttist vel til undirbúnings skipulagðrar og samhæfðrar vinnu í átt að markmiðunum á komandi árum. Heimsmarkmiðin eru stórt og viðamikil verkefni en ef ólíkir kraftar koma saman getur sameiginleg framtíðarsýn um þróun í átt að sjálfbæru samfélagi orðið að veruleika.

Verkefnastjórn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Á fundi ríkisstjórnarinnar 24. mars 2017 var samþykkt að skipuð yrði verkefnastjórn forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, velferðaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Hagstofu Íslands, sem halda skyldi utan um greiningu, innleiðingu og kynningu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Til þess að tryggja aðkomu allra ráðuneyta að vinnunni var einnig myndaður tengiliðahópur með fulltrúum annarra ráðuneyta, auk áheyrnarfulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Haustið 2018 var endurskipað í verkefnastjórnina og samanstendur hún nú af fulltrúum frá öllum ráðuneytum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Hagstofu Íslands, auk áheyrnarfulltrúum frá ungmennaráði heimsmarkmiðanna og Félagi Sameinuðu þjóðanna. Forsætisráðuneytið gegnir formennsku í stjórninni og utanríkisráðuneytið varaformennsku.

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var meginhlutverk verkefnastjórnarinnar í fyrstu að greina stöðu undirmarkmiða heimsmarkmiðanna, rita stöðuskýrslu með tillögum um forgangsörðun markmiða til ríkisstjórnarinnar og leggja fram tillögur um framtíðarskipulag og verklag í tengslum við innleiðingu markmiðanna hér á landi. Verkefnastjórnin skal sérstaklega horfa til þess hvernig samhæfa megi innleiðingu heimsmarkmiðanna við stefnu- og áætlanagerð Stjórnarráðsins í gegnum málaflokkastefnur fjármálaáætlunar og hvernig vinna megi að innleiðingu markmiðanna í samstarfi við ólíka hagsmunaaðila innanlands.

Eftir að stöðuskýrslunni var skilað sumarið 2018 og forgangsmarkmiðin samþykkt hefur verkefnastjórnin unnið skipulega að innleiðingu heimsmarkmiðanna í Stjórnarráðinu, með áherslu á forgangsmarkmiðin. Þá sinnir verkefnastjórnin jafnframt alþjóðlegu samstarfi um heimsmarkmiðin og hefur umsjón með framkvæmd þessarar fyrstu landsrýni á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Forgangsörðun markmiðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna samanstanda af 17 yfirmarkmiðum og 169 undirmarkmiðum, ásamt 232 mælikvörðum. Undirmarkmiðin 169 eiga flest að einhverju leyti við um Ísland, en þó mismikið. Fljótlega varð því ljóst að til þess að ná mælanlegum árangri við innleiðingu markmiðanna hérlandis yrði að forgangsraða þeim til að bæta skilvirkni og yfirsýn í stefnumótun og áætlanagerð. Þó ber að nefna að forgangsmarkmiðin útiloka ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða. Stefnan er vitaskuld sett á að innleiða öll markmiðin sem eiga við um Ísland en þegar hefur góður fjöldi markmiðanna að mestu verið innleiddur á Íslandi. Í þeim tilfellum verður lögð áhersla á að gera enn betur og jafnframt miðla reynslu og þekkingu Íslands til annarra þjóða heims.

Fyrstu skrefin sem tekin voru í þeim tilgangi að forgangsraða markmiðunum var að meta hvaða gögn væru til á Íslandi um hvern mælikvarða og gæði þeirra. Mikilvægt var að gögnin væru samanagerðarhæf alþjóðlega og að mælikvarðar þeim tengdir væru skýrt skilgreindir. Í júlí 2017 var Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands falið að meta þá gagnaöflun sem þá hafði þegar farið fram. Markmið verkefnisins var gerð tveggja skýrslna þar sem annars vegar var lagt mat á gæði þeirra gagna sem verkefnastjórnin hafði safnað og hins vegar að leggja fram tillögur af hálfu stofnunarinnar um aðferðafræði við forgangsörðun heimsmarkmiðanna hér á landi. Unnið var út frá tillögum sem fram komu í annarri skýrslunni og stuðst við svokallað „Criteria Based Framework“. Í stuttu máli voru markmiðin metin út frá fjórum viðmiðum; samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, tenging við íslenskan veruleika, aðgengi að gögnum og fjarlægð að markmiði, á tilteknum skala en viðmiðin vógu misþungt í útreikningunum. Að höfðu samráði við sérfræðinga innan ráðuneytanna var lagt til að 65 undirmarkmið yrðu sett í forgang í vinnu stjórnvalda við innleiðingu heimsmarkmiðanna innanlands og í alþjóðasamstarfi næstu árin.

Tölfræði heimsmarkmiðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru á margan hátt langhlaup í átt að mjög metnaðarfullum markmiðum. Út frá mælikvörðum heimsmarkmiðanna hafa Sameinuðu þjóðirnar leitast við að smíða ítarlegt mælaborð fyrir heimsmarkmiðin svo þjóðir heims hafi sem skýrasta mynd af stöðu sinni gagnvart markmiðunum hverju sinni. Vinna við nánari útfærslu á mælikvörðunum er enn viðvarandi. Sérfræðinganefnd um mælikvarðana á vegum Sameinuðu þjóðanna (UN IAE-SDGs expert committee) hefur umsjón með því viðamikla og flókna starfi að fullvinna þá alþjóðlegu mælikvarða sem lagðir eru til grundvallar innleiðingu á undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna.

Aðlaga þarf mælikvarðana sem þróaðir eru af Sameinuðu þjóðunum að íslenskum veruleika út frá fyrirbyggjandi gögnum. Með stöðuskýrslunni sem gefin var út í júní 2018 fylgdi tölfræðiviðauki. Hann sýndi fyrstu útgáfu af íslensku mælaborði sem nú hefur verið uppfært í samræmi við nýjustu gagnaöflun. Mælaborðið sýnir stöðu Íslands gagnvart 70 af þeim mælikvörðum sem hafa skilgreinda aðferðafræði frá tölfræðistofnun Sameinuðu þjóðanna. Mælaborðið hefur jafnframt verið sett upp með aðgengilegum hætti á vefsvæði heimsmarkmiðanna.

Hagstofa Íslands hefur frá upphafi átt fulltrúa í verkefnastjórn heimsmarkmiðanna til ráðgjafar og stuðnings, þá ekki síst í þeirri grunnvinnu sem nauðsynleg er til að leggja hornsteininn að tölfræði heimsmarkmiðanna. Hagstofan heldur nú utan um uppbyggingu á tölfræði heimsmarkmiðanna á Íslandi.

Verkefnastjórnin leitaði til fjölda stofnana til að finna áreiðanlegar gagnalindir og einnig var grandskoðað hvar Ísland kunni að vanta gögn. Verkefnastjórnin gerði samning við Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands um gæðamat á þeim gögnum sem fyrir lágu en mjög mikilvægt er að þau gögn sem lögð eru til grundvallar séu alþjóðlega samanburðarhæf og að allir mælikvarðar séu skýrt skilgreindir. Greiningarvinnan var unnin af víðtæku neti íslenskra fræðimanna þar sem stuðst var við fremstu sérfræðinga á hverju fagsviði. Afurð vinnunnar var ítarleg skýrsla um mat á gögnum og gagnabönkum tengdum heimsmarkmiðunum sem reyndist traustur grunnur fyrir frekari tölfræðivinnu.

Tölfræði heimsmarkmiðanna á sér einnig alþjóðlega hlið sem er ekki síður áhugaverð til að setja heimsmarkmiðin í samhengi. Skilgreiningarvinna á mælikvörðum er enn í fullum gangi og starfar sérfræðinefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna (IAEG-SDGs) við það umfangsmikla og flókna verkefni að þróa alþjóðlega tækar mælingar fyrir undirmarkmiðin. Þessa nýju mælikvarða þarf svo að setja í íslenskt samhengi, finna traustar gagnalindir og vinna tölfræði sem sýnir stöðu Íslands gagnvart markmiðunum og um leið öðrum þjóðum út frá sömu mælikvörðum.

Hinn alþjóðlegi vettvangur heimsmarkmiðanna getur verið nokkuð flókin og jafnvel villandi þar sem fleiri en ein útgáfa af mælikvörðum og markmiðum er til staðar. Því er mikilvægt að átta sig á að mælikvarðar Sameinuðu þjóðanna eiga við um heiminn allan en lönd eða svæði geta líka sett sér eigin mælikvarða til að styðja við sína eigin markmiðasetningu. Þannig er Evrópusambandið með tölfræðimælikvarða sem snúa að þeirra málefnum og Norðurlöndin eru að íhuga norræna tölfræðimælikvarða á sviðum

þar sem mælivarðar Sameinuðu þjóðanna hafa ekki verið skilgreindir nægilega vel, svo sem fyrir tölfta heimsmarkmiðið.

Samstarf um landsrýni

Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin hefur efnt til samstarfs og samráðs við ýmsa aðila vegna greiningar, innleiðingar og framsetningar á stöðu Íslands gagnvart heimsmarkmiðunum. Auk áðurnefnds samráðs við Háskóla Íslands hefur verið efnt til bæði tvíhliða og opinna funda sem og ráðstefna um heimsmarkmiðin með fulltrúum ýmissa fyrirtækja, félagasamtaka og stéttarféлага. Þessi landsrýniskýrsla var auk þess sett í rafræna samráðsgátt stjórnvalda (samradsgatt.is) til að leita eftir samráði við almenning og bjóða upp á umsagnir ýmissa aðila. Þær umsagnir voru teknar til greina við lokaskrif á skýrslunni. Eftirfarandi aðilar sendu inn umsagnir, alls níu talsins: Auður Guðjónsdóttir, Barnaheill, IOGT á Íslandi, Landssamtök ungmennafélaga, Landsvirkjun, Samtök íslenskra ólympíufara, Verkfræðingafélag Íslands, Valorka og Þroskahjálp Íslands.



Elíza Gígja Ómarsdóttir, 15 ára, ferðaðist til Úganda og kynnti sér líf jafnaldra sinna þar, út frá heimsmarkmiðunum.

Innleiðing stjórnvalda

Í hverju ráðuneyti á sér stað innleiðing á heimsmarkmiðunum þar sem sérstök áhersla er lögð á þau 65 undirmarkmið heimsmarkmiðanna sem stjórnvöld hafa sett í forgang. Þá hafa verið gefnar út leiðbeiningar innan Stjórnarráðsins um hvernig tengja skuli öll markmið í fjármálaáætlun ríkisstjórnar við heimsmarkmiðin þar sem við á. Sveitarfélög eru í auknum mæli farin að tengja sínar stefnur og áætlanir við heimsmarkmiðin.

Tenging við stefnur og áætlanir

Ýmsar nýjar stefnur og áætlanir stjórnvalda hafa verið tengdar við heimsmarkmiðin og má þar nefna nýja stefnu um þróunarsamvinnu, drög að nýrri menntastefnu, nýsköpunarstefnu og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Ísland fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019 og hefur tengt þrjú áherslusvið í sinni formennskuáætlun við heimsmarkmiðin, auk áherslu á tólfta heimsmarkmiðið sem er í brennidepli í norrænu samstarfi um sjálfbæra þróun til ársins 2020.

Samræmd stefnumótun

Innri tengsl og samþætt eðli heimsmarkmiðanna kalla á markvissa samræmingu milli stefna og áætlana við innleiðingu þeirra. Þá er bæði um að ræða samræmingu lárétt á milli málefnasviða ráðuneyta og annarra stefnumótandi aðila, og einnig lóðrétt á hinu alþjóðlega sviði. Ein helsta ástæða þess að samræmingar er þörf er að heimsmarkmiðin hafa afar víðtæka skírskotun inn í öll þau málefnasvið og málaflokka sem stjórnvöld vinna að. Við innleiðingu markmiðanna er því mikilvægt að sjá til þess að stefnumótun sé samræmd innan stjórnsýslunnar og sömuleiðis eftirfylgni með framgangi markmiðanna. Nánar tengingar á milli markmiða bjóða upp á þann möguleika að framgangur eins markmiðs geti sömuleiðis veitt öðru markmiði brautargengi. Alhliða innleiðing krefst þess að jafnvægi sé á milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra sjónarmiða í allri stefnumótun, þvert á ráðuneyti og stjórnsýslustig og í samstarfi við aðra hagsmunaaðila. Stjórnvöld þurfa því að sjá til þess að samráð sé haft við þá aðila sem að ákveðnum málaflokkum koma og að samræmd stefna sé fyrir innleiðingu hvers markmiðs fyrir sig. Þá ber einnig að nefna mikilvægi þess að við stefnumótun sé jafnframt litið til mögulegra áhrifa sem aðgerðir hérlandis geta haft á aðrar þjóðir heimsins, sér í lagi þróunarlönd.

Með greiningu á ábyrgð ráðuneyta á undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna og vali á forgangsmarkmiðum sést hvaða ráðuneyti vinna saman að ákveðnum málaflokkum. Við innleiðingu hvers markmiðs ber síðan að huga að öðrum samstarfsaðilum. Sem dæmi um samræmda stefnumótun er aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálunum (innleiðing á undirmarkmiði 13.2). Sjó ráðherra í ríkisstjórn kynntu fyrstu útgáfu áætl-

unarinnar í september 2018 og sameiginlega vinnu við innleiðingu hennar. Auk þess var boðið til samráðs um mótun einstakra aðgerða með fulltrúum atvinnulífs, félagsamtaka, sveitarfélaga og annarra. Um var að ræða fyrstu útgáfa áætlunarinnar en gert er ráð fyrir að önnur útgáfa áætlunarinnar komi út 2019.

Heimsmarkmiðin og fjármálaáætlun

Undanfarin þrjú ár hefur verið lögð rík áhersla á tengingu heimsmarkmiðanna við markmiðssetningu í stefnumótun málefnasviða fyrir fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til fimm ára. Fjármálaáætlun er byggð á fjármálastefnu hins opinbera og grunngildum og skilyrðum sem skilgreind eru í lögum um opinber fjármál. Áætlunin felur í sér ítarlega útfærslu á markmiðum sem sett eru fram í stefnunni, dýpkar nánar markmið fjármálastefnu og greinir hvernig þeim verði náð frá ári til árs. Markmið með fjármálaáætluninni er að útfæra markmið um tekjur og gjöld hins opinbera og þróun þeirra en í fjármálaáætlun eru sýnd framlög (fjárheimildir) til starfsemi ríkisins innan 35 málefnasviða til næstu fimm ára. Hvert málefnasvið nær yfir tiltekin verkefni, svo sem starfsemi dómstóla og háskóla, og með fjármálaáætluninni er lagður grunnur að skýrri forgangsröðun útgjalda og markvissum undirbúningi aðgerða til að ná fram markmiðum í fjármálastefnu og fjármálaáætlun.

Með því að tengja undirmarkmið heimsmarkmiðanna við markmið málefnasviða gefst tækifæri til að kortleggja með hvaða hætti unnið er að innleiðingu tiltekinna heimsmarkmiða og að sama skapi áætla hversu mikið fjármagn er lagt til innleiðingar markmiðanna hverju sinni. Með þeim hætti gefst jafnframt tækifæri til að kortleggja nánar tenginguna á milli markmiðanna hér innanlands og þannig áætla þær málamiðlanir sem upp geta komið í stefnumótun fyrir markmiðin. Kostnaðar- og ábatagreining á tilteknum aðgerðum með tilliti til annarra markmiða getur þannig nýst í stefnumótun til að hámarka þau samlegðaráhrif sem talin eru vera til staðar, og þar með ávinning tiltekins fjármagns. Það sama gildir um mögulegan fórnarkostnað.

Unnið verður áfram að tengingu heimsmarkmiðanna við stefnumótun fjármálaáætlunar og aðferðafræðin við það þróuð enn frekar. Unnið er að rafrænni lausn fyrir stefnumótun fjármálaáætlunar og tengingu hennar við heimsmarkmiðin. Slíkur gagnagrunnur mun auðvelda stefnumótunarsérfræðingum innan ráðuneytanna að hafa yfirsýn yfir markmiðin og þar með auka samræmingu milli stefna og áætlana ólíkra málefnasviða.

Sveitarfélög

Innleiðing heimsmarkmiðanna af hálfu stjórnvalda hvílir á stoðum beggja stjórnsýslustiga, ríkisstjórnarinnar annars vegar og sveitarstjórna hins vegar. Samband íslenskra sveitarfélaga á fulltrúa í verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin. Með þeirri aðkomu er verið að nalgast innleiðingu heimsmarkmiðanna sem samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga enda ljóst að sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki fyrir farsæla innleiðingu heimsmarkmiðanna. Áætlað hefur verið að um 65% undirmarkmiða heimsmarkmiðanna verði ekki innleidd án aðkomu sveitarfélaga.¹

¹ Cities Alliance, 2015, Sustainable Development Goals and Habitat III: Opportunities for a Successful New Urban Agenda.

Mælikvarðar heimsmarkmiðanna mæla heildarárangur hjá hverju aðildarríki á landsvísi, en þar sem heimsmarkmiðin falla misvel að staðbundinni innleiðingu kemur í hlut sveitarfélaga að staðfæra þau og sjá til þess að innleiðing þeirra sé sniðin að aðstæðum á hverjum stað. Með nokkurri einföldun má segja að staðfæringin miðist annars vegar við hvernig sveitarfélög geti stutt ríkisvaldið við að ná heimsmarkmiðunum og hins vegar hvernig heimsmarkmiðin geti myndað ramma um stefnu viðkomandi sveitarfélags. Í því felst þó ekki endilega að sveitarfélagið marki sér nýja stefnu heldur að gildandi stefnumörkun sé lögð til grundvallar. Þá eru árangursmælikvarðar mikilvægir svo að sveitarfélag geti fylgst staðbundið með framgangi innleiðingar og árangri hverju sinni.

Að láta engan undanskilinn

Við innleiðingu heimsmarkmiðanna skal sérstaklega líta til þess að skilja enga einstaklinga eða hópa eftir, svo sem jaðarsetta hópa eins og fatlað fólk, innflytjendur og efna-lítið fólk. Ákveðnar aðgerðir hafa verið teknar á síðustu árum til að greina og mæta þörfum einstaklinga og hópa sem búa við þrengingar og mótlæti og er starfsemi Velferðavaktarinnar, sem fjallað er um aftar í skýrslunni, dæmi um slíka vinnu. Þó ber að huga markvisst að því við alla kortlagningu og stefnumótun út frá heimsmarkmiðunum að líta ávallt til þess hvaða hópar eru, eða geta átt á hættu að verða, jaðarsettir. Í þessari skýrslu er sérstaklega merkt við þær aðgerðir við innleiðingu hvers markmiðs sem fela í sér að tekið er tillit til þess að einstaklingar og hópar séu ekki skildir eftir.

Vitundarvakning

Sérstök áhersla er lögð á að miðla upplýsingum um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna enda er ljóst að þeim verður ekki náð án víðtækrar þátttöku almennings, atvinnulífs, fræðasamfélags og félagasamtaka. Í því skyni hóf sérstakur upplýsingafulltrúi heimsmarkmiðanna störf í utanríkisráðuneytinu vorið 2018 sem mun þróa og vinna upplýsingaefni til að auka vitund og skilning á heimsmarkmiðunum og huga sérstaklega að samþættingu þeirra við starfsemi Stjórnarráðsins.

Í mars 2018 fór af stað kynningarherferð á öllum helstu miðlum landsins um heimsmarkmiðin undir heitinu „Segjum góðar fréttir árið 2030“. Þar sem markmiðin boða framfarir á öllum helstu sviðum samfélagsins á heimsvísu miðaði herferðin að því að greina frá nokkrum góðum fréttum úr framtíðinni, gangi markmiðin eftir. Markmiðið var að vekja athygli á heimsmarkmiðunum í því augnamiði að virkja almenning til þátttöku í innleiðingu markmiðanna. Gerð voru myndbönd sem birt voru í sjónvarpi, samfélagsmiðlum (Facebook og YouTube) og kvikmyndahúsum, auk þess sem keyptir voru netborðar og heilsíðuauglýsingar sem birtar voru í íslenskum fjölmiðlum.

Í desember 2018 fór önnur kynningarherferð af stað en þá var kastljósinu beint að þróunarsamvinnu Íslands og fjármagnaði utanríkisráðuneytið þá herferð. Gerðir voru þrír heimildarþættir um unglingsstúlku, Elízu Gígu Ómarsdóttur, sem ferðaðist til Úganda og kynnti sér líf jafnaldra sinna þar, út frá heimsmarkmiðunum. Þættirnir voru sýndir á RÚV í desember 2018.

Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin hefur þrisvar sinnum fengið rannsóknafyrirtækið Gallup til þess að mæla vitund almennings á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Fyrsta mælingin var framkvæmd í janúar 2018, áður en fyrri kynningarherferðin hófst, en þá þekktu 46,6% landsmanna heimsmarkmiðin eða höfðu heyrt um þau. Vitund almennings var aftur mæld í maí 2018, eftir kynningarherferðina, og þá var hlutfallið komið í 57,4%. Þeim sem sögðust þekkja heimsmarkmiðin fjölgaði um 1,5 prósentustig milli kannana, en þeim sem höfðu heyrt um markmiðin fjölgaði um 9,3 prósentustig. Alls höfðu 27% þátttakenda tekið eftir fyrri kynningarherferðinni. Niðurstöðurnar benda því til þess að herferðin hafi borið nokkurn árangur og aukið vitund meðal almennings. Vitund almennings var mæld í þriðja sinn í febrúar 2019 og þá sögðust 65,6% aðspurðra annað hvort þekkja eða hafa heyrt um heimsmarkmiðin. Því er nú hægt að fullyrða að um tveir af hverjum þremur á Íslandi hafi heyrt um heimsmarkmiðin.

Samstarf og samráð

Eitt af meginstefjum heimsmarkmiðanna er samvinna ólíkra aðila við innleiðingu markmiðanna. Í raun er það svo að innleiðing markmiðanna mun ekki verða að veruleika nema með samvinnu milli ríkja, sveitarfélaga, fyrirtækja, félagasamtaka, fræðasamfélagsins, ungmenna og einstaklinga um allan heim. Íslensk stjórnvöld einsetja sér að eiga í góðu samstarfi og samráði við fyrrgreinda hópa svo innleiðing markmiðanna megi verða sem farsælust. Eftirfarandi eru helstu samstarfsverkefni sem þegar hefur verið efnt til með aðkomu stjórnvalda.

Samstarf sveitarfélaga

Samband Íslenskra sveitarfélaga gegnir hlutverki samþættingar- og samræmingaraðila á sveitarstjórnarstigi. Í stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2018-2022 er einkum lögð áhersla á vitundarvakningu á heimsmarkmiðunum meðal sveitarfélaga ásamt virkri upplýsingamiðlun og ráðgjöf vegna innleiðingar.¹ Þessar meginlínur í stefnumörkun voru meðal annars lagðar í samráði við verkefnastjórn stjórnvalda.

Vitundarvakningu um heimsmarkmiðin á sveitarstjórnarstigi var formlega hleypt af stokkunum með kynningarfundum sem fram fóru í Reykjavík og með streymi 15. febrúar 2019 á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Forsætisráðherra hafði þá sent bréf á öll 72 sveitarfélög landsins og hvatt þau til að kynna sér heimsmarkmiðin og mæta á fundinn. Leitað var eftir lykilframsögum hjá þeim sveitarfélögum sem þegar voru byrjuð að vinna með heimsmarkmiðin. Einnig var litið til Norrænu byggðastofnunarinnar, Nordregio, sem kynnti í september 2018 úttekt á norrænum sveitarfélögum og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.²

Sambandið hefur ákveðið að kanna hvort áhugi sé hjá sveitarfélögum að setja á fót samstarfs- og samráðsvettvang sveitarfélaga sem hefði það hlutverk að marka sameiginlega stefnu eða sýn sveitarfélaganna á heimsmarkmiðin og innleiðingu þeirra. Sá samstarfsvettvangur myndi taka til starfa haustið 2019. Enda þótt flest bendi til þess að áhugi sé mikill á heimsmarkmiðunum eru sveitarfélögin almennt séð mislangt á veg komin. Þá kom glöggst fram á fyrsta kynningarfundinum að sveitarfélögin eru leitandi varðandi hagnýtar leiðir og markmiðasetningu. Hefur sambærileg afstaða einnig komið skýrt fram hjá sveitarfélögum á hinum Norðurlöndunum, svo sem í áðurnefndri úttekt Nordregio.

¹ Samband Íslenskra sveitarfélaga, desember 2018, Framtíðin er hér: Stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2018-2022.

² Nordregio, september 2018, Global goals for local priorities: The 2030 Agenda at local level.

Fyrirtæki

Heimsmarkmiðin eru nátengd viðmiðum um samfélagsábyrgð og sjálfbærni fyrirtækja. Jafnframt tengjast þau viðmiðum um ákvarðanatöku fjárfesta við ábyrgar fjárfestingar. Ýmis fyrirtæki á Íslandi eru farin að tengja starf sitt við heimsmarkmiðin.

Í september 2018 gerði verkefnastjórn heimsmarkmiðanna samstarfssamning til eins árs við Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, um kynningarstarf til handa fyrirtækjum um heimsmarkmiðin. Samkomulagið felst í því að verkefnastjórnin og Festa standi saman að fræðsludagskrá þar sem haldnir verða hið minnsta fjórir opnir fræðslufundir um heimsmarkmiðin fyrir fyrirtæki og stofnanir. Auk þess nýtir Festa sína miðla og viðburði markvisst til þess að vekja athygli á heimsmarkmiðunum og hvernig fyrirtæki eru að vinna að innleiðingu þeirra.

Verkefnastjórnin hefur einnig verið í samráði og samstarfi við Samtök atvinnulífsins um kynningu á heimsmarkmiðunum gagnvart þeim fyrirtækjum sem hafa tileinkað sér eða vilja kynna sér sáttmálann UN Global Compact, sem er nátengdur heimsmarkmiðunum. Fulltrúar verkefnastjórnarinnar hafa einnig tekið þátt í að vekja athygli á heimsmarkmiðunum á vettvangi IcelandSIF, samtaka um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Félagasamtök

Líkt og með fyrirtæki eru mörg félagasamtök farin að tengja starf sitt og stefnumótun við heimsmarkmiðin. Mörg félagasamtök eru borin uppi af sjálfböðnu starfi sem sýnir mikilvægi framlags sjálfböðastarfa við innleiðingu heimsmarkmiðanna.

Í nóvember 2018 gerði verkefnastjórn heimsmarkmiðanna samstarfssamning til eins árs við Almannaheill, regnhlífasamtök um ýmis félagasamtök er starfa í þágu almannaheilla, um kynningarstarf til félagasamtaka um heimsmarkmiðin. Tilgangur verkefnisins er að hvetja félagasamtök á Íslandi til að samþætta heimsmarkmiðin inn í daglega starfsemi sína. Samkomulagið felst í að verkefnastjórnin og Almannaheill standi saman að fræðslufundum og kynningarefni, Almannaheill miðli upplýsingum á vef sínum og kanni vitund félaga um heimsmarkmiðin í árlegri könnun sinni.

Verkefnastjórn heimsmarkmiðanna er einnig í samstarfi við Félag Sameinuðu þjóðanna sem er með áheyrnarfulltrúa í verkefnastjórninni og gegnir því hlutverki að kynna heimsmarkmiðin gagnvart ýmsum aðilum, svo sem félagasamtökum. Í samstarfi við verkefnastjórnina útbjó Félag Sameinuðu þjóðanna veggspjald með heimsmarkmiðunum og dreifði í alla skóla og menntastofnanir landsins haustið 2018.

Norrænt samstarf

Norræntsamstarfveigamikillþáttur í alþjóðlegu samstarfi Íslandsensamvinnaríkjanna fimm, Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, auk sjálfstjórnarlandanna þriggja Grænlands, Færeyja og Álandseyja, byggir einkum á sameiginlegu gildismati þjóðanna. Árið 2017 samþykktu ríkisstjórnir ríkjanna fimm að Norðurlöndin myndu vinna saman að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

á alþjóðlegum vettvangi, meðal annars með því að miðla norrænum lausnum á sviði sjálfbærrar orku, kynjajafnréttis, sjálfbærrar matvælaframleiðslu, velferðarþjónustu, sjálfbærs borgarskipulags og aðgerða í loftslagsmálum.³ Sjálfbær þróun hefur verið þverfaglegt viðfangsefni í allri norrænni samvinnu til margra ára.

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar starfa Norðurlöndin ennfremur samkvæmt áætluninni „Generation 2030“ en henni er ætlað að stuðla að samstarfi ríkjanna um sameiginlegar áskoranir Norðurlandanna þegar kemur að heimsmarkmiðunum. Tilgangurinn er að samhæfa framfylgd heimsmarkmiðanna í norrænu ríkjunum með viðeigandi greiningum, þekkingarmiðlun og þróun aðferðafræði, ásamt því að hvetja til þátttöku ólíkra hagsmunaaðila á Norðurlöndunum. Tólfta heimsmarkmiðið um ábyrga neyslu og framleiðslu er í brennidepli samstarfsins til ársins 2020 en það hefur verið skilgreint sem það markmið sem Norðurlöndin eiga lengst í land með.⁴

Heimsmarkmiðagátt

Verkefnastjórn heimsmarkmiðanna setur árið 2019 á fót upplýsingagátt um heims markmiðin. Gáttin er byggð á erlendum fyrirmyndum og mun einstaklingum, félaga-samtökum, fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum og öðrum gefast tækifæri til þess að setja inn verkefni sem stuðla að framgangi heimsmarkmiðanna. Gáttin er þannig opinber vettvangur til upplýsingamiðlunar hagsmunaaðila um markmiðin. Með þeim hætti má upplýsa um hugmyndir og nálganir sem stuðlað geta að sjálfbærri þróun og aukinni verðmætasköpun við innleiðingu heimsmarkmiðanna.



LIÓSMYND: VIKTOR ÖRN GUÐMUNDSSON

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS), stærstu samtök íslenskra háskólanema, ræða heims-markmiðin á ársfundi sínum 2019.

³ Norræna ráðið og Norræna ráðherranefndin, 30. maí 2017, Nordens statsministre lanserer globalt initiativ, norden.org.

⁴ Norræna ráðið og Norræna ráðherranefndin, Generation 2030: Nordic programme for Agenda 2030, norden.org.



Ungmennaráð heimsmarkmiðanna fundaði með ráðherrum í ríkisstjórn í mars 2019 og afhenti þeim yfirlýsingu.

Ungmennaráð heimsmarkmiðanna

Í 12. og 13. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið skýrt á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif á málefni er þau varða. Í ljósi þess var ákveðið að virkja þátttöku ungmenna á Íslandi í gegnum ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Það er í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið er á um að framfylgja skuli ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, meðal annars um aukin áhrif barna í samfélaginu.

Meginmarkmið ungmennaráðsins er að vekja athygli á heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun, bæði á meðal ungmenna og innan samfélagsins í heild. Ungmennaráðinu er ætlað að vera lifandi vettvangur þar sem heimsmarkmiðin og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna eru höfð að leiðarljósi og rædd með gagnrýnum og lausnamiðuðum hætti. Ungmennum er með þessum hætti gefinn vettvangur til að vekja athygli á heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun og skapa þannig jafningjum tækifæri til að láta rödd sína heyrast um fyrrgreind málefni.

Ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna samanstendur af tólf fulltrúum, víðs vegar að af landinu, á aldursbilinu 13-18 ára. Ungmennaráðið fundar sex sinnum á ári og þar á meðal árlega með ríkisstjórn. Hlutverk ráðsins er að fræðast og fjalla um heimsmarkmiðin ásamt því að vinna og miðla gagnvirku efni á samfélagsmiðlum um markmiðin og sjálfbæra þróun. Ungmennaráðið veitir jafnframt stjórnvöldum, í gegnum verkefnastjórn heimsmarkmiðanna, aðhald og ráðgjöf við innleiðingu markmiðanna. Ungmennaráðið afhenti ríkisstjórn yfirlýsingu á fundi 15. mars 2019 sem ríkisstjórnin mun fjalla um og bregðast við.

Yfirlýsing ungmennaráðs heimsmarkmiðanna 2018-19 á fundi með ríkisstjórn 15. mars 2019

Heimurinn hefur til ársins 2030 til að framkvæma fordæmalausar aðgerðir til að halda meðalhita jarðar í skefjum samkvæmt ítarlegri skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem kom út 8. október 2018. Í skýrslunni kemur fram að ungmenni séu stór hluti af lausninni enda þarf að virkja allt samfélagið. Því er nauðsynlegt að eiga samtal við ungt fólk, þó megum við ekki takmarka okkur við það. Grípa þarf til róttækra aðgerða til að takast á við þennan brýna vanda sem steðjar að framtíðinni. Við sjáum mörg vandamál í kringum okkur hvað varðar umhverfis-, mennta- og mannréttindamál og finnst okkur vera kominn tími til að hugsa í lausnum. Við erum mjög þakklát fyrir þau tækifæri sem við höfum fengið en okkur finnst þó að fleiri ættu að fá tækifæri sem þessi að eiga í beinum samskiptum við stjórnvöld. Það verður verkefni okkar að takast á við afleiðingar þeirra ákvarðana sem teknar eru í dag. Þess vegna er mikilvægt að við fáum rödd meðal þeirra sem eru að móta samfélög okkar og löggjöfina sem okkur er gert að búa við. Nauðsynlegt er þó að gleyma ekki að þið hafið valdið og vonandi viljann til breytinga því næstu tíu árin eru lykilár í að ráða örlögum komandi kynslóða. Við þekkjum öll frestunaráráttu í okkar daglega lífi og hvernig dagar, mánuðir, jafnvel ár geta liðið án nokkurs árangurs. Klukkan tifar, tíminn heldur áfram en spurningin er, hvenær mun seinasta sandkornið falla?

Nývæðing menntakerfisins:

- Menntun er lykill að sjálfbærri þróun.
- Íslenskir nemendur standa sig verr í raungreinum og lestri miðað við önnur OECD lönd.
- Brotthvarf úr skóla er of hátt. Skortur er á fyrirmyndum og hvatningu í námi.
- Bregðast þarf fyrr við skorti á sjálfstrausti og vanlíðan.
- Koma þarf fræðslu um andlega líðan inn í námsskrá.
- Það borgar sig margfalt fyrir samfélagið að stíga fyrr inn fyrir NEET hópinn sem stendur utan skóla og vinnu.
- Endurskoðun innviða menntakerfisins í samstarfi við ungmenni þarf að eiga sér stað.

Andleg líðan ungmenna:

- Ungmenni á örorku finna fyrir miklum fötlunarfordómum frá öðrum ungmenum.
- Auka þarf stuðning við öryrkja.
- Það þarf að efla sjálftraust ungmenna og byrja í leikskóla.
- Vera með fræðslu um andlega heilsu eða koma því inn í námsskrá.

Endurheimt votlendis:

- Fylla þarf upp í skurði, votlendi gefur frá sér ónauðsynlega mikið magn koltvíoxíðs.
- Áhrifamikil aðgerð með litlum kostnaði.

Stöðvun frekari stóriðju:

- Við viljum stöðva framgang frekari stóriðju tafarlaust, jafnframt verði afsláttum auk undanþága í hag stóriðjunnar aflétt.
- Stóriðja stendur fyrir miklum raforkukaupum á Íslandi og sífellt er verið að auka framleiðslu raforku til að uppfylla þeirra kröfur. Margar virkjanaframkvæmdir hefðu verið ónauðsynlegar ef ekki hefði verið fyrir umfang stóriðju.

Samhæfing flokkunarkerfisins:

- Flokkunarkerfi á Íslandi eru háð þjónustuaðila sveitarfélaganna.
- Samræma þarf flokkunarkerfi þvert yfir sveitarfélög.

Fyrir hönd ungmenna þökkum við fyrir tækifærin sem okkur hafa boðist á tímabilinu sem við sitjum sem fulltrúar í ungmennaráði heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.



Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar

Mikill árangur hefur náðst á heimsvísu í baráttunni gegn fátækt. Hins vegar býr enn fjöldi fólks, sérstaklega í þróunarríkjum, við örbirgð og alla fylgifiska hennar, svo sem hungur, húsnæðisleysi, skort á tryggri lífsafkomu, lélegt eða ekkert aðgengi að menntun, skort á heilbrigðisþjónustu og annarri grunnþjónustu auk félagslegrar útskúfunar.

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Styrkja stöðu fólks sem stendur höllum fæti, með sérstakri áherslu á börn**
- **Útrýma launamun, meðal annars á grundvelli þjóðernisuppruna**

Ísland er velferðarríki á vestrænan mæli- kvarða og lífskjör íslenskra ríkisborgara því almennt talin góð samanborið við aðrar þjóðir heimsins. Nýjustu mælingar sýna að á Íslandi ríkir mestur tekjujöfnuður og minnst fátækt meðal Evrópuþjóða¹ en þrátt fyrir þær jákvæðu niðurstöður býr ákveðinn hópur fólks enn við efnislegan skort og fátækt. Eitt af meginsteffjum heimsmarkmiðanna er að

skilja engan eftir og því er mikilvægt að hafa það að leiðarljósi við innleiðingu fyrsta markmiðsins um að útrýma fátækt á Íslandi.

Útrýming fátæktar í öllum myndum

Það getur verið vandkvæðum bundið að skilgreina fátækt, sér í lagi er kemur að alþjóðasamanburði. Það er stefna stjórnvalda að styrkja sérstaklega stöðu fólks sem stendur höllum fæti og gera tillögur til úrbóta á kjörum tekjulægstu hópanna í samfélaginu. Velferðarvaktin lét vinna greiningu á sára fátækt árið 2016 sem leiddi í ljós að á bilinu 1,3 til þrjú prósent landsmanna búa við sára fátækt.² Velferðarvaktin lagði til grundvallar verkefninu skilgreiningu á sára fátækt sem samsvarar þeim hópi sem Hagstofan mælir að búi við verulegan skort á efnislegum gæðum. Mælingin „skortur á efnislegum gæðum“ var þróuð af evrópsku hagstofunni Eurostat með það fyrir augum að bregðast við vissum annmörkum tekjumælinga á fátækt.

Á Íslandi eru ekki til opinber viðmið um fátækt en helst hefur verið notast við skilgreiningu á lágtekjumörkum sem miða við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 8,8% íbúa undir lágtekjumörkum árið 2016, þar á meðal 11% barna og 24,9% einstæðra foreldra. Til samanburðar má nefna að árið 2011 mældust 9,2% landsmanna undir lágtekjumörkum.³

¹ Forsætisráðuneytið, 3. maí 2016, Jöfnuður tekna aldrei meiri á Íslandi.

² Hagstofa Íslands, 13. september 2016, Sára fátækt.

³ Hagstofa Íslands, hagstofa.is





„Fátækt fólk þarf hjálp og hlýju og við getum öll hjálpað.“

Nemendur Ártúnsskóla, 10-12 ára

Félagslegt tryggingakerfi hefur verið við lýði á Íslandi frá því á fyrri hluta 20. aldar. Lögum samkvæmt eiga allir sem eru löglega búsettir á Íslandi rétt á grunnþjónustu sem felur í sér aðgengi að menntun, heilbrigðisþjónustu, öruggu húsnæði, félagslegu tryggingakerfi og félagsþjónustu. Sveitarfélög veita fjárhagsaðstoð til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga gilda reglur viðkomandi sveitarfélags í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga en 4,4% heimila á Íslandi fengu slíka fjárhagsaðstoð árið 2016.⁴ Þeir sem búsettir eru hér á landi fá greiðslur almannatrygginga vegna barneigna, barna, örorku, endurhæfingar, atvinnuleysis, vinnuslysa, öldrunar og fleira. Hlutfall örorkulífeyrisþega var 8,4% af íbúum á aldrinum 18-66 ára árið 2018.⁵ Á Íslandi er skyldubundin aðild að lífeyrissjóðum fyrir fólk á vinnumarkaði sem fær greiddan lífeyri þegar starfsaldri lýkur.

Eitt markmiðið í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar 2020-2024 um stuðning við einstaklinga, fjölskyldur og börn lýtur að því að styrkja sérstaklega stöðu fólks sem stendur höllum fæti og gera tillögur til úrbóta á kjörum tekjulægstu hópanna í samfélaginu.⁶ Sérstaklega skal hugað að stöðu barna, með áherslu á þau sem glíma við fjölþættan vanda og búa við fátækt. Þá er mjög mikilvægt að líta í þessu sambandi sérstaklega til stöðu fatlaðs fólks. Stefnt er að því að einfalda almannatryggingakerfið, tryggja betur framfærslu tekjulægstu hópanna og auðvelda samfélagsþátttöku þeirra. Með einföldun bótakerfisins er stefnt að því að auka hvata til virkrar þátttöku á vinnumarkaði, enda er atvinnuþátttaka talin ein þýðingarmesta leiðin til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og fátækt. Unnið er að því að auka greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi í áföngum auk þess sem ríkisstjórnin samþykkti vorið 2019 að lengja fæðingarorlof í tólf mánuði. Gert er ráð fyrir því að lengingin komi til framkvæmda í tveimur áföngum á árunum 2020 og 2021. Brúa þarf bil milli fæðingarorlofs og leikskóla og lenging fæðingarorlofs er mikilvægur liður í því. Þá er lögleiðing jafnlaunavottunar og innleiðing jafnlaunakerfa til þess fallin að draga úr fátækt og stuðla að auknum jöfnuði í samfélaginu.

Á alþjóðlegum vettvangi

Meginmarkmið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands eru að styðja viðleitni alþjóðasamfélagsins til að útrýma fátækt og hungri og stuðla að sjálfbærri þróun. Unnið er að þeim markmiðum meðal annars með fjárframlögum til tvíhliða og

⁴ Velferðarráðuneyti og Hagstofa Íslands, 2017, Félagsvísar, 6. útgáfa.

⁵ Hagstofa Íslands, 2018, px.hagstofa.is.

⁶ Alþingi, 149. löggjafarþing 2018-2019, Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024, frá fjármála- og efnahagsráðherra, þingskjal 1181 – 750. mál.

Enginn
skilinn
eftir

Enginn
skilinn
eftir





marghliða þróunarsamvinnu, með sérstakri áherslu á samvinnu við fátæk og óstöðug ríki og að bæta stöðu þeirra sem búa við lökust lífsskjör. Tvíhliða samstarfslönd Íslands eru Malaví og Úganda og njóta þau mests stuðnings frá Íslandi auk Mósambík, Palestínu og Afganistan, sem einnig fá umtalsverðan íslenskan stuðning í gegnum fjölþjóðastofnanir og borgarasamtök. Í öllum þeim ríkjum beinist þungi stuðningsins frá Íslandi að þeim hópum sem búa við sárafatækt og kerfisbundinn ójöfnuð, einkum í dreifbýli.

Í jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (OECD-DAC) á íslenska þróunarsamvinnu árið 2017 kom fram að rúm 40% af þróunaraðstoð Íslands árið 2015 fór til mjög fátækra ríkja sem er töluvert hærra hlutfall en meðaltal aðildarríkja DAC (28%).⁷ Samkvæmt tölum OECD-DAC fyrir 2017 námu opinber framlög Íslands til þróunarsamvinnu 0,29% af VÞT en framlög aðildarríkja þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) námu 0,31% af VÞT að meðaltali.⁸ Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og fjármálaáætlun 2020-2024 kemur fram að ríkisstjórnin stefni að því að auka framlög til þróunarsamvinnu og að þau verði 0,35% af VÞT árið 2022.

⁷ OECD, 2017, Development Co-operation Report 2017.

⁸ OECD, 9. apríl 2017, Development aid stable in 2017 with more sent to poorest countries.





Velferðarvaktin vaktar velferð þeirra sem minnst mega sín í íslensku samfélagi og veitir stjórnvöldum ráð um hvað betur megi fara.

Velferðarvaktin

Velferðarvaktin vaktar velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra, og aflar upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sárafatækt. Hún er ráðgefandi fyrir stjórnvöld og leggur fram tillögur til úrbóta.

Dæmi um verkefni Velferðarvaktarinnar sem miðar að því að koma til móts við heimili sem höllum fæti standa er hvatning til sveitarfélaga um að halda kostnaði heimila vegna skólasóknar grunnskólabarna í lágmarki. Kostnaðarþátttaka forráðamanna vegna kaupa á skólagögnum hefur verið mismunandi á milli sveitarfélaga og í sumum tilvikum svo há að Velferðarvaktin telur að hún samrýmist hvorki anda Barnasáttmálans né grunnskólalaga. Eftir að Velferðarvaktin lét vinna tvær kannanir, árin 2017 og 2018, um fyrirkomulag kostnaðarþátttöku í skólagögnum í öllum sveitarfélögum landsins, hafa sífellt fleiri sveitarfélög afnumið hana. Skólaárið 2018-2019 búa 99% grunnskólabarna á Íslandi í sveitarfélögum sem bjóða frí námsgögn.

Farsæl skólaganga er grundvöllur að góðum lífsgæðum. Könnun sem Velferðarvaktin stóð fyrir í upphafi árs 2019 sýndi að um 79% skólastjórna á álíta að leyfisóskum forráðamanna vegna fría á skólatíma hafi fjölgað á síðustu árum og 47% telja að fjarveran komi niður á námi barnanna. Rúm 74% skólastjórna telja að forráðamenn hafi of rúmar heimildir til að fá leyfi vegna fría á skólatíma og 79% eru hlynntir því að sett verði opinber viðmið svo sem að tilgreina fjölda daga sem börnum er heimilt að vera í leyfi frá skóla. Könnunin sýndi að um 2,2% barna glíma við skólaforðun sem rekja má meðal annars til andlegrar vanlíðan og erfiðra heimilisaðstæðna. Velferðarvaktin lagði fram tillögur um aðgerðir í kjölfar könnunarinnar.





Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætt næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði

Ef rétt er að farið geta landbúnaður og sjávarútvegur séð öllum fyrir nægum og næringarríkum mat auk þess að skapa atvinnu og tekjur. Raunveruleikinn er hins vegar annar. Jarðvegur, ferskvatn, höfin, skógar og líffræðilegur fjölbreytileiki eiga, meðal annars vegna loftslagsbreytinga, á hættu að skaðast meira en þegar er orðið, með fyrirsjáanlega slæmum afleiðingum fyrir líf fólks og umhverfið. Loftslags-

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Sjálfbær þróun í fiskveiðum og landbúnaði**
- **Lífræn og heilnæm framleiðsla**
- **Tryggja framfærslu allra landsmanna**

breytingar hafa ennfremur ýtt undir vandann þar sem þær auka líkurnar bæði á flóðum og langvarandi þurrkum. Í mörgum þróunarríkjum á fólki sem býr í dreifbýli erfitt með að ná endum saman sem veldur því að margir flytja í borgir þar sem þeirra bíður oft atvinnuleysi og fátækt. Alþjóðlegir matvæla- og landbúnaðarmarkaðir þurfa að breytast verulega svo tryggja megi öllum næringarríka fæðu. Í alþjóðlegri þróunarsamvinnu hafa íslensk stjórnvöld beitt

sér fyrir því að draga úr fátækt og hungri, bæði í samstarfsríkjum sem og í gegnum fjölþjóðastofnanir.

Útrýming hungurs og bætt aðgengi að fæðu

Á Íslandi er framboð næringarríkrar fæðu gott og enginn á að þurfa að búa við hungur. Hlutverk ríkis og sveitarfélaga er að sjá til þess að þeir sem ekki ná endum saman fái viðeigandi aðstoð. Mikilvægt er að ná til allra sem eru í slíkri stöðu í samræmi við markmið heimsmarkmiðanna um að skilja enga hópa eftir við innleiðingu þeirra.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að efna til samráðs við forsvarsmenn örorkulífeyrisþega um breytingar á bótakerfinu með það að markmiði að skapa sátt um að einfalda kerfið, tryggja framfærslu örorkulífeyrisþega og efla þá til samfélagsþátttöku. Styrkja þarf sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Gerð verður úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna í íslensku samfélagi, tillögur til úrbóta settar fram og þeim fylgt eftir.

Sérstaklega þarf að huga að stöðu barna sem búa við fátækt en þau eru einn af viðkvæmustu hópum samfélagsins. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á að huga sérstaklega að börnum sem búa við fátækt og samspili bótakerfa og skattkerfis í barnabótakerfinu. Velferðarvaktin lét gera rannsókn á lífskjörum og fátækt barna á Íslandi 2004-2016.¹ Helstu niðurstöður eru að brýnast er að bæta lífskjör einstæðra foreldra og barna þeirra, en nærri fjögur af hverjum tíu börnum sem

¹ Edda öndvegissetur, febrúar 2019, Lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016.





„Enginn á að þurfa að vera í vafa um það hvaðan eða hvenær næsta máltíð kemur.“

Auður Bjarnadóttir, 15 ára

mælast undir lágtekjumörkum eru börn einstæðra foreldra. Einnig þurfi að huga að börnum öryrkja. Af einstökum þáttum reyndist staða á húsnæðismarkaði hafa veruleg áhrif á líf skjör barna og þá sérstaklega barna einstæðra foreldra og öryrkja. Í rannsókninni var notaður umbreyttur jafngildiskvarði OECD (modified OECD equivalence scale) sem er kvarðinn sem Eurostat notar.

Líkt og að framan greinir teljast 1,3 til 3% íbúa landsins í þeim hópi sem býr við sárafátækt, samkvæmt skilgreiningu Velferðarvaktarinnar. Það er sá hópur sem er hvað viðkvæmastur og fylgjast þarf með að grunnþörfum hans sé mætt, meðal annars hvað varðar næga og næringarríka fæðu. Sjá verður til þess að hungur og vannæring verði aldrei að vandamáli hér á landi, sérstaklega meðal fátækra, aldraðra og öryrkja.

Sjálfbær matvælaframleiðsla

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að vera leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum. Lögð er áhersla á nýsköpun og vöruþróun til að stuðla að byggðafestu, auka verðmætasköpun og nýta tækifæri sem byggjast á áhuga á matarmenningu og matarferðapjónustu með sjálfbærni og gæði að leiðarljósi. Meginmarkmiðið er að landbúnaður á Íslandi sé sjálfbær og að vernd búfjárfestna sé tryggð. Þær stefnur sem styðja við sjálfbæra þróun og fela í sér aðgerðir sem stuðla að heilbrigði íbúa eru lífhagkerfisstefna stjórnvalda, matvælastefna og innkaupa-stefna opinberra aðila á matvælum.

Verkefnisstjórn á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hefur frá ágúst 2018 unnið að mótun matvælastefnu fyrir Ísland. Jafnframt verður sett á fót sérstök ráðherranefnd til að fjalla um stefnuna enda mun matvælaframleiðsla verða eitt af stóru viðfangsefnum stjórnvalda í framtíðinni og varðar mótun stefnunnar málefnasvið fjölmargra ráðuneyta. Við mótun stefnunnar verði lögð áhersla á tengsl matvæla og lýðheilsu og samspil matvælaframleiðslu og loftslagsbreytinga.²

Ríkisstjórnin beitir sér fyrir því að bæta hag sauðfjárbænda til skemmri og lengri tíma. Samhliða nýrri kynslóð landbúnaðarsamninga verða innleiddir sérstakir aðlögunarsamningar um nýja starfsemi til sveita. Með þeim verður rudd braut fyrir bændur til að byggja upp nýjar búgreinar eða hasla sér völl á öðrum sviðum. Slíkir aðlögunarsamningar til búháttabreytinga verða tímabundnir og háðir skilyrðum um byggðafestu, verðmætasköpun og búsetu viðkomandi jarðar og geta stuðlað að nýsköpun, náttúruvernd og nýjum áherslum í rannsóknum og menntun. Ríkisstjórnin mun jafnframt ráðast í aðgerðir til að þróa lífhagkerfið enn frekar, grænar lausnir

² Forsætisráðuneytið og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 5. apríl 2019, Ráðherranefnd um matvælastefnu fyrir Ísland.





og aðferðir til að draga úr umhverfisáhrifum matvælaframleiðslu með hvötum og stuðningi sem miði meðal annars að kolefnisjöfnun greinarinnar. Efla þarf lífrænan landbúnað í þessu skyni og draga fram sérstöðu íslensks hráefnis sem ræktað er við sjálfbær skilyrði.

Á alþjóðlegum vettvangi

Meginmarkmið Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu er að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli kynjajafnréttis, mannréttinda og sjálfbærrar þróunar. Sérstaklega skal hugað að réttindum barna og að þau fái tækifæri til að dafna og þroska hæfileika sína. Vannæring getur haft varanleg neikvæð áhrif á andlegan og líkamlegan þroska barna. Aðgangur að næringarríkri fæðu er lykilatriði en aðrir þættir eins og aðgengi að hreinu vatni og bættri salernisaðstöðu, bólusetningar og aðgangur að grunnheilbrigðisþjónustu hafa einnig mikil áhrif. Í Malaví, samstarfslandi Íslands, búa um 42% barna undir fimm ára aldri við varanlega vaxtarhömlun.³ Þar í landi hafa íslensk stjórnvöld veitt fé í verkefni eins og öflun hreins vatns, byggingu spítala og máltíðir fyrir skólabörn.

Ísland styður meðal annars Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Báðar stofnanir sinna mikilvægum næringarverkefnum í þróunarlöndum og á mannúðarsvæðum. Stuðningur Íslands er í formi rammasamninga og samninga um útsenda íslenska sérfræðinga auk þess sem Ísland svarar neyðarköllum eftir bestu getu með neyðarframlögum. Ísland lagði mikla áherslu á stuðning við WFP og UNICEF í Sýrlandi og Jemen árið 2018 og mun leitast við að beina mannúðarframlögum áfram á stríðs- og átakasvæði árið 2019. Þá ber að nefna að þróunarsamvinna og annað alþjóðasamstarf Íslands á sviði landgræðslu og sjálfbærra fiskveiða miðar að því að auka fæðuöryggi í heiminum.



³ UNICEF, UNICEF Data: Monitoring the Situation of Children and Women, data.unicef.org/country/mwi/.



Aðgangur að skólamáltíðum er afar mikilvægur fyrir nemendur í löndum þar sem fátækt er útbreidd og mörg heimili skortir næringaríkan mat.

Skólamáltíðir í Malaví

Íslensk stjórnvöld hófu tilraunaverkefni í Malaví með Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) um heimaræktaðar skólamáltíðir í þremur grunnskólum í samstarfs- héraði Íslands, Mangochi héraði, árið 2012. Verkefnið var liður í baráttunni gegn hungri og vannæringu en hafði líka mörg önnur markmið eins og að draga úr brottfalli nemenda og styðja við bændur í héraðinu með föstum viðskiptum. Verkefnið tókst afburða vel og leiddi til þess að WFP hóf að innleiða verkefnið um nánast allt land. Skólum sem buðu upp á heimaræktaðar máltíðir fjölgaði á næstu árum jafnt og þétt. Á síðasta ári voru skólarnir orðnir 783 í þrettán héruðum og nemendurnir tæplega ein milljón. Íslenska sendiráðið í Lilongwe tók verkefnið upp í samvinnu við WFP í tólf skólum Mangochi héraðs, skólunum sem fá sérstakan stuðning Íslands. Skólamáltíðir skipta miklu máli fyrir nemendur í landi eins og Malaví þar sem fátækt er útbreidd og matarskortur á mörgum heimilum. Vannæring barna veldur varanlegri og óafturkræfri vaxtarhömlun sem er útbreidd í Malaví. Ávinningurinn er ekki einungis barnanna því nærsamfélagið nýtur góðs af heimaræktuðu skólamáltíðunum, bændur – sem oft eru foreldrar – eru helstu viðskiptavinir skólanna og geta því gengið að öruggum markaði með vörur sínar og tryggt stöðugar tekjur. Öll framkvæmd við skólamáltíðirnar er í höndum fjölmargra sjálfbóðaliða sem tengjast skólunum. Í hverjum skóla er matarnefnd sem annast innkaup og eldamennsku og tryggir að nægjanlegt vatn og eldiviður séu til staðar. Nákvæmt bókhald er haldið og regluleg upplýsingagjöf er veitt til samfélagsins um fjármál, innkaup og fjölda barna sem setjast södd á skólabekk að morgni dags.





Stuðla að heilbrigðu lífi og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar

Almenn góð heilsa og vellíðan eru mikilvægir þættir í viðleitninni til að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar. Á undanförunum árum hafa stór skref verið stigin í því að bæta lífslíkur fólks, til dæmis með því að draga úr mæðra- og ungbarnadauða og koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma. Enn er þó verk að vinna til að tryggja heilsu og vellíðan stærri hóps mannkyns en nú nýtur þeirra gæða. Í nýjustu

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar**
- **Framboð og aðgengi að úrræðum og þjónustu eftir landssvæðum**
- **Langvinnir sjúkdómar sem tengja má við lífsstíl**
- **Framboð á nýjum lyfjum og ofnotkun sýklalyfja**
- **Útgjöld til heilbrigðismála**
- **Mönnun heilbrigðisþjónustu**

skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um stöðu heilbrigðismála segir að heilbrigðari lífshættir, hærri tekjur og betri menntun, ásamt betri heilbrigðisþjónustu hafi stuðlað að aukinni meðalævilengd á síðustu áratugum.¹ Lífslíkur Íslendinga eru með því hæsta sem gerist í heiminum og um þrír af hverjum fjórum fullorðinna (74%) á Íslandi töldu sig við góða eða mjög góða heilsu árið 2017.²

Mæðra- og ungbarnadauði og aðgangur að heilsugæsluþjónustu á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis

Mæðradauði er sjaldgæfur á Íslandi og tíðni hans með því lægsta sem þekkist á alþjóðavísu.³ Mæðraeftirlit og fæðingarþjónusta er eingöngu veitt af menntuðu heilbrigðisstarfsfólki og er allur kostnaður við eftirlit á meðgöngu og með móður og barni fyrst eftir fæðingu greiddur af hinu opinbera. Ungbarnadauði á Íslandi er með allra minnsta móti á heimsvísu og hefur dauðsföllum vegna slysa ungra barna fækkað á undanförunum árum með aukinni áherslu á slysavarnir barna.⁴ Öflug ung- og smábarnavernd fer fram á heilsugæslustöðvum og hefur það markmið að styðja við heilsu og þroska barna frá fæðingu til sex ára aldurs.

Almenningur hefur góðan aðgang að getnaðarvörnum og upplýsingum og fræðslu um kynheilbrigði hjá heilsugæslu og kvensjúkdómalæknum. Brýnt er þó að huga enn betur að forvörnum og ráðgjöf um getnaðarvarnir sem komið geta í veg fyrir óráðgerða þungun. Sérlega þarf að huga að yngri konum og konum sem standa

¹ OECD, 2017, Health at a Glance 2017: OECD Indicators, OECD Publishing, Paris.

² Embætti landlæknis, október 2018, Heilsa og líðan Íslendinga 2017, Framkvæmdaskýrsla.

³ WHO, 2015, Trends in Maternal Mortality: 1990 to 2015. Estimates by WHO, UNICEF, UNFPA, World Bank Group and the United Nations Population Division.

⁴ UNICEF, 2018, Every Child Alive: The urgent need to end newborn deaths. Sjá einnig í viðauka.

Enginn
skilinn
eftir



„Fíkniefni, lyfseðilsskyld lyf og áfengi. Fólki
áttar sig ekki á því hvað notkun á þessum
efnum er algeng hjá ungmennum. Ef
ungmenni langar í vímuefni, er svo auðvelt að
fá þau. Við verðum að stoppa þetta saman
með því að efla menntun og forvarnir.“

Helgi Rafn Bergþórsson, 15 ára



höllum fæti í samfélaginu. Fæðingartíðni meðal ungra mæðra hefur farið hratt
lækkandi á undanförunum áratugum og var árið 2017 5,9 á hverjar 1000 konur í
aldurshópnum 15-19 ára. Meðalaldur frumbyrja hefur farið hækkandi og er nú 27,8 ár.⁵

Útrýming farsóttar og fækkun ótímabærra dauðsfalla

Á Íslandi hefur almennt tekist að halda smitsjúkdómum í lágmarki en sóttvarna-
læknir vaktar stöðu smitsjúkdóma og bregst við með aðgerðum innan þeirra
marka sem lög heimila. Sóttvarnalæknir heldur utanum upplýsingar um
faraldsfræði smitsjúkdóma og sendir til Sóttvarnastofnunar Evrópu (ECDC) og til
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) á ópersónugreinanlegu formi.

Á Íslandi hefur faraldsfræði kynsjúkdóma löngum verið áþekkt faraldsfræði nálægra
landa en á síðustu árum hefur orðið vart aukningar á sárásótt, HIV og lekanda hér á
landi líkt og erlendis. Sérstaklega hefur verið lögð áhersla á þá hópa sem eru í meira
mæli útsettir fyrir smiti. Meðal aðgerða til að bregðast við þessari þróun er aukinn
aðgangur að smokkum, aukinn aðgangur sprautusjúklinga að hreinum nálum og
stofnun fagráðs um kynheilbrigði.

Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin (IHR) varð bindandi alþjóðasamningur árið 2007 og
tekur löggjöfin á Íslandi mið af henni. Gildissvið sóttvarnalaga var útvíkkað árið
2007 og nær nú yfir sjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill.
Sóttvarnalög veita mikilvægan ramma um skjótar og áhrifaríkar aðgerðir gegn margs
konar vöð hér á landi en lagaramminn hérlandis um eiturefni og mengun er jafnframt
ítarlegur og veitir góða vernd hvað varðar mengun og hættuleg efni. Framfylgd
laganna er á höndum ýmissa stofnana hins opinbera, svo sem Umhverfisstofnunar,
Neytendastofu, heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og Vinnueftirlits ríkisins.

Árið 2017 var fjöldi ótímabærra dauðsfalla á Íslandi um 422 á hverja 100 þúsund íbúa
landsins.⁶ Unnið er að fyrirbyggjandi þáttum með heilsuefningu og forvarnastarfi til
að koma í veg fyrir ótímabær dauðsföll. Unnið er heildstætt með helstu áhættu- og
áhrifaþætti heilbrigðis svo sem með áfengis-, tóbaks- og vímuefnum, ráðleggingum
um næringu, hreyfingu, geðrækt og tannvernd ásamt ofbeldis- og slysavörnum.
Skimun fyrir legháls- og brjóstakrabbameini á sér langa sögu á Íslandi og er stöðugt
unnið að því að auka þátttöku kvenna í skimunum. Þá er einnig áætlað að hefja
skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi. Skimunarráð skilað í mars 2019
álisti sínu til landlæknis um staðsetningu, stjórnun og framkvæmd skimana fyrir

⁵ Hagstofa Íslands, 25. maí 2018, Frjósemi aldrei verið minni en árið 2017.

⁶ Sjá viðauka.

Enginn
skilinn
eftir





krabbameinum á Íslandi og er næsta verkefni ráðsins að endurskoða fyrirkomulag einstakra skimana.

Fullnægjandi mönnun í heilbrigðiskerfinu hefur reynst áskorun sem gæti haft áhrif á þróun greiningar og meðferðar sjúkdóma takist ekki að tryggja fullnægjandi mönnun með nauðsynlegu starfsfólki. Árið 2016 var samþykkt stefna í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára þar sem áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir og snemmtæka íhlutun.⁷ Unnið er að framkvæmd stefnunnar og hefur verið settur verkefnisstjóri í sjálfsvígsvörnum í samræmi við aðgerðaáætlun til að draga úr sjálfsvígum á Íslandi.⁸

Stjórnvöld taka einnig þátt í tveggja ára tilraunaverkefni um stofnun og rekstur þverfaglegs móttöku- og stuðningsúrræðis fyrir ungt fólk á aldrinum 12–25 ára sem mun veita einstaklings- og áfallamiðaða þjónustu. Markmiðið er að bæta þjónustu við börn og ungmenni og tryggja að þau fái aðstoð sem fyrst. Þetta tilraunaverkefni er að undirlagi og í samvinnu við Bergið Headspace sem sækir fyrirmyndir til svipaðra úrræða í Ástralíu og Danmörku. Það verður jafnframt unnið í nánú samstarfi við skóla, heilsugæslu og aðra aðila í nærumhverfi barna.

Aðgangur að heilbrigðisþjónustu, nauðsynlegum lyfjum og bóludefni

Allir landsmenn hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu og er sjúkrahúslega sjúklingum að kostnaðarlausu. Á undanförunum árum hefur reglum um greiðsluþátttöku sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa verið breytt til að draga úr kostnaði þeirra sem þurfa mikið á lyfjum og þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda og þak sett á greiðsluþátttöku landsmanna hvað þetta varðar. Almenn komugjöld á heilsugæslu eru lág og engin hjá börnum, öryrkjum og öldruðum. Skólahjúkrunarfræðingar starfa í öllum grunnskólum landsins.

Bólusetningar barna eru að fullu greiddar af hinu opinbera og eru bóludefni jafnframt aðgengileg öllum landsmönnum á viðráðanlegu verði. Tannlækningar barna að 18 ára aldri eru gjaldfrjálsar. Fullorðnir þurfa að standa straum af kostnaði sínum vegna tannlækninga, en hið opinbera tekur að hluta til þátt í tannlæknaðkostnaði hjá öldruðum og öryrkjum. Aðgengi að sálfræðiþjónustu hefur verið aukið í heilsugæslu en sálfræðiþjónusta hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum er aðeins niðurgreidd fyrir börn. Launafólk hefur þó aðgang að styrkgreiðslum frá stéttarfélögum til að mæta sálfræðikostnaði og tannlæknaðkostnaði. Sérstaklega þarf að huga að þörfum fatlaðs fólks fyrir almenna heilbrigðisþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu.

Ein af mikilvægum áskorunum heilbrigðiskerfisins er að sjá landsmönnum fyrir nægu framboði nauðsynlegra lyfja, tryggja gæði þeirra og örugga notkun. Sýklalyfjaofnæmi sem stafar af ofnotkun sýklalyfja er ein stærsta heilbrigðisógn sem mannkynið stendur frammi fyrir.

⁷ Alþingi, 145. löggjafarþing 2015–2016, Stefna og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára, 338. mál, þingsályktunartillaga, þingsályktun 28/145.

⁸ Starfshópur um sjálfsvígsvörnir, apríl 2018, Aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi. Niðurstöður starfshóps.





Forvarnir og meðferð vegna vímuefnamisnotkunar og fækkun umferðarslysa

Á Íslandi er unnið heildstætt forvarnastarf með helstu áhættu- og áhrifaþætti heilbrigðis. Ísland fullgilti rammisamning Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um tóbaksvarnir árið 2005 og hefur sett stefnu í forvörnum gegn áfengis- og vímuefnanotkun sem nær til lok árs 2020. Einkasala áfengis er á hendi ríkisins en samkvæmt gildandi lögum um áfengi er bannað að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem eru yngri en 20 ára. Umtalsverður árangur hefur náðst í að draga úr notkun áfengis, ólöglegra vímuefna og tóbaks meðal ungmenna á Íslandi og er notkun þessara efna nú að meðaltali sú lægsta í Evrópu.⁹ Þá er áfengisneysla á Íslandi undir meðaltali OECD ríkja, eða 7,5 lítrar af hreinum vínanda á íbúa 15 ára og eldri árið 2015.¹⁰ Góður aðgangur er að meðferðarúrræðum vegna misnotkunar fullorðinna á vímuefnum en þörf er á að styrkja úrræði fyrir fólk og ungmenni með fjölþættan vanda, það er geð- og vímuefna eða þroska- og vímuefna.

Banaslys í umferðinni hafa verið fá síðastliðinn áratug, eða að meðaltali um 15 á ári.¹¹ Því vegur hvert slys hlutfallslega mikið sem útskýrir miklar sveiflur á milli ára. Til að bregðast við því er fremur litið til meðaltals yfir hvert fimm ára tímabil í stað stakra ára. Þá ber að nefna að vegna mikillar fjölgunar ferðamanna hefur árleg keyrsla í kílómetrum talið á íslenskum vegum aukist um 40% síðastliðin fimm ár. Það hefur haft áhrif á tíðni umferðarslysa.

Á hverju ári er unnið ötullega að umferðaröryggi á Íslandi með innleiðingu umferðaröryggisáætlunar en samkvæmt þeirri áætlun er fjármunum veitt í mikilvægar vegaframkvæmdir er lúta að umferðaröryggi, sérstöku hraða- og ölvunareftirliti lögreglu ásamt sérsniðinni fræðslu, kynningum og herferðum Samgöngustofu.

Á alþjóðlegum vettvangi

Í þróunarsamvinnu Íslands er lögð áhersla á að bæta lífsskilyrði og auka tækifæri fólks með sterkari félagslegum innviðum, þar á meðal með bættu aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu. Unnið er að því markmiði með tvíhliða þróunarsamvinnu, framlögum til félagasamtaka og veitingu framlaga til fjölþjóðastofnana.

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á lýðheilsu í Malaví til að draga úr mæðradauða og fjármögnuðu meðal annars byggingu biðskýla fyrir verðandi mæður í dreifbýli í Mangochi-héraði, auk þess sem byggð hefur verið ein héraðsfæðingardeild með biðskýli og ungbarnaeftirlits- og fjölskylduáætlunardeildir við héraðssjúkrahúsið. Til viðbótar hefur tilvísunarkerfið verið bætt með ellefu nýjum sjúkraflutningabílum, þannig ef upp koma bráða- eða áhættufæðingar á fæðingardeildum úti í sveitunum er auðveldara að bregðast við í tæka tíð og koma konum til héraðssjúkrahússins. Nú hafa um 80% kvenna í héraðinu aðgang að fæðingarþjónustu með góðri aðstöðu fyrir mæður, nýbura og aðstandendur þeirra. Með samstilltu átaki hefur stjórnvöldum og samstarfsaðilum í Mangochi-héraði tekist að lækka tíðni mæðradauða um 37% síðastliðinn áratug.¹²

⁹ European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction, 2016, ESPAD Report 2015: Results from the European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs.

¹⁰ OECD, 2017, Health at a Glance 2017: OECD Indicators, OECD Publishing, Paris.

¹¹ Sjá viðauka.

¹² National Statistics office Malawi, Demographic and Health Survey 2010 and 2015/16.





Í Malaví hefur stjórnvöldum og samstarfsaðilum jafnframt tekist að lækka tíðni barnadauða um 49% frá 2010 til 2015.¹³ Íslensk stjórnvöld fjármagna margvíslegar aðgerðir heilbrigðisyfirvalda gegn ungbarna- og nýburadauða í Mangochi-héraði, þar á meðal styrkingu heilbrigðisþjónustu í mesta strjálbýlinu, sem veitt er af hartnær 600 heilsuliðum sem hafa fengið þjálfun á undanförunum árum.

Samkvæmt skýrslu UNICEF frá 2018 kemur fram að þrátt fyrir að Malaví sé eitt af fátækustu löndum heims hefur landið sýnt fram á töluverðan árangur er varðar nýbura- og ungbarnadauða. Er þessu þakkað auknu aðgengi að gæða heilbrigðisþjónustu fyrir verðandi mæður. Árið 2000 fæddi meira en helmingur kvenna í Malaví börn sín án aðstoðar þjálfðra heilbrigðisstarfsmanna á borð við ljósmæður og lækna, en á árinu 2016 var hlutfall fæðingaraðstoðar komið upp í 90%. Þetta leiddi til þess að tíðni ungbarnadauða lækkaði úr 41 af hverjum 1000 fæðingum árið 2000 í 18 af hverjum 1000 fæðingum árið 2017.¹⁴ Árið 2018 lagði Ísland þar að auki til mannúðarfjármuni til UNICEF í Sýrlandi og til sýrlenskra flóttamanna í nágrannaríkjum og til UNFPA í Jemen áramótin 2018-2019 til að draga úr ungbarna- og mæðradauða í viðkomandi löndum þar sem neyðin er mikil.

Ísland styrkti UNFPA í Jemen um áramótin 2018-2019 sem meðal annars kostar keisaraskurði og aðra mikilvæga þjónustu sem dregur úr nýburadauða. Í febrúar 2018 undirritaði utanríkisráðherra samning við UNFPA um stuðning Íslands við verkefni stofnunarinnar í Sýrlandi en af árangri UNFPA í Sýrlandi má nefna að árið 2016 fengu tvær milljónir sýrlenskra kvenna aðgang að lífsbjargandi heilbrigðisþjónustu í Sýrlandi, Egyptalandi, Írak, Jórdaníu og Tyrklandi. Ísland styður einnig UNICEF á sviði heilbrigðismála í Palestínu og kostaði meðal annars úttekt árið 2018 á verkefni sem Ísland studdi á árunum 2011-2015 um heimavitjun til ungbarna og sýndu niðurstöður hennar jákvæð áhrif verkefnisins á að draga úr mæðra- og ungbarnadauða.

Í þróunarsamvinnu Íslands er einnig lögð rík áhersla á kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi. Árið 2017 þrefaldaði Ísland kjarnaframlag til Mannfjöldasjóðs SP (UNFPA) en hlutverk sjóðsins er að tryggja kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi í þróunarríkjum og styðja þau við stefnumótun og framkvæmd verkefna sem beinast að því að útrýma fátækt, að gera getnaðarvarnir aðgengilegar, fæðingar öruggar og draga úr HIV smiti. Mikilvægir þættir starfseminnar eru réttindi mæðra og barna til heilsuverndar, ungbarna-vernd, dreifing getnaðarvarna og kynlífs- og fjölskyldufræðsla. Nýtt verkefni er í undirbúningi með heilbrigðisyfirvöldum í Mangochi-héraði og UNFPA þar sem unnið verður með fjölskylduáætlanir til að draga úr fjölda ótímabærra barneigna unglingsstúlkna, veittar fistúlu aðgerðir og opnaðar miðstöðvar fyrir þolendur kynbundins ofbeldis.

Á alþjóðavettvangi er enn fremur lögð rík áhersla á mikilvægi forvarna, lækningar og meðferðar við taugasjúkdómum, sérstaklega mænuskaða. Sérstaklega hefur verið unnið að því að auka samstarf Norðurlandanna á þessu sviði í því augnamiði að auðvelda rannsóknir á sviðinu. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa íslensk stjórnvöld vakið sérstaka athygli á málaflokknum í tengslum við umferðaröryggi og ósmittbæra sjúkdóma.

¹³ National Statistics Office Malawi, Demographic and Health Survey 2010 and 2015/16.

¹⁴ UNICEF Publications, febrúar 2018, Every Child Alive: The urgent need to end newborn deaths.





HEIMSMARKMIÐ 3.4



Frá undirritun Árborgar í maí 2019. Sveitarfélögin eiga sjálf frumkvæði af því að gerast heilsueflandi samfélag. Í apríl 2019 bjuggu 84% landsmanna í heilsueflandi samfélagi.

Heilsueflandi samfélag og heimsmarkmiðin

Heilsueflandi samfélag (HSAM) er heilðrænt, þverfaglegt starf sem Embætti landlæknis stýrir í samstarfi og samráði við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila. Meginmarkmið HSAM er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Er það samhljóma heimsmarkmiði 3, heilsa og vellíðan, og fellur vel að lykílaherslu heimsmarkmiðanna um að enginn sé skilinn eftir við innleiðingu þeirra.

Í Heilsueflandi samfélagi er heilsa og líðan allra íbúa höfð í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Sveitarfélög hafa sjálf frumkvæði að því að gerast Heilsueflandi samfélag. Bæjar- eða sveitarstjóri skrifar undir samstarfssamning um að vinna markvisst að vellíðan allra íbúa og umgjörð starfsins er fest í sessi með stýrihópi og tengiliði.

Markvisst lýðheilsustarf felur í sér notkun lýðheilsuvísa, gátlista og annarra gagna til að meta stöðuna og forgangsraða í samræmi við þarfir hvers samfélags. Unnið er með áhrifapætti heilbrigðis og vellíðanar, svo sem félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi til að stuðla að vellíðan allra. Árangursrík innleiðing HSAM ætti að styrkja allar þrjár grunnstoðir sjálfbærni.

Verkefnastjórn heimsmarkmiðanna og Embætti landlæknis hafa síðan í byrjun árs 2018 átt samstarf um meðal annars að auka vitund um heimsmarkmiðin og innleiða þau í starf HSAM. Samstarf hagsmunaaðila sem starfa á landsvísi hefur einnig verið eftt með stofnun stýrihóps HSAM og samráðsvettvangs um HSAM og heimsmarkmiðin. Samstarfið felur meðal annars í sér tækifæri til samræmingar á milli málefna sviða og gagnaöflun sem nýtist í stefnumótun og ákvarðanatöku ríkis og sveitarfélaga. Í apríl 2019 bjuggu 86% landsmanna í Heilsueflandi samfélagi.



Allir hafi jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi

Á kvæði í íslenskum lögum falla vel að heimsmarkmiðunum, svo sem um rétt allra til menntunar, gildi menntunar fyrir einstaklinga og samfélag og tengsl almennrar menntunar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, menningar og sjálfbærni. Meginmarkmið stjórnvalda er að skapa umhverfi fyrir eflingu menntunar í landinu og veita öllum viðeigandi undirbúning og tækifæri til frekara náms eða

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Efla læsi og tryggja framtíð íslenskar tungu**
- **Fjölga kennurum**
- **Fjölga nemendum í verk- og tækninámi**
- **Vinna gegn brotthvarfi úr framhaldsskólum**
- **Menntun nemenda með annað móðurmál en íslensku**

starfa og virka þátttöku í samfélaginu. Kjarni íslenskrar menntastefnu á leik- og grunnskólastigi hverfist um grunnþættina: læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og sköpun.

Menntun fyrir alla

Mennta- og menningarmálaráðherra setti haustið 2018 af stað vinnu við mótun menntastefnu á Íslandi til 2030. Menntastefnan mun ávarpa og setja í forgang þær áskoranir sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í mennta- og velferðarmálum og hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til hliðsjónar. Stefnan nær til allra skólastiga og

til kennaramenntunar. Markmiðið er að fólk hafi aðgang að góðri menntun á öllum skólastigum sem mætir sem best þörfum einstaklinga, samfélags og atvinnulífs hverju sinni og Ísland búi að framúrskarandi menntakerfi þar sem kennarar gegna lykilhlutverki. Gert er ráð fyrir að stefnan liggi fyrir í heild sinni vorið 2020.

Menntun leggur grunn að virkri þátttöku í lýðræðissamfélagi og í stefnu stjórnvalda er lögð sérstök áhersla á þátttöku og virkni ungs fólks. Ísland fer með formennsku í norrænu samstarfi árið 2019 og er ungt fólk ein af megináherslum formennskuáætlunar Íslands. Í tengslum við hana verða ýmsir viðburðir þar sem leitað verður eftir sjónarmiðum ungmennta til ýmissa þátta sem tengjast heimsmarkmiðunum.

Jafnrétti til náms

Samkvæmt íslenskum lögum og aðalnámskrá er grunnskólum skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt. Skólaskylda er á aldrinum 6-16 ára og fræðsluskylda til 18 ára aldurs. Leikskólastigið er skilgreint sem fyrsta stig skólakerfisins og árið





„Gæða menntun fyrir alla er grundvallaratriði ef við viljum losna við ójöfnuð og óréttlæti í samfélaginu.“

Oskar Einar Bukowski, 15 ára

2017 voru rúmlega 19 þúsund börn í íslenskum leikskólum sem flestir eru reknir af sveitarfélögum. Árið 2017 sóttu 97% þriggja til fimm ára barna leikskóla, 95% tveggja ára barna og 47% eins árs barna.¹ Áskorun hefur reynst að veita börnum leikskólavist að loknu fæðingarorlofi foreldra, eða frá eins árs aldri barna.

Allir nemendur eiga rétt á námi við hæfi í grunnskólum, bæði bóklegu námi, verk- og listnámi og sveitarfélögum er skylt að sjá nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Miðað er við að allir nemendur ljúki á jafnréttisgrundvelli gæðamenntun á grunnskólastigi án aðgreiningar og endurgjalds. Nám á grunnskólastigi er ekki að öllu leyti endurgjaldslaust en heimildarákvæði er í lögum um gjaldtöku, svo sem vegna ritfanga, skólamáltíða og frístundastarfs. Mörg sveitarfélög hafa að undanfögnu horfið frá slíkri gjaldtöku eða dregið mjög úr henni, meðal annars til þess að stuðla að meira jafnræði með nemendum. Nemendur í grunnskólum á Íslandi voru 45.195 haustið 2017 og höfðu þá aldrei verið fleiri. Nær allir 15 ára unglingar á Íslandi (99,5%) sóttu almenna grunnskóla.²

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Skólunum er einnig ætlað að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Árið 2018 sóttu um 22 þúsund nemendur íslenska framhaldsskóla, skólasókn á framhaldsskólastigi er góð en um 95% 16 ára nemenda sóttu framhaldsskóla haustið 2017.³ Brotthvarf er þó töluvert úr framhaldsskólum og hlutfall þeirra sem sækja starfsnám á framhaldsskólastigi lágt í alþjóðlegum samanburði. Hlutfall nema í starfsnámi haustið 2017 var hærra meðal karla (39%) en kvenna (24%).⁴ Ef litið er á aldursbilið 18-24 ára eru aðeins fimm prósent íslenskra ungmenna hvorki í skóla né vinnu og er það lægsta hlutfall meðal ríkja OECD.⁵

Íslensk menntastefna felur í sér jafnrétti til náms og menntun án aðgreiningar í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Niðurstöður úttektar Evrópumíðstöðvar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi staðfesta að núverandi löggjöf og stefnumótun fræðslufirvalda styður markmið og áherslur skóla án aðgreiningar og samræmast alþjóðlegum sáttmálum og samningum sem Ísland hefur undirgengið.⁶

⁷ Fram kemur að hlutfallslega færri nemendur eru í sérskólum og sérúrræðum í skólum á Íslandi en víðast í Evrópu en formlegar greiningar á sérþörfum þeirra eru yfir meðallagi. Unnið er að því að hrinda úrbótatillögum úttektarinnar í framkvæmd

¹ Hagstofa Íslands, hagstofa.is.

² Hagstofa Íslands, hagstofa.is

³ Hagstofa Íslands, hagstofa.is.

⁴ Hagstofa Íslands, hagstofa.is

⁵ OECD, 2018, Education at a Glance 2018: OECD Indicators, OECD Publishing, Paris.

⁶ Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2017, Menntun fyrir alla á Íslandi: Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi, Lokaskýrsla.

⁷ European Agency for Special Needs and Inclusive Education, european-agency.org.

Enginn
skilinn
eftir

Enginn
skilinn
eftir





og verður staða þess verkefnis endurmetin í árslok 2019. Mikilvægt er að finna leiðir til að tryggja fötluðu fólki almennt og sérstaklega fólki með þroskahömlun tækifæri til menntunar til jafns við aðra á öllum aldurskeiðum.

Skólasókn dreifist yfir lengra tímabil á Íslandi en almennt tíðkast í Evrópu og hátt hlutfall ungs fólks á aldrinum 25-29 ára er í námi. Ungt fólk notfærir sér í auknum mæli tækifæri í atvinnulífinu og frestar skólagöngu en snýr aftur eftir að hafa náð sér

í starfsreynslu. Mikil sókn er í háskólanám á Íslandi og fjölgar háskólamenntuðum hratt. Í aldurshópnum 25-64 ára höfðu 21% Íslendinga lokið grunnnámi á háskólastigi árið 2017. Munur er þó á kynjunum því hlutfall háskólamenntaðra karla á aldrinum 25-34 ára á Íslandi hefur aukist um tíu prósentustig á tíu árum meðan hlutfall háskólamenntaðra kvenna hefur aukist um 20 prósentustig.⁸

Mikilvægi læsis

Læsi er lykill að öðru námi og er einn grunnþátta menntunar samkvæmt aðalnámskrá með áherslu á mikilvægi ritunar og lesturs. Niðurstöður PISA-könnunarinnar árið 2015 sýna að frammistaða íslenskra nemenda við lok grunnskóla er lakari en árið 2012.⁹ Megináskorunin er að snúa þeirri þróun við. Í Hvítbók um umbætur í menntun frá 2014 er eitt meginmarkmiðið að efla lestrarkunnáttu og lesskilning nemenda við lok grunnskóla svo að minnsta kosti 90% nemenda geti þá lesið sér til gagns.¹⁰ Nýlegar rannsóknir benda til þess að viðhorf til tungumálsins séu að breytast og að hæfni barna og ungmenna í íslensku, allt frá máltökualdri, fari versnandi.¹¹ Vilji stjórnvalda er að efla íslenska tungu og hlutverk hennar sem opinbers tungumáls. Þegar hafa verið stigin skref í þá veru með því að koma á sérstökum stuðningi við útgáfu bóka á íslensku og ráðgert er að fara í fjölþættar aðgerðir til þess að efla íslenskukennslu á öllum skólastigum.

Fjölgun kennara

Miðað við núverandi stöðu er fyrirsjáanlegur kennaraskortur á Íslandi á öllum skólastigum og við því hefur verið brugðist í víðtæku samstarfi ríkis, sveitar- og stéttarfélag. Íslensk stjórnvöld hafa brugðist við yfirvofandi kennaraskorti með því að kynna sértækar aðgerðir sem miða að því að fjölga nemendum í kennaranámi, stuðla að því að kennaranemar skili sér til starfa innan skólakerfisins og efla stuðning við nýliða í kennslu. Nýnemum í grunnnámi í leik- og grunnskólafræðum fækkaði um 40% á árunum 2008-2018 og nú er svo komið að aðeins um 28% stöðugilda í íslenskum leikskólum er mönnum leikskólakennurum. Leiðbeinendum í grunnskólum hefur einnig fjölgað verulega á allra síðustu árum. Aðgerðir stjórnvalda fela meðal annars í sér að nemendum á lokaári meistaranáms til kennsluréttinda á leik- og grunnskólastigi býðst frá og með haustinu 2019 launað starfsnám og námsstyrkur. Þá er unnið

⁸ Hagstofa Íslands, hagstofa.is

⁹ Menntamálastofnun, 6. desember 2016, Niðurstöður PISA 2015.

¹⁰ Mennta- og menningarmálaráðuneyti, júní 2014, Hvítbók um umbætur í menntun.

¹¹ Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson, 31. desember 2017, Hnignandi frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015, Netla – Vefðimarit um uppeldi og menntun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands.





að því að fjölga kennurum sem sérhæfðir eru í starfstengdri leiðsögn.¹² Þá er unnið að endurskoðun inntaks kennaramenntunar með þarfir kennaranema, skóla og samfélagsins alls í huga og að nýjum lögum um menntun og ráðningu kennara þar sem meðal annars er lögð áhersla á hæfni og sveigjanleika í starfi kennara á öllum skólastigum. Einnig er unnið að endurskoðun á stoðkerfi starfsþróunar kennara á öllum skólastigum.

Fjölgun í verk- og tæknigreinum

Staða og horfur starfsmenntunar á framhaldsskólastigi á Íslandi hefur lengi verið til umfjöllunar. Það er eitt af forgangsverkefnum stjórnvalda að stuðla að því að fleiri nemendur velji starfs- og tækninám. Tækifæri til umbóta tengjast meðal annars aukinni samvinnu innan framhaldsskóla, framboði á fjar- og dreifnámi og samstarfi við grunnskóla og foreldra. Einnig er með breytingu á reiknilíkani framhaldsskóla, sem tekur að fullu gildi árið 2019, stuðlað að forgangsroðun í þágu verknáms.

Unnið gegn brotthvarfi

Tæp tuttugu prósent íslenskra ungmenna hverfa frá skólagöngu án þess að ljúka framhaldsskólanámi. Það er tvöfalt hærra brotthvarf en að meðaltali í löndum Evrópu-sambandsins.¹³ Niðurstöður úttekta sýna að ástæður brotthvarfs geta, auk ónógs undirbúnings úr grunnskóla, verið lítil námsleg eða félagsleg skuldbinding, vantrú á eigin getu, andleg vanlíðan eða lítill stuðningur og hvatning foreldra og skortur á stuðningi innan framhaldsskóla. Unnið er að ýmsum aðgerðum til þess að fjölga þeim sem útskrifast úr framhaldsskólum, til dæmis með því að skima fyrir brotthvarfi og kortleggja ástæður þess og efla geðheilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum. Þá er einnig unnið að því að auðvelda fullorðnum einstaklingum að afla sér viðurkenndrar menntunar eða starfsréttinda, það er þeim sem ekki hafa lokið formlegu námi eftir grunnskóla. Lagasetning um fullorðinsfræðslu er í endurskoðun með það að markmiði að setja skýran ramma um starfsemi menntastofnana og samstarf við atvinnulífið.

Nemendur af erlendum uppruna

Nemendum af erlendum uppruna heldur áfram að fjölga í íslensku skólakerfi en þau eru nú um tíu prósent nemenda í grunnskólum.¹⁴ Vísbendingar eru um að slíkum nemendum vegni verr en þeim sem hafa íslensku að móðurmáli, ekki síst þegar kemur á framhaldsskólastig þar sem þeim er hættara við brotthvarfi. Í framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda 2016-2019 er lögð áhersla á jafna stöðu og tækifæri til menntunar og að þekking og reynsla innflytjenda sé metin.¹⁵ Unnið er markvisst gegn brotthvarfi innflytjenda úr framhaldsskólum með stuðningi á öllum skólastigum, meðal annars með aukinni áherslu á kennslu í móðurmáli og stuðla að virku tvítyngi. Mennta- og menningarmálaráðherra hefur stofnað starfshóp til að greina stöðu slíkra nemenda og móta stefnu fyrir árslok 2019.

¹² Mennta- og menningarmálaráðuneytið, mars 2019, Aðgerðir í menntamálum. Nýliðun kennara.

¹³ OECD, 2018, Education at a Glance 2018: OECD Indicators, OECD Publishing, Paris.

¹⁴ Hagstofa, hagstofa.is.

¹⁵ Alþingi, 145. löggjafarþing 2015-2016, Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019.





Á alþjóðlegum vettvangi

Þrátt fyrir verulegar úrbætur alþjóðlega í aðgengi barna að grunnskólamenntun vantar töluvert upp á að alþjóðlegum þróunarmarkmiðum sé náð og gæði menntunar er víða ábótavant. Menntun er því lykilþáttur í þróunarsamvinnu Íslands. Áhersla er lögð á menntun barna ásamt uppbyggingu fagþekkingar innan áherslusviða Íslands, en um þessar mundir rekur Ísland meðal annars menntaverkefni í Malaví, Úganda og í Palestínu.

Íslensk stjórnvöld styðja einnig við starfsemi Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi en fagfólk frá þróunarlöndum hefur þann möguleika að læra við skólana endurgjaldslaust. Skólarnir vinna að uppbyggingu fagþekkingar í þróunarlöndum í málefnum jarðhita, sjávarútvegs, landgræðslu og jafnréttis og stuðla þannig jafnframt að framgangi annarra markmiða. Ísland tekur ennfremur þátt í ýmiss konar alþjóðlegri samvinnu á sviði kennaramenntunar.





Markmið náms- og starfskynningarinnar #Mín framtíð er að kynna námsframboð á framhaldsskólastigi, einkum á sviði iðn-, starfs- og verkgreina.

#Mín framtíð

Um 12.000 gestir mættu á náms- og starfskynningu sem haldin var í samstarfi atvinnulífsins, stjórnvalda og skólasamfélagsins í mars 2019 með það að markmiði að kynna námsframboð á framhaldsskólastigi, einkum á sviði iðn-, starfs- og verkgreina. Yfirskrift viðburðarins var #Mín framtíð en hann sóttu meðal annars um 7.000 grunnskólanemar úr 91 skóla alls staðar af landinu. Kynningin var skipulögð af Skills Iceland sem eru frjáls félagasamtök sem hafa það að markmiði að auka sýnileika og bæta ímynd iðn- og starfsnáms.

Þetta var í þriðja sinn sem kynningin er haldin í tengslum við Íslandsmeistaramót iðn- og verkgreina þar sem að þessu sinni var keppt í 27 mismunandi greinum. Gestum á kynningunni hefur fjölgað ár frá ári. Þar gefst einstakt tækifæri fyrir ungt fólk og fjölskyldur til þess að upplifa og kynnast fjölbreyttu námsframboði og starfstækifærum. Hvatt er til þess að gestir komi og prófi sem flestar iðngreinar og spreyti sig til dæmis á því að teikna grafík í sýndarveruleika, smíða, stýra vélmenni, búa til rafhlöður eða krulla hár. Þessi kynning er mikilvæg því það að sjá, upplifa og taka þátt tendrar oft meiri áhuga og innsýn en að lesa bæklinga eða skoða heimasíður.

Fjölgun nemenda í iðn-, tækni- og verkgreinum er ein af þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir í menntamálum og er unnið að því með hliðsjón af heimsmarkmiði 4.4 um mikilvægi þess að fjölga fólki með starfsmennta- og tækniþekkingu og stuðla að hagnýtingu slíkrar kunnáttu.





Jafnrétti kynjanna verði tryggt og staða allra kvenna og stúlkna styrkt

Vægi jafnréttismála hefur aukist verulega á alþjóðavettvangi undanfarin ár og er litið til Íslands sem fyrirmyndar hvað varðar löggjöf og þróun málaflokksins á heimsvísu. Í nýjustu skýrslu Alþjóðaeftahagsráðsins (e. World Economic Forum), sem birt var í desember 2018, kemur fram að jafnrétti kynja er hvergi meira en á Íslandi miðað við aðferðafræði ráðsins. Ísland vermir fyrsta sæti listans, sem telur 144 lönd, tíunda árið í röð.

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Kynjaskipting starfa á vinnumarkaði og kynbundið námsval**
- **Misvægi kynja í efstu lögum atvinnulífsins**
- **Draga markvisst úr kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi**
- **Hækka hlutfall feðra sem tekur fæðingarorlof**

Jafnrétti kynjanna er mikilvægt mannréttindamál og jafnframt forsenda friðar, framfara og þróunar. Lagalegt jafnrétti íslenskra kvenna er meira en víða annars staðar í heiminum, bæði þegar litið er til sögulegra áfanga í jafnréttisbaráttunni og með hliðsjón af mælikvörðum Alþjóðaeftahagsráðsins. Fyrstu íslensku heildarlögin um jafnan rétt og stöðu kynjanna voru sett árið 1976. Var þá mótuð opinber stefna í jafnréttismálum og Jafnréttisráð sett á stofn til að framfylgja lögum. Nú að 40 árum liðnum er ljóst að kynferði virðist enn hefta frelsi einstaklinga og að gera þurfi

betur á mörgum sviðum. Kynbundið ofbeldi er viðvarandi vandamál og nauðsynlegt er fyrir stjórnvöld hverju sinni að leggja áherslu á verkefni sem hafa að markmiði að uppræta það. Kynbundið ofbeldi er lýðheilsuvandamál en afleiðingar þess fyrir hvert samfélag eru efnahagslegar, pólitískar, félags- og heilsufarslegar.

Stefna og löggjöf sem stuðlar að auknu kynjajafnrétti

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnréttislög) hafa það að markmiði að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Efnisleg ákvæði laganna lúta bæði að samfélaginu utan og innan vinnumarkaðar, til dæmis hvað varðar bann við mismunun, launajafnrétti, samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, kynferðislega áreitni, menntun og fleira. Jafnréttislög heimila til að mynda sértækar aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og kveða á um að tekið skuli tillit til meðgöngu og barnsburðar. Framangreindum lögum hefur verið breytt nokkrum sinnum á undanförunum árum til að stuðla að auknu kynjajafnrétti og draga úr mismunun. Þar má nefna jafnlaunavottun og bann við mismunun á grundvelli kyns í tengslum við vörukaup og þjónustu.





„Stelpur og strákar þurfa að fá jafn mikið.“

Karítas Lilja Hafdal Marinósdóttir, 6 ára

Gildandi framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019 tilgreinir brýnustu verkefni ríkisstjórnarinnar á sviði kynjajafnréttismála. Meðal verkefna er átak um samþættingu jafnréttissjónarmiða við ákvarðanatöku og stefnumótun stjórnvalda og kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Ísland hefur fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW) og valfrjálsa bókun hans. Í alþjóðlegum samanburði hefur íslenskur vinnumarkaður lengi haft þá sérstöðu að atvinnuþátttaka kvenna er mikil og mældist hún 78% árið 2018 en 85% meðal karlmanna. Síðastliðna áratugi hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist jafnt og þétt en um þriðjungur kvenna sinnir hlutastörfum á móti um 13% karla.¹

Umræða um þátttöku karla í jafnréttismálum hefur orðið meira áberandi og í nýgildandi framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum er sérstaklega fjallað um karla og jafnrétti. Þá hefur verið unnið að samþættingu jafnréttissjónarmiða í hinum ýmsu málaflokkum og kveðið er á um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð í lögum um opinber fjármál.

Forvarnir gegn ofbeldi gegn konum og stúlkum

Samningur Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi frá 2011 var fullgiltur af Íslands hálfu í apríl 2018. Samningurinn kveður á um réttindi brotabola og skyldur opinberra aðila til að vernda og aðstoða konur sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila, sinna forvörnum gegn ofbeldi og bjóða ofbeldismönnum úrræði og meðferð. Þá hefur dómismálaráðherra samþykkt aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins og ríkisstjórnin hefur veitt viðbótarfjármagni til innleiðingar aðgerða á grundvelli hennar, meðal annars til að fjölga stöðugildum hjá lögreglu og héraðssaksóknara, til að auka endurmenntun og til að bæta rannsóknarbúnað og verklagsreglur hjá lögreglu við meðferð kynferðisbrota. Hér þarf sérstaklega að líta til aðstæðna og þarfa hópa kvenna sem eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir ofbeldi af öllu tagi, s.s. fatlaðra kvenna og kvenna af erlendum uppruna.

Sameiginleg ábyrgð kynjanna á heimili og fjölskyldu

Meðal markmiða jafnréttislaga er að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og er hlutverk Jafnréttisráðs meðal annars að vera ráðherra og Jafnréttisstofu til ráðgjafar um aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Einnig er í lögnum lögð sú skylda á atvinnurekendur að þeir geri nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum

¹ Hagstofa Íslands, forsætisráðuneytið, Jafnréttisstofa, 2019, Konur og karlar á Íslandi 2019.

Enginn
skilinn
eftir



kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Í því augnamiði leggja lögin áherslu á að ráðstafanir atvinnurekenda auki sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Lög um fæðingar- og foreldraorlof hafa að markmiði að tryggja barni samvistir við bæði föður og móður og einnig að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Allt frá setningu laganna árið 2000 hafa foreldrar almennt nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs. Frá árinu 2008 hefur hlutfall fedra sem nýtir ekki rétt sinn til fæðingarorlofs farið hækkandi hvort sem er um að ræða fullan rétt eða hluta af sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs.^{2 3}

Rannsóknir hafa sýnt að hlutdeild íslenskra karla í heimilisstörfum hefur aukist og hefðbundin kynjaviðhorf virðast hafa hopað í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og þeirrar staðreyndar að fleiri karlar taka fæðingarorlof og sinna ungum börnum sínum í kjölfar laganna árið 2000 þótt hlutfallið hafi lækkað á milli ára síðustu ár.⁴

Full þátttaka kvenna á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála og á öðrum opinberum vettvangi

Í jafnréttislögum er kveðið á um að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% hlutur hvors kyns þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Jafnframt er kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er heimilt að víkja frá framangreindu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu og skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Í lögum um hlutafélög er jafnframt kveðið á um sams konar fyrirkomulag fyrir skipan í stjórnir félaga með 50 starfsmenn eða fleiri.

Einkennandi fyrir íslenskan vinnumarkað er mikil kynjaskipting starfa. Konur og karlar gegna ólíkum störfum og er kynbundið námsval og kynjaskipting milli starfsgreina enn áberandi. Þá eru karlar mun oftar ofar í valdastigum atvinnulífsins en konur, og karlar virðast enn búa við betri starfsþróunarmöguleika en konur.⁵ Afleiðingarnar eru meðal annars vanmat á störfum kvenna en rekja má launamun og mun á lífeyrisréttindum kynjanna að miklu leyti til kynjaskiptingar á vinnumarkaði.

Hlutfall kvenna á Alþingi hefur smám saman farið hækkandi síðastliðna áratugi þó að það sé sveiflukennt og var 38,1% árið 2018 en 47,6% árið 2016. Hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum árið 2018 varð 47,2% og hefur aldrei verið hærra.

Í byrjun árs 2019 voru konur 36% í stöðu framkvæmdastjóra sveitarfélaga og tæp 42% forstöðumanna ríkisstofnana.⁶

² Hagstofa Íslands, Viðtakendur og greiðslur vegna fæðingarorlofs 2001-2016, px.hagstofa.is.

³ BSRB, 5. apríl 2017, Enn færri fedur nýta rétt sinn til fæðingarorlofs.

⁴ Velferðarráðuneytið, maí 2015, Staða kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði: Staðreyndir og staða þekkingar.

⁵ Velferðarráðuneytið, mars 2018, Skýrsla félags- og jafnréttismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2015-17.

⁶ Hagstofa Íslands, hagstofa.is.





Jafnframt hefur menntun kvenna stórlega aukist og meira ber á konum í stjórnun atvinnulífsins en áður. Þá sýna rannsóknir að setning laga um fæðingar- og foreldraorlof hefur bætt stöðu kvenna á vinnumarkaði. Hjá öðrum norrænum ríkjum hafa orðið sambærilegar breytingar í jafnréttismálum síðastliðna áratugi en mikið samráð er milli þeirra á þessu sviði.

Forsætisráðuneytið og Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) gerðu árið 2019 með sér samning um stuðning stjórnvalda við verkefnið Jafnvægisvögina. Tilgangur verkefnisins er að stuðla að jafnari hlut kvenna og karla í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði hlutfallið á milli kynja 40/60 í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja. FKA mun safna og samræma tölulegar upplýsingar um hlut kvenna og karla í stjórnnum og framkvæmdastjórnnum fyrirtækja í eigu einkaaðila og hins opinbera. Þá verður mælaborð Jafnvægisvogarinnar uppfært reglulega, fræðsla veitt um mikilvægi fjölbreytileika í stjórnnum og stjórnendateymum og kynningar haldnar á mælaborðinu og markmiðum verkefnisins fyrir fyrirtæki, stjórnvöld og almenning.⁷

Á alþjóðlegum vettvangi

Í íslenskri utanríkisstefnu er lögð mikil áhersla á kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna sem endurspeglast bæði í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og í málsvarastarfi á alþjóðavettvangi. Kynjajafnrétti er jafnan forgangsmál þegar Ísland gegnir formennsku í svæðisbundnu samstarfi, en á árinu 2019 hefur Ísland meðal annars tekið við formennsku í Norðurskautsráðinu, Norrænu ráðherranefndinni og kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna hjá Alþjóðabankanum. Jafnréttismál eru helsta áhersla Íslands í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóða sem endurspeglast mjög vel í málflutningi okkar og málsvarastarfi. Virðing fyrir mannréttindum kvenna og bann við mismunun á grundvelli kynferðis er grunnstefið í málflutningi stjórnvalda, meðal annars hvað varðar kyn- og frjósamisréttindi, rétt kvenna til þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, þar með talið í friðar- og öryggismálum, og mikilvægi þess að karlar beiti sér fyrir jafnrétti kynjanna, enda sé það lykillinn að sjálfbærri þróun og velsæld allra.

Íslensk stjórnvöld hafa um árabil lagt áherslu á að verkefni og framlög, bæði í tvíhliða eða fjölþjóðlegri samvinnu, styðji við jafnrétti kynjanna og bæti stöðu stúlkna og kvenna. Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna og stúlkna er sett í öndvegi í nýrri þróunarsamvinnustefnu Íslands fyrir tímabilið 2019-2023 og er sett fram sem sérstakt markmið auk þess sem lögð verður frekari áhersla á samþættingu kynjasjónarmiða í verkefni og framlög til þróunarsamvinnu.

Íslensk stjórnvöld hafa um árabil lagt áherslu á að verkefni og framlög, bæði í tvíhliða eða fjölþjóðlegri samvinnu, styðji við jafnrétti kynjanna og bæti stöðu stúlkna og kvenna. Í tvíhliða þróunarsamvinnu í samstarfslöndum Íslands, Malaví og Úganda, og í áherslulöndunum, Mósambík, Palestínu og Afganistan, hafa kynjasjónarmið verið samþætt í verkefni á sviði mæðra- og ungbarneheilsu, menntamála, vatns- og hrein-

⁷ Forsætisráðuneytið, 29. mars 2019, Forsætisráðherra undirritar samning við Félag kvenna í atvinnulífinu um Jafnvægisvögina.

Enginn
skilinn
eftir





lætismála og friðar- og öryggismála. Auk þess styðja íslensk stjórnvöld við bakið á UN Women, einni af áherslustofnunum Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu, sem sinnir samræmingarhlutverki jafnréttismála meðal stofnana Sameinuðu þjóðanna og vinnur að aukinni þátttöku kvenna á öllum sviðum stjórns- og efnahagsmála. Stuðningur Íslands við Mannfjöldasjóð SP (UNFPA) styður jafnframt við valdeflingu kvenna

og stúlkna en sjóðurinn vinnur út frá mannréttindamiðaðri þróunarsamvinnu með áherslu á kynjajafnrétti til að tryggja kyn- og frjósemissheilbrigði og -réttindi.

Íslensk stjórnvöld styðja jafnframt við Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem með þverfaglegum rannsóknum, kennslu og miðlun skal stuðla að kynjajafnrétti og félagslegu réttlæti í þróunarlöndum og á áttaksvæðum.

Frá árinu 2011 hefur Ísland notað aðferðafræði þróunarsamvinnunefndar OECD (OECD-DAC), svokallaða kynjajafnréttisstiku (e. Gender Equality Policy Marker), sem greinir framlög og verkefni með tilliti til þess hversu mikið þau stuðla að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna. Í dag er Ísland þriðja efsta ríki á lista DAC yfir hlutfall þróunarfjármagns sem rennur til jafnréttismála.⁸ Tölur frá árunum 2016 til 2018 sýna að 80% íslenskra framlaga fór til verkefna sem stuðla að kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna.^{9 10}

⁸ OECD, mars 2019, Aid in Support of Gender Equality and Women's Empowerment. Donor Charts.

⁹ OECD, mars 2019, Aid in Support of Gender Equality and Women's Empowerment. Donor Charts.

¹⁰ OECD, júlí 2018, Aid to Gender Equality and Women's Empowerment. An Overview.





Mynd frá kvennaverkfallinu 24. október 2018. Konur um allt land lögðu niður störf til að mótmæla launamuni kynjanna og öðrum málum sem koma niður á konum hér á landi.

Stýrihópur um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi

Í upphafi árs 2018 skipaði forsætisráðherra stýrihópur um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi. Hópurinn hefur það meginhlutverk að beita sér fyrir framsæknum og samhæfðum aðgerðum stjórnvalda gegn kynferðislegu ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og að Ísland sé í fremstu röð í baráttunni gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi.

Meðal verkefna stýrihópsins er að gera tillögur um útfærslu á aðgerðum sem kveðið er á um í nýrri aðgerðaáætlun um úrbætur í meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins og taka afstöðu til frekari úrbóta. Stýrihópurinn skal fylgjast með framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar og beita sér fyrir fullnægjandi fjármögnun hennar. Stýrihópurinn beitti sér fyrir innleiðingu Ístanbúl-samningsins, samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Ísland fullgilti samninginn 26. apríl 2018.

Hópurinn hefur kynnt tillögur um samræmd viðbrögð við #metoo-bylingunni innan Stjórnarráðsins og stofnunarinnar sem vinnuveitanda og mun einnig kynna tillögur er lúta að samfélaginu í heild. Auk þess er stýrihópurinn að móta stefnu um aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi.

Stýrihópurinn skal vera forsætisráðherra og ráðherranefnd um jafnréttismál til ráðgjafar í stefnumótun er lýtur að kynferðislegu ofbeldi, kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri áreitni í íslensku samfélagi. Stýrihópurinn skal líta sérstaklega til þeirrar margþættu mismununar sem konur af erlendum uppruna, konur sem ekki búa við efnahagslegt öryggi, fatlaðar konur og hinsegin konur verða fyrir.

Stýrihópurinn hefur sett sér verkáætlun til þriggja ára og áætlað að ljúka störfum eigi síðar en vorið 2021.





Tryggja öllum aðgengi að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu

Hreint og aðgengilegt vatn er ómissandi hluti af lífi jarðarbúa. Hreint vatn er nauðsynlegt til daglegra þarfa og einnig er úrkoma og aðgangur að vatni grundvöllur þess að landbúnaður og iðnaður geti þrífist. Vatnsöflun er víða áskorun, sérstaklega á þeim svæðum þar sem úrkoma er stopul og innviðir eru lélegir. Fyrirsjáanlegt er að vatnspörf mun aukast á næstu áratugum vegna fjölgunar

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Hækka hlutfall skólps sem er hreinsað**
- **Ljúka innleiðingu vatnatilskipunar ESB**

mannkyns, aukinnar neyslu og breytinga í neysluvenjum. Á sama tíma munu loftslagsbreytingar leiða til breytinga á úrkomumynstri, sem getur haft mikil áhrif á vatnsauðlindir einstakra ríkja.

Á Íslandi er gnægð af fersku neysluvatni en landsmenn eru meðal auðugustu jarðarbúa af vatni.¹ Almenn er ástand neysluvatns gott, reglubundið eftirlit er haft með vatnsgæðum og strangar reglur gilda um vatnsból og nágrenni þeirra. Þörf er á að bæta fráveitur víða um land en flest þéttbýli landsins eru við sjávarsíðuna og er skólpi þar því veitt til sjávar.

Aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu

Hægt er að fullyrða að allir á Íslandi hafi aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Heildarnýting á köldu vatni er um 280 milljón rúmmetrar á ári, sem samsvarar um 0,9% rúmmáls þess grunnvatns sem rennur til sjávar.²

Þótt Íslendingar búi við ofgnótt vatns er mikilvægt að tryggja aðgengi að hreinu vatni með því að vernda það og vinna að sjálfbærri nýtingu þess. Lögum um stjórn vatnamála er ætlað að stuðla að þessum markmiðum og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Unnið er að gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar sem eru samþættar fyrir landið allt. Gert er ráð fyrir að þessar áætlanir komi til framkvæmda á árinu 2022. Þær taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og tengdra vistkerfa. Í reglugerðum um varnir gegn mengun vatns og um neysluvatn eru gerðar kröfur til neysluvatns svo og kröfur um vatnsvernd, starfsleyfi, eftirlit og rannsóknir. Reglugerðirnar eru settar annars vegar með það að markmiði að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint og hins vegar í því skyni að vernda vatnsból.

Samkvæmt lögum um vatnsveitur sveitarfélaga er sveitarfélögum skylt að starfrækja vatnsveitu í þéttbýli í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf almennings, heimila og

¹ Globalstat, globalstat.eu.

² Hagstofa Íslands, hagstofa.is.





„Einfaldi vatnspósturinn í þorpinu sýndi mér hvernig lítið verkefni getur breytt miklu varðandi málefni eins og menntun, jafnrétti og heilsu á fátækum svæðum. Það þarf ekki alþjóðleg stórveldi til að gera það.“

Elíza Gígja Ómarsdóttir, 15 ára

atvinnufyrirtækja. Í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga eru settar reglur um réttindi, skyldur og ábyrgð notenda annars vegar og þjónustu vatnsveitu við íbúa og atvinnulíf hins vegar. Í byggingarreglugerð og reglugerð um hollustuhætti eru ákvæði sem tryggja eiga viðunandi hreinlætisaðstöðu, salerni, handlaugar og baðaðstöðu.

Vatnsgæði og skólphreinsun

Stærri vatnsveitur á Íslandi eru flestar í eigu sveitarfélaga en minni vatnsveitur í einkaeigu. Stærri vatnsveitur, fyrir fleiri en 500 íbúa, þjóna um 94% þjóðarinnar en sex prósent fá vatn frá minni vatnsveitum eða einstökum vatnsbólum. Örveruástand er í flestum tilvikum mjög gott hjá stærri vatnsveitum og sjaldgæft að óæskileg efni séu yfir leyfðu hámarksgildi. Örveruástand hefur reynst lakara hjá minni veitum, einkum þar sem erfitt er að nálgast grunnvatn. Um 74% íbúa landsins bjuggu við skólphreinsun árið 2014 en þar munar mest um skólphreinsun á höfuðborgarsvæðinu.³ Mengun vegna skólps ógnar almennt ekki vatnsvernd þar sem fráveitur frá þéttbýli leiða flestar út í sjó en aukin skólphreinsun bætir ástand í fjörum og strandsjó. Uppbygging fráveitna er á ábyrgð sveitarfélaga.

Vatnsauðlindin og vistkerfi

Ekki er útlit fyrir vatnsskort á Íslandi. Ávinningur af betri nýtingu vatns er ef til vill einkum sá að halda stærð veitukerfa og fráveitubúnaðar innan hóflegra marka. Samtals er talið að um 42.000 hektarar votlendis hafi verið ræstir fram á Íslandi, en það samsvarar um 46% alls votlendis og um 90% votlendis á láglendi.⁴ Í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030 eru áform um átak í endurheimt votlendis. Ávinningur af endurheimt eru meðal annars minni losun gróðurhúsalofttegunda, bætt vatnsmiðlun og fjölbreyttara fuglalíf.

Á alþjóðlegum vettvangi

Til margra ára hefur Ísland unnið að því að bæta aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu í þróunarlöndum. Í fjögurra ára verkefni sem hófst í Malaví árið 2017 verður til að mynda nær 1000 vatnspóstum komið á laggirnar sem áætlað er að bæti aðgengi nær 200 þúsund einstaklinga að hreinu vatni. Samhliða þessu er unnið með samfélögum í Mangochi héraði í Malaví að uppbyggingu hreinlætisaðstöðu. Í samstarfsskólum í Mangochi er einn verkefnaþátturinn að útbúa salernisaðstöðu fyrir nemendur og kennara.

³ Umhverfisstofnun, september 2017, Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi 2014.

⁴ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, september 2018, Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030, 1. útgáfa.





Í Mósambík er unnið í samstarfi við UNICEF að því að bæta vatns- og hreinlætisaðstæður í Sambesíu-fylki, sem er eitt af fjölmennustu og fátækustu fylkjum landsins. Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi að heilnæmu drykkjarvatni og viðunandi hreinlætisaðstöðu hjá markhópum í dreifbýli, smábæjum og þéttbýliskjörnum ásamt bættum hreinlætisvenjum fólks. Stefnt er að því að 150 þúsund manns fái viðunandi hreinlætisaðstöðu, 25 þúsund manns fái aðgengi að nýjum vatnsveitum og að nær sex þúsund nemendur í 15 skólum fái bættu vatns- og hreinlætisaðstöðu.

Í Úganda hefur fræðsla um mikilvægi vatns, hreinlætis í skólum og orkusparandi eldunar í skólaeldhúsum farið fram í gegnum fjölbreytt menntaverkefni. Í Buikwe-héraði eru nú í byggingu vatnsveitur, fjármagnaðar af íslenskri þróunaraðstoð, sem munu veita íbúum í 39 fiskiþorpum héraðsins aðgang að hreinu vatni á viðráðanlegu verði. Um 18 til 20 þúsund nemendur í grunnskólum og 50 til 60 þúsund manns munu njóta góðs af þessum aðgerðum.

Ísland á einnig í samstarfi við UNICEF í Síerra Leóne og Líberíu sem snýr að því að bæta aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu í sjávarþorpum landsins. Í samstarfi Íslands og UNICEF í Síerra Leóne er unnið að vatnsveitu sem þjónustar 40 þúsund íbúa ásamt bættu aðgengi að hreinlætisaðstöðu og í Líberíu er unnið að því að tryggja 20 þúsund íbúum aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Samhliða uppbyggingunni er fólkið í sjávarþorpunum markvisst upplýst um mikilvægi hreins vatns og hreinlætis. Ísland veitir mannúðaraðstoð til Jemen í gegnum UNICEF um bætt aðgengi að drykkjarhæfu vatni. Sömuleiðis er í Úganda nýhafið í samstarfi við UNICEF vatnsverkefni um uppbyggingarstarf sem beinist að flóttamönnum í Úganda frá Suður-Súdan og gistisamfélögum þeirra.





Vatns-, salernis-, og hreinlætisverkefninu í Mósambík er ætlað að veita yfir 200 þúsund íbúum í sex héruðum aðgang að nýjum vatnsveitum og viðunandi salernisaðstöðu.

WASH verkefni í Mósambík

Íslensk stjórnvöld hafa á síðustu árum unnið með Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) að umfangsmiklu vatns-, salernis- og hreinlætisverkefni í Sambesíufylki í Mósambík, einu fátækasta fylki landsins. Verkefninu er ætlað að ná til yfir 200 þúsund íbúa í sex héruðum með nýjum vatnsveitum og viðunandi salernisaðstöðu auk þess sem sérstakt átak er gert í fjölmörgum skólum sem nær til vatns- og salernisaðstöðu tugþúsunda barna.

Markmið verkefnisins eru að bæta aðgengi fólks í dreifbýli að hreinu vatni og viðunandi salernisaðstöðu í völdum héruðum fylkisins og þar með að stuðla að bættri heilsu, menntun og líf skjörum almennt.

Í lokaskýrslu eftir fyrri áfanga verkefnisins kom fram að reistar hefðu verið 285 vatnsveitur fyrir tæplega 30 þúsund grunnskólabörn í 84 skólum, auk þess sem 60 þúsund íbúar í þorpum í grennd við skólana fengu aðgang að hreinu neysluvatni. Ennfremur voru byggðir kamrar við 29 skóla með um 20 þúsund nemendur.

Í tengslum við verkefnið voru á vegum UNICEF haldin fjöldamörg námskeið til að auka vitund fólks á mikilvægi hreinlætis og námskeiðin sóttu á annað hundrað þúsund íbúar. Upphaflega áttu námskeiðin að ná til enn fleiri íbúa en á verkefnistímanum brutust út óeirðir á svæðinu annað veifið, milli Frelimo og Renamo, fylkinganna tveggja sem börðust í borgarastyrjöldinni í Mósambík á sínum tíma, 1977-1992.

Síðustu misserin hefur verið friðsælt í Sambesíu og verkefnin gengið vel. Ýmsir sérfræðingar í vatns- og salernismálum voru ráðnir til fylkisstjórnarinnar og þeirra héraða sem verkefnið nær til. Héraðsstjórnir fengu einnig aðstoð við framtíðarskipulagningu og stefnumótun og vatnsnefndir fengu tilhlýðilega þjálfun.





Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði

Margar stórar áskoranir, auk tækifæra, sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag tengjast orkumálum. Lífsgæði, byggðafesta, samfélagslegt jafnræði og framþróun atvinnulífsins eru órjúfanlega tengd aðgengi að orku. Þess vegna er framboð hreinnar og sjálfbærrar orku mikilvæg öllum þjóðum til framtíðar. Staða Íslands í orkumálum er einstök þar sem langstærsti hluti þeirrar orku sem notuð er í

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Tryggja orkuöryggi í landinu með því að tryggja jafnvægi framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði**
- **Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með orkuskiptum í lofti, láði og legi**
- **Jafna orkukostnað vegna dreifingar raforku og húshitunar á landsvísu**
- **Tryggja lágmarkskröfur um afhendingaröryggi raforku um land allt**

landinu er endurnýjanleg, umhverfisvæn orka. Eina starfsemin á Íslandi sem enn er knúin jarðefnaeldsneyti og á eftir að undirgangast orkuskipti eru samgöngur á hafi, í lofti og á landi. Forgangsmál íslenskra stjórnvalda er að tryggja orkuöryggi og afhendingaröryggi raforku á landsvísu og stuðla að jöfnun orkukostnaðar milli landssvæða.

Hátt hlutfall endurnýjanlegrar orku

Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa á Íslandi var næstum 73% árið 2016¹ og nánast öll raforka (99,9%) er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, það er vatnsafl, jarðhita og vindorku.² Jarðhiti og raforka eru nýtt til húshitunar í nær öllum byggingum á Íslandi (99%). Að þessu leyti sker Ísland sig úr á alþjóðavettvangi. Stjórnvöld hafa stutt við hita-

veituvæðingu undanfarna áratugi með stofnstyrkjum til nýrra hitaveitna og styrkjum til jarðhitaleitar, og áhersla hefur verið lögð á að draga úr rafhitun húsnæðis.

Samgöngur á landi og siglingar á hafinu eru enn að langmestu leyti knúnar jarðefnaeldsneyti. Stjórnvöld hafa beitt skattaávilnunum í því skyni að hvetja til kaupa á bifreiðum sem nýta endurnýjanlegt eldsneyti á borð við rafmagn, vetni, lífildsneyti, metan og metanól. Einnig hafa stjórnvöld úthlutað styrkjum frá Orkusjóði til að setja upp hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla. Orkuskipti á föstu landi eru því komin vel á veg þar sem fjöldi vistvænna ökutækja eykst hratt um þessar mundir og tekist hefur að auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í rúm níu prósent fyrir árið 2018. Enn eru orkuskipti í skipaflota landsins skammt á veg komin enda hefur þróun og notkun á umhverfisvænum orkugjöfum fyrir siglingar verið hæg. Vonir standa hins vegar til

¹ Eurostat, 17. ágúst 2018, Share of renewable energy in gross final energy consumption.

² Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, maí 2018, Progress report for Iceland under Directive 2009/28/EC 2017.





„Við verðum að framleiða orku á sjálfbæran máta og passa okkur að fara vel með hana og endurnýta sem mesta orku. Við verðum að hugsa mikið um nýsköpun þegar verið er að leysa þessa áskorun.“

Áspór Björnsson, 16 ára

Þess að skipaflotinn nýti í meira mæli þá endurnýjanlegu orkukosti sem standa nú til boða. Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er stefnt að svartolíubanni innan íslenskrar landhelgi. Í samanburði við önnur lönd er raf- og varmaorkan ódýr á Íslandi, en landsmenn greiða lægra hlutfall af sínum tekjum fyrir þessa orkugjafa en í öðrum Evrópuríkjum.³

Aðgengi að endurnýjanlegri orku

Til að ná markmiðum stjórnvalda um orkuöryggi þarf fyrst og fremst að setja heildstæða orkustefnu til lengri tíma. Slík orkustefna þarf að byggjast á áætlaðri orkuþörf til langs tíma miðað við stefnu stjórnvalda, til að mynda um orkuskipti, og hvernig megi tryggja raforkuframboð fyrir almenning og atvinnulíf.

Treysta þarf betur flutnings- og dreifikerfi raforku, tengja betur lykilsvæði, skoða að hve miklu leyti nýta megi jarðstrengi með hagkvæmum hætti og bæta málsmeðferð ákvarðana sem tengjast framkvæmdum í flutningskerfinu. Álag á flutningskerfi Landsnets og dreifiveitur hefur aukist jafnt og þétt, sem hefur leitt til vaxandi rekstraráhættu og minni tækifæra til nýrrar atvinnuuppbyggingar á landsvísu. Fyrirvaralausum rekstrartruflunum og straumleysismínútum hefur að sama skapi fjölgað. Í núverandi flutningskerfi raforku er orkuöryggi nokkuð mismunandi eftir landsvæðum og hefur afhendingaröryggi verið einna lakast á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Þá hefur verið gert átak í að bæta aðgengi að þriggja fasa rafmagni í dreifbýli.

Allir landsmenn hafa aðgengi að rafmagni í hóbýlum sínum og verð til almennings er lágt í alþjóðlegum samanburði, sérstaklega verð á orku til húshitunar. Jöfnun orkuverðs heimila hefur verið áherslumál stjórnvalda um langa hríð. Orkuverð heimila er hærra hjá þeim sem ekki hafa aðgang að jarðvarmaveitum til húshitunar eða búa á strjálbýlum svæðum þar sem dreifikostnaður rafmagns er hærri en í þéttbýli. Þessi verðmunur hefur verið brúaður að hluta til með niðurgreiðslum frá hinu opinbera. Ýmis sveitarfélög á köldum svæðum leita að heitu vatni til að nota til upphitunar en reynsla undanfarinna ára gefur ákveðið tilefni til bjartsýni um að hlutur jarðhita aukist á kostnað rafhitunar með tilheyrandi sparnaði.

Aukin orkunýtni

Vegna tækniframfara hefur árleg meðaltalsnotkun heimila á rafmagni lækkað úr 4,9 MWh árið 2009 niður í 4,37 MWh árið 2017.⁴ Þetta kemur fram í raforkuspá orku

³ SA, efnahagssvið mars 2017, Mikið vatn hefur runnið til sjávar, Mikilvægi veitu- og orkugeirans fyrir lífsgæði Íslendinga.

⁴ Orkustofnun, orkuspárnefnd, ágúst 2018, Raforkuspá 2018–2050. Endurreikningur á spá frá 2015 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum.

Enginn
skilinn
eftir

Enginn
skilinn
eftir





spárnefndar sem áætla að orkunotkun hvers heimilis muni minnka niður í 4 MWh á næstu árum. Sparneytnir ljósgjafar og heimilistæki eru helstu skýringar á minnkandi raforkunotkun á heimilum landsmanna. Á móti kemur að tækjum á heimilum hefur farið fjölgandi en flestar nýjar tækjategundir eru orkugrannar. Orkunotkun á hvern bandaríkjadál af landsframleiðslu er mikil hérlandis og skýrist það annars vegar af því háa hlutfalli orkuframleiðslu hérlandis sem fer til stóriðju (80%), og hins vegar af fámenni þjóðarinnar.⁵ Hið opinbera hefur beitt sér fyrir aukinni orkunýtni, til dæmis með starfsemi Orkuseturs sem veitir almenningi ráðgjöf um orkusparnað.

Á alþjóðlegum vettvangi

Íslensk stjórnvöld eru framarlega á sviði jarðvarmanýtingar til upphitunar og raforkuframleiðslu. Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem miðlar tækniþekkingu til fagfólks frá þróunarríkjum, er mikilvægur þáttur í alþjóðlegu samstarfi um sjálfbæra orku en Ísland veitir einnig framlög til ýmissa stofnana og sjóða sem með ýmsum hætti koma að orkuverkefnum í fátækari ríkjum. Sem dæmi má nefna stuðning Íslands við orkusjóð Alþjóðabankans (ESMAP) en frá því sá stuðningur hófst hafa fjárfestingar Alþjóðabankans í jarðhita aukist talsvert. Í tengslum við samstarfið innan ESMAP veitir Ísland einnig stuðning í formi tæknilegrar ráðgjafar inn í jarðhitaverkefni Alþjóðabankans. Þá veitti Ísland eyrnamerkt framlag til ESMAP fyrir starf sem varðar nýtingu vatnsafls í þágu þróunarríkja en Ísland býr yfir viðtækri þekkingu á því sviði sem nýst getur víða um heim. Ísland á einnig í tvíhliða samstarfi á sviði endurnýjanlegrar orku við ríki í Austur-Afríku. Í krafti sérþekkingar og mikillar reynslu í nýtingu endurnýjanlegrar orku hefur Ísland þannig áhrif á alþjóðavettvangi, langt umfram stærð lands og þjóðar. Íslensk stjórnvöld veita jafnframt framlög til alþjóðlegra samtaka um sjálfbæra orku fyrir alla (SEforALL) og Alþjóðastofnun fyrir endurnýjanlega orku (IRENA), svo dæmi séu nefnd.

Ísland hefur veitt samþættingu kynjasjónarmiða sérstaka athygli í umhverfis- og loftslagsmálum síðustu árin og leggur sig fram við að styðja við sértækar aðgerðir til að efla stöðu kvenna innan málaflöksins. Íslensk stjórnvöld hafa sérstaklega stutt við samstarfsvettvang SEforALL sem ætlað er að stuðla að kynjajafnrétti og leggur áherslu á samfélagsþátttöku og eflingu kvenna í orkugeiranum á heimsvísu. Landsvirkjun, Orkuveitan og Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hafa tekið þátt í myndun þessa vettvangs. Ísland styður jafnframt verkefni sem leitt er af skrifstofu UN Environment í Naíróbí í Kenía sem miðar að því að virkja afrískar konur og tengslanet þeirra sem vinna frumkvöðlastarf á sviði sjálfbærrar orku (e. Africa Women Energy Entrepreneur Framework).



⁵ Orkustofnun, orkuspárnefnd, ágúst 2018, Raforkuspá 2018–2050. Endurreikningur á spá frá 2015 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum.



Það felast mikil tækifæri í að minnka losun frá samgöngum á Íslandi með því að nýta endurnýjanlega raforku.

Orkuskipti í samgöngum

Einn stærsti hluti losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi kemur frá vegasamgöngum. Í dreifbýlu landinu hefur notkun einkabílsins verið mikil og farið sívaxandi. Þessari þróun hefur fylgt losun gróðurhúsalofttegunda og loftmengunarefna. Það felast því mikil tækifæri í að minnka losun frá samgöngum með því að nýta endurnýjanlega raforku.

Íslensk stjórnvöld hafa markvisst unnið að því að auka hlutdeild endurnýjanlegs eldsneytis og hraða aukningu rafbíla í bílaflota landsmanna. Árið 2011 var settur kolefnisskattur á jarðefnaeldsneyti, aðflutningsgjöld á rafmagnsbíla og blendingsbíla hafa verið felld niður og rafbilar eru undanþegnir virðisaukaskatti upp að ákveðnu marki. Samhliða þessu hefur verið ráðist í uppbyggingu innviða. Ríkið hefur styrkt uppbyggingu hleðslustöðva víða um land og 2018 var byggingarreglugerð breytt þannig að nú skal gera ráð fyrir tengingum fyrir rafbíla í öllum nýbyggingum og endurbyggingu atvinnuhúsnæðis.

Þetta hefur skilað sér í aukinni rafbílavæðingu þar sem stuðningur stjórnvalda hefur skipt sköpum í því að veita nýrri tækni brautargengi.

Þróunin er skýr, árið 2017 voru 13% nýskráðra bíla rafmagnsbílar, 2018 18% og á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2019 var hlutfallið komið í 23%. Með aðgerðaráætlun í loftslagsmálum og áætlun um orkuskipti er tryggt að áfram verði unnið með ívilnanir til að tryggja hagkvæmni rafbíla fyrir heimili landsins, kolefnisgjald verður hækkað á næstu árum og innviðir verða styrktir enn frekar. Þá hefur verið mörkuð sú stefna að nýskráning dísel- og bensínbíla verði óheimil eftir 2030. Þetta ásamt auknu úrvali rafbíla mun hraða þróuninni en rafbílavæðingin er lykilaðgerð til að Ísland standist skuldbindingar Parísarsamkomulagsins.





Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mann-sæmandi atvinnutækifærum fyrir alla

Víða í heiminum er það að hafa tryggja atvinnu ekki nóg til þess að komast hjá fátækt. Sjálfbær hagvöxtur er því háður að samfélög heimsins skapi aðstæður þar sem fólk getur unnið störf á mannsæmandi launum, sem skaða þó ekki umhverfið. Einnig þurfa ríki heims að sjá vinnuafla sínu fyrir starfsmöguleikum og viðeigandi vinnuskilyrðum. Hagvöxtur er mælikvarði fyrir heilbrigði hagkerfis og þykir

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Draga úr langtíma-atvinnuleysi**
- **Efla stuðningsúrræði fyrir fólk með skerta starfsgetu**
- **Aukin framleiðni í sátt við umhverfi og samfélag**
- **Jöfn tækifæri og jöfn laun fyrir sömu vinnu**

mikilvægur fyrir frampróun ríkja. Á Íslandi hefur verið hagvöxtur undanfarin átta ár en fyrstu tvö árin eftir hrun (2009-10) var samdráttur í hagkerfinu.¹ Atvinnuleysi á Íslandi jókst umtalsvert árið 2009 eftir hrun en hefur minnkað jafnt og þétt síðan. Þó má nú sjá aukningu í atvinnuleysi á milli ára, skráð atvinnuleysi í mars 2019 var 3,2% en 2,4% árið 2018.²

Hagvöxtur, atvinnugreinar og sjálfbærni

Tryggja þarf að þróttmikill efnahagur á Íslandi gagnist öllum þjóðfélagsþegnum. Til þess er mikilvægt að hagvöxtur auki hagsæld allra landsmanna og að það speglit í stefnumörkun í opinberum fjármálum. Það felst meðal annars í gerð fjármálastefnu ríkisstjórnar og fjármálaáætlunar og samkomulagi ríkis

og sveitarfélaga. Stefnumörkunin byggist á fimm grunngildum: sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi. Framleiðni er lykilhugtak í áætlun stjórnvalda eins og fram kemur í stefnu Vísinda- og tækniráðs. Lögð er áhersla á nýsköpun og aukna framleiðni í öllum atvinnugreinum. Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið um að fjárfestingar í rannsóknum og þróun verði þrjú prósent af vergri landsframleiðslu fyrir árið 2024. Hér á landi hefur aukinni framleiðni í atvinnulífinu verið náð með meiri fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun. Ísland hefur ekki farið varhluta af litlum framleiðnivexti í hinum vestræna heimi frá árinu 2008 en framleiðnin hefur vaxið kröftuglega síðustu ár og samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir að vöxturinn haldi áfram til næstu ára.³

Stefna Íslands í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum er að auka enn frekar nýtingu aðfanga með sjálfbærum hætti en Ísland er mjög framarlega í þessum málaflokki. Sjálfbærni er megininntak í nýtingu íslenskra náttúruauðlinda þannig að hagnýting leiði ekki til hnignunar þeirra. Þar af leiðandi er hagvöxtur nú þegar frátengdur hnignun

¹ Hagstofa Íslands, hagstofa.is.

² Vinnuáætlun, mars 2019, Vinnuáætlunin á Íslandi: Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnuáætlunar.

³ Hagstofa Íslands, 1. júní 2018, þjóðhagsspá að sumri 2018.





„Mér finnst mjög ósanngjarnt að karlmenn hafi meiri möguleika á hærra launum en konur. Það er bara alls ekki í lagi að karlmenn geti fengið hærra laun en konur með sömu menntun eða í sama starfi. Ég ætla að brjóta það glerþak!“

Helena Dís Ingólfssdóttir, 13 ára

auðlindanna. Ferðapjónusta er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnar er lögð áhersla á orkusparnað og orkuskipti sem eiga að vinna að því að bæta kolefnisfótspor ferðapjónustu og bæta umgengni um landið. Að auki hafa verið skilgreindir álagsvísar sem munu nýtast við gerð álagsmats á umhverfi, innviði og samfélag gagnvart fjölda ferðamanna á landinu. Unnið er að mótun stefnu fyrir ferðapjónustuna til 2030 með sjálfbærni að leiðarljósi.

Atvinnupátttaka

Almenn pátttaka á vinnumarkaði er talin ein þýðingarmesta leiðin til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og fátækt. Mikilvægt er því að sem flestir geti verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði án tillits til fötlunar eða skertrar starfsgetu en virkni í samfélaginu, þar með talið á vinnumarkaði, er einnig liður í auknum lífsgæðum. Af hálfu íslenskra stjórnvalda er því lögð áhersla á að koma í veg fyrir langvarandi fjarveru einstaklinga frá vinnumarkaði og draga með því úr hættu á viðvarandi óvirkni þeirra og hugsanlegri örorku. Í þessu felst að koma í veg fyrir langtímaatvinnuleysi einstaklinga án tillits til þjóðernis, menntunar eða aldurs. Gert er ráð fyrir öflugri ráðgjöf Vinnuálastofnunar þannig að fólk verði komið með starf við hæfi, í nám eða með starfspjálfunarsamning áður en það hefur fullnýtt bótarétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Áhersla er lögð á að efla þjónustu við atvinnuleitendur með fötlun, þá sem hafa skerta starfsgetu eða standa höllum fæti. Atvinnupátttaka fatlaðs fólks er almennt minni en annarra og hefur fötluðu fólki reynst erfiðara en öðrum að fá störf. Það er stefna stjórnvalda að sem flestir geti verið virkir á vinnumarkaði og því er mikilvægt að bjóða upp á virk vinnumarkaðsúrræði til að auðvelda fólki með skerta starfsgetu, þar á meðal fötluðu fólki, aðgengi að vinnumarkaðnum. Það er jafnframt stefna íslenskra stjórnvalda að hér á landi skuli greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni og hefur jafnlaunavottun verið leidd í lög.

Viðkvæmir hópar

Ísland hefur fullgilt samþykktir frá Alþjóðavinnuálastofnuninni (ILO) er varða lágmarksaldur við vinnu, samþykkt um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlaugar aðgerðir til að afnema hana, samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu og samþykkt um afnám nauðungarvinnu. Einnig hefur Ísland fullgilt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í mars 2019 voru birtar áherslur íslenskra stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali og annars konar hagnýtingu, en þar er gert ráð fyrir að barnaverndaryfirvöld móti skilvirkt og skýrt verklag við greiningu á börnum, sem

Enginn
skilinn
eftir

Enginn
skilinn
eftir

Enginn
skilinn
eftir





grunur leikur á að gætu verið þolendur mansals og að útbúnar verði leiðbeiningar og verklagsreglur fyrir fagfólk, sem starfar með börnum, þegar grunur leikur á að barn sé þolandi mansals.⁴ Þá hefur Ísland fullgilt samning SP um réttindi fatlaðs fólks þar sem er lögð mikil áhersla á að tryggja fötluðu fólki tækifæri á vinnumarkaði til jafns við aðra og skyldu ríkja til að grípa til viðeigandi ráðstafana í því skyni.

Íslensk stjórnvöld skuldbinda sig til að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu. Áhersla er lögð á að vinnustaðir geri áhættumat og áætlun um heilsu og öryggi innan þeirra en í því sambandi eru forvarnir á vinnustöðum afar mikilvægar. Enn fremur er lögð áhersla á að tryggja skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé unnt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur. Á Íslandi eru starfrækt öflug stéttarfélög sem gæta hagsmuna félagsmanna sinna hvað varðar réttindi á vinnumarkaði en mikill meirihluti launafólks á innlendum vinnumarkaði eru félagsmenn í stéttarfélögum.⁵ Samkvæmt greinargerð frá Hagstofu Íslands voru innflytjendur að jafnaði með tæplega átta prósent lægri laun en innlendir á árunum 2008-2017 að teknu tilliti til kyns, aldurs, menntunar, fjölskylduhaga, búsetu og ýmissa starfstengdra þátta.⁶ Með því að leiðrétta fyrir þessum þáttum fæst skýrari mynd af þeim sértæku áhrifum sem bakgrunnur hefur á laun.

Fjórða iðnbyltingin og áhrif á vinnumarkaðinn

Umræða um fjórðu iðnbyltinguna hefur magnast víða um heiminn undanfarin ár. Ríki eru að reyna að skilja eðli og umfang hraðfara tæknibreytinga og meta jákvæð og neikvæð áhrif þeirra og hvernig megi stýra þeim til hagsbóta fyrir samfélög heimsins. Íslensk stjórnvöld eru meðvituð um þá þróun sem er að eiga sér stað og hefur forsætisráðherra meðal annars skipað framtíðarnefnd um áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga sem skipuð er alþingismönnum. Vísinda- og tækniráð hefur verið að skoða meiriháttar samfélagslegar áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir auk þess sem forsætisráðherra lét vinna skýrslu um tækifæri og áskoranir Íslands vegna fjórðu iðnbyltingarinnar.

Fram kemur í skýrslu um Ísland og fjórðu iðnbyltinguna að verulegar breytingar á vinnumarkaði eru í vændum. Með aukinni sjálfvirknivæðingu verða sum störf óþörf en jafnframt verða til ný störf. Möguleg áhrif sjálfvirknivæðingar á Íslandi voru skoðuð á grundvelli aðferðafræði OECD. Þær niðurstöður sýna að á Íslandi eru miklar líkur á að um 28% íslensks vinnumarkaðar verði fyrir verulegum breytingum eða að störf hverfi alveg vegna sjálfvirknivæðingar. Þetta eru um 54.000 einstaklingar á vinnumarkaði miðað við árið 2017 og svipar þessu hlutfalli til áætlaðra áhrifa tækni-framfara annars staðar á Norðurlöndunum. Einnig er því spáð að 58% starfa (rúmlega 113.000 einstaklingar) taki talsverðum breytingum vegna áhrifa tækni en aðeins 14% starfa (tæplega 27.000 einstaklingar) breytist lítið. Út frá þessari spá er líka hægt að sjá að hópar í samfélaginu verða fyrir mismiklum áhrifum af þessum breytingum, s.s. út frá menntun, kyni, aldri, búsetu og ríkisfangi.

⁴ Dómsmálaráðuneytið, mars 2019, Áherslur stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali og annars konar hagnýtingu.

⁵ Hagstofa Íslands, 3. september 2015, Aðild að stéttarfélögum 2014.

⁶ Hagstofa Íslands, 29. mars 2019, Innflytjendur með um 8% lægri laun en innlendir, hagstofa.is.





Á alþjóðlegum vettvangi

Háskólar Sameinuðu þjóðanna þjálfa ungt fagfólk frá þróunarlöndum með það fyrir augum að auka fjölbreytni og kynna nemendum tækninýjungar á sviði jarðhita, fiski- mála og landgræðslu. Að auki stuðlar Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna



að auknum skilningi á málefnum kvenna og barna, þar með talið mansali og þrælkun kvenna og barna. Ýmis þróunarverkefni sem Ísland styður beinast að því að efla menntun og halda ungmennum í skóla, meðal annars í Malaví og Úganda. Í samvinnu við Alþjóðabankann vinnur Ísland að því að styrkja sjávarútveg í vestanverðri Afríku. Stefnt er að aukinni samvinnu við bankann á sviði sjávarútvegs á komandi árum. Í austanverðri Afríku hefur Ísland til marga ára unnið rannsóknarstarf í beislun jarðhita í samvinnu við Norræna þróunarsjóðinn og Alþjóðabankann. Með kortlagningu á mögulegri jarðhitavirkjun til raforkuframleiðslu er lagður grunnur að auknum hagvexti og fjölbreytni atvinnulífs til framtíðar.





LJÓSMYND: BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON.



Fjármála- og efnahagsráðherra, Bjarni Benediktsson, veitir sex fyrirtækjum og stofnunum viðurkenningu fyrir velheppnaða innleiðingu jafnlaunavottunar.

Jafnlaunavottun

Þrátt fyrir að Ísland standi öðrum ríkjum framar um stöðu og þróun kynjajafnréttis hefur jafnrétti ekki náðst hér á öllum sviðum samfélagsins. Á það ekki síst við um innlendan vinnumarkað, en fjöldi kannana og rannsókna sýnir fram á viðvarandi kynbundinn launamun sem hallar almennt á konur.

Jafnlaunavottun sem lögfest var með samþykkt lagasemgöngu í gildi 1. janúar 2018 er ætlað að tryggja að grundvallarmannréttindum, lagaskyldu og þjóðréttarskuldbindingum sé framfylgt og koma í veg fyrir að konum og körlum séu greidd mismunandi laun fyrir sömu eða sambærileg störf.



Lögin skylda fyrirtæki og stofnanir að innleiða staðalinn ÍST 85 (jafnlaunastaðal). Í því felst að taka upp jafnlaunastefnu, setja sameiginlega mælikvarða og framkvæma starfaflokkagreiningu til að raunhæfur samanburður fái á störfum svo mögulegt verði að flokka þau eftir verðmæti, þannig að sömu eða jafnverðmæt störf verði metin til jafna launa. Loks er starfaflokkun og launakerfi tengd saman.

Unnið er að innleiðingu jafnlaunavottunar samkvæmt lögunum í fjórum áföngum, eftir starfsmannafjölda fyrirtækja og stofnana. Fyrst eiga stærstu og fjölmennustu stofnanirnar og fyrirtækin að ljúka jafnlaunavottun en í síðasta áfanganum er ætlast til að minnstu fyrirtækin sem lögin taka til, það er með 25 starfsmenn eða fleiri, ljúki vottunarferlinu. Innleiðing jafnlaunavottunar á að vera lokið að fullu fyrir árslok 2022.

Lögin um jafnlaunavottun hafa vakið heimsathygli enda Ísland fyrsta ríkið sem lögfestir ákveðna aðferð og mælikvarða til að ná markmiðum laga um launajafnrétti og vísendingar eru um að einhver ríki séu áhugasöm um að fylgja fordæmi Íslendinga.





Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun

Fjárfestingar í innviðum svo sem samgöngum, áveitum, orku, upplýsinga- og hugbúnaðartækni eru mikilvægar til þess að ná fram markmiðum um sjálfbæra þróun. Meginmarkmið stefnumótandi áætlana ríkis og sveitarfélaga hverfast að miklu leyti um að innviðir landsins verði öruggir, áreiðanlegir, sjálfbærir og viðnámsþolnir. Innviðir eru lykill að samkeppnishæfni landsins, jafnt samkeppnishæfni

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Nýsköpun í öllum atvinnugreinum**
- **Efla vísindarannsóknir**
- **Efla innviði í samgöngum og ferðapjónustu**

atvinnulífsins, þróun byggðarlaga og almennri félagslegri velferð þegnanna.

Ísland er eitt dreifbýlasta land Evrópu með aðeins um 3,4 íbúa á hvern á km², samanborið við um 116 íbúa á hvern km² innan ríkja Evrópusambandsins. Uppbygging og viðhald innviða er krefjandi verkefni því kostnaður þess dreifist á tiltölulega fáar hendur og íslenskt veðurfar reynir talsvert á innviði landsins. Aukið álag og umsvif tengd almennum hagvexti og hröðum vexti í íslenskri ferðapjónustu hefur haft áhrif á þjónustu, viðhald og rekstur innviðauppbyggingar á flestum sviðum.

Innviðir á Íslandi

Innviðir rannsókna, þróunar og nýsköpunar á Íslandi eru almennt góðir. Þeir stuðla að eflingu vísindastarfsemi og hagnýtingu þekkingar í þágu samfélags og atvinnulífs. Frumkvöðlastarf er þrötmikið og góður stuðningur við slík verkefni. Styrkja þarf þó betur afrakstur af frumkvöðlastarfsemi svo hann leiði enn frekar til stofnunar nýrra fyrirtækja og markaðssetningar afurða á alþjóðlegum samkeppnismarkaði.

Stór verkefni bíða í uppbyggingu vegakerfisins um allt land, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu eftir niðurskurð árin eftir hrún. Hafið er átak um nýframkvæmdir og viðhald bæði vegna uppsafnaðrar þarfar en einnig þar sem umferð á vegum hefur aukist um 40% frá 2012-2018. Sömu sögu má segja um bæði flugvelli og hafnir en uppsöfnuð þörf er þar bæði fyrir viðhaldi og endurbyggingu. Hvað varðar flugvelli verður því forgangsraðað að styrkja flugvelli í grunnneti og að endurskoða fyrirkomulag varaflugvalla með tilliti til alþjóðaflugvalla landsins.

Farmflutningar til og frá landinu eru fyrst og fremst með skipum en farþegaflutningar með flugi. Farmflutningar til og frá landinu hafa aukist samhliða mikilli fjölgun ferðamanna og íbúa. Farþegum í millilandaflugi hefur fjölgað hratt en hefur fækkað með innanlandsflugi. Innanlands ferðast langflestir með einkabíl. Farþegum með áætlanabílum fjölga á höfuðborgarsvæðinu en vegna vaxandi umferðar hefur hlutfall ferða haldist óbreytt.





„Án nýsköpunar væru mun fleiri vandamál í heiminum en eru nú í dag. Nýjar hugmyndir og uppfinningar hjálpa okkur að berjast gegn fátækt, loftslagsbreytingum og stuðla að mannréttindum. Höldum áfram að skapa eitthvað nýtt!“

Andrea Ösp Hanssen, 13 ára

Nær allir íbúar landsins búa innan við tvo kílómetra frá heilsársvegi eða 99,98% og þeim byggðum sem ekki njóta vegtengingar allt árið standa til boða almenningssamgöngur með flugi og ferjum.

Árið 2017 var Ísland í efsta sæti lista Alþjóðafjarskiptasambandsins yfir ríki sem hvað best hafa stuðlað að þróun fjarskiptainnviða.¹ Virk samkeppni á fjarskipta- og upplýsingatæknimarkaði, fjárfestingar og nýsköpun einkenna þau lönd sem raðast í efstu sæti listans. Gott efnahagsástand, læsi og hátt menntunarstig í löndunum stuðla jafnframt að því að almenningur geti nýtt sér upplýsinga- og fjarskiptatækni. Markmið Íslands um 99,9% aðgengi að 100Mb+ þráðbundnum nettengingum fyrir árslok 2021 er metnaðarfullt markmið í alþjóðlegum samanburði.

Breiðbandsvæðing landsins er langt komin á markaðsforsendum. Jafnframt er stefnt að því að ljúka ríkisstyrktri lagningu ljósleiðara til lögheimila og fyrirtækja í sveitum landsins í samræmi við fjarskiptaáætlun. Ljósleiðaratenging við útlönd er góð og flutningsgeta talsvert umfram eftirspurn. Engu að síður er unnið að fjölgun tenginga til að bæta öryggi, meðal annars til að efla samkeppni og mæta aukinni eftirspurn frá gagnaverum.

Flutningskerfi raforku er traust og í stöðugri þróun en flestir landsmenn njóta tryggrar raforku og er unnið að frekari styrkingu þess á jaðarsvæðum. Markmiðið er að framleiðsla og dreifing raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi og að kostnaður við flutning og dreifingu á raforku verði jafnaður á milli landshluta, samanber til dæmis byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024.²

Sjálfbærir innviðir og iðnaður

Markmið byggðaáætlunar 2018-2024 er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðalaga um allt land. Sérstök áhersla er lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf og einnig á aðgerðir sem stuðla að auknu jafnrétti kynjanna. Innviðir iðnaðar á Íslandi miða nær undantekningarlaust við bestu fánlegu tækni. Allir þættir innviða, þar með talið framleiðsluferli, eru í stöðugri þróun þar sem tekið er tillit til alþjóðlegra skuldbindinga.

Iðnþróun

Sjálfbær þróun er grunnstef í stefnu stjórnvalda. Einkum er lögð áhersla á að atvinnuvegir landsins byggji á sjálfbærri nýtingu auðlindanna. Í fjármálaáætlun fyrir

¹ Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 11. apríl 2018, Ísland í 1. sæti meðal þjóða heims í upplýsingatækni og fjarskiptum.

² Alþingi, Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024, althingi.is.

Enginn
skilinn
eftir

Enginn
skilinn
eftir





árin 2019-2023 er lögð áhersla á sjálfbæra framleiðni, samdrátt í losun gróður- húsalofttegunda, vöktun á áhættuþáttum og grænar lausnir í þágu umhverfismála. Rannsóknir, þróun og nýsköpun, sem eru forsendur efnahagslegra framfara og samfélagslegs velfarnaðar, tengjast sjálfbærri þróun með skýrum hætti. Áhersla er á þekkingariðnað og aðrar þekkingargreinar en síður á hefðbundinn orkufrekan iðnað. Hluttur þekkingargreina fer ört vaxandi og má taka skapandi greinar sem dæmi um þá þróun. Annað dæmi er vöxtur líftæknigreina eins og líftækniíðnaðar sem sprottið hefur úr frjóum jarðvegi hefðbundinna atvinnuvega eins og sjávarútvegi.

Fjármálaþjónusta fyrirtækja

Aðgengi fyrirtækja að almenntri fjármálaþjónustu er almennt gott. Framboð á fjármagni til frumfjárfestinga í sprotafyrirtækjum er minna en eftirspurn og sama gildir um fjármögnun til vaxtar fyrirtækja. Frá árinu 1997 hefur ríkið rekið Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem er frumfjárfestir. Markaðsráðgjöf á vegum hins opinbera er fyrst og fremst veitt af Íslandsstofu og sendiráðum landsins, en Tækniþróunarsjóður styður lítil fyrirtæki og frumkvöðla sem eru að stíga sín fyrstu spor á erlendum mörkuðum.

Vísindarannsóknir

Í stefnu Vísinda- og tækniráðs er lögð áhersla á markvissa uppbyggingu innviða en höfuðáherslan er, eðli máls samkvæmt, á menntun, rannsóknir og nýsköpun. Leiðarljós stefnunnar er að fjárfesting í rannsóknum og þróun nái þremur prósentum af vergri landsframleiðslu fyrir árið 2024, sem gerir mögulegt að takast betur á við hraðar samfélagsbreytingar og flóknar hnattrænar áskoranir, til dæmis loftslagsbreytingar, fæðuöryggi og lýðheilsu.

Á alþjóðlegum vettvangi

Styrkleikar Íslands sem hvað best nýtast þróunarlöndum til atvinnuuppbyggingar og styrkingar innviða eru á sviði sjávarútvegs og orkunýtingar. Þekkingu á þeim sviðum er meðal annars miðlað gegnum Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi en þeir skólar eru dæmi um grunnstofnanir sem yfirfæra bestu fæanlegu þekkingu á sínum sérsviðum til samstarfsríkja Íslands í þróunarlöndum. Markmið Jarðhitaskólans, sem hýstur er hjá Orkustofnun, er að veita ungum sérfræðingum frá þróunarlöndum sérhæfða þjálfun í rannsóknum og nýtingu jarðvarma. Sjávarútvegsskólinn er hýstur hjá Hafrannsóknastofnun en markmið hans er að efla sérfræðiþekkingu í sjávarútvegi og fiskveiðum í þróunarlöndum.





HEIMSMARKMIÐ 9.4



Tæknilausnir og nýsköpun eru nauðsynlegar til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. CarbFix aðferðin er dæmi um slíka lausn.

CarbFix:

Nýsköpun í þágu loftslagsmála

Ein stærsta áskorun samtímans er að ráðast í aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ljóst þykir að til þess að ná markvissum árangri í þeim efnum þarf tæknilegar lausnir og nýsköpun. CarbFix aðferðin er dæmi um slíka lausn. Frá árinu 2007 hafa vísindamenn Orkuveitu Reykjavíkur og Háskóla Íslands í samstarfi við erlendar vísindastofnanir unnið að þróun og prófun þeirrar hugmyndar að hægt sé að taka koltvíoxíð sem kemur upp með jarðhitavökvanum við nýtingu hans, blanda það vatni og dæla því aftur niður í jörðina þaðan sem það kom. Þar bindist það varanlega á formi steinda. Þetta heppnaðist og voru niðurstöður þar að lútandi birtar í Science, einu virtasta vísindatímariti heims, árið 2016. Aðferðin er nú nýtt til að hreinsa og binda varanlega neðanjarðar um þriðjung þess koltvíoxíðs sem streymir um hverfla Hellisheiðarvirkjunar auk þess sem í sama ferli eru um 2/3 hlutar brennisteinsvetnis bundnir með í sama ferli.

Samhliða því að auka við hreinsun og niðurdælingu á Hellisheiði hefur CarbFix hópurinn í samstarfi við svissneska nýsköpunarfyrirtækið Clime-works jafnframt unnið að því að hreinsa koltvíoxíð beint úr andrúmslofti og binda varanlega í steindir neðanjarðar. Vegna þess að þær aðferðir sem þróaðar hafa verið til að binda jarðhitaloftið í berglögum eru vatnsfrekar og að mikil berglög er að finna á hafsbotni beina vísindamenn CarbFix nú jafnframt sjónum að bindingu koltvíoxíðs í sjávarbotni.



10 AUKINN
JÖFNUÐUR



Draga úr ójöfnuði í heiminum

Á síðustu áratugum hafa stór skref verið stigin á heimsvísu við að minnka ójöfnuð og fátækt. Góður árangur hefur náðst hvað þetta varðar meðal fátækustu ríkja heims þótt enn sé langt í land. Tekjuójöfnuður hefur minnkað á milli ríkja, en hefur aftur á móti aukist innan þeirra. Milli árána 2009 og 2016 sýndi Gini-stuðullinn þó minnkandi ójöfnuð á Íslandi en hann mældist 29,6% árið 2009,

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Jafna stöðu fólks óháð uppruna, þjóðerni, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund**
- **Skapa tækifæri og aðstæður til að innflytjendur geti orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi**
- **Húsnæðismál flóttafólks**

en 24,1% árið 2016.¹ Vaxandi samstaða er um að hagvöxtur sé einn og sér ekki nægjanleg forsenda þess að minnka fátækt, heldur þurfi stjórnvöld að sjá til þess að hagvöxtur hafi í för með sér ávinning fyrir alla.

Tekjuaukning þeirra tekjulægstu

Ekki er til opinbert lágtekjuviðmið á Íslandi. Sveitarfélög veita fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga en ekki er kveðið á um lágmarksframfærsluviðmið í lögnum. Aðilar vinnumarkaðarins semja fyrir launþega í kjarasamningsviðræðum og gilda þeir samningar sem lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgreinum á þeim svæðum sem

samningarnir taka til, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma. Óheimilt er að gera samninga um lakari kjör en kveðið er á um í almennum kjarasamningum. Almennt er miðað við að bætur og aðrar opinberar greiðslur til framfærslu séu ekki hærri en nemur lágmarkslaunum.

Örorku- og endurhæfingarlífeyrir ásamt tengdum greiðslum er ætlaður til framfærslu þeirra sem hafa skerta starfsgetu og tekjur undir tilteknu viðmiði. Markmiðið er að gera fólki sem býr við þessar aðstæður kleift að lifa sjálfstæðu lífi. Enn fremur er áhersla lögð á að uppbygging þessara kerfa styðji fólk til virkrar þátttöku í samfélaginu þar með talið til atvinnuþátttöku. Ellilífeyrir almannatrygginga er tekjutengdur og réttindi til hans miðast við 67 ára aldur. Megin lífeyrisgreiðslur aldraðra koma úr lífeyrissjóðakerfinu sem byggist á atvinnuþátttöku og aldraðir hafa greitt til af launum sínum á starfsævinni.

¹ Eurostat - Data Explorer, 11. júní 2018, Gini coefficient of equalivalised disposable income - EU-SILC survey.

Enginn
skilinn
eftir

Enginn
skilinn
eftir



„Út af því að fólk heldur að við skiljum ekkert mikið, eins og þú veist, sumt ófatlað fólk hlustar ekki á mann. Þú veist, það er mjög lítið hlustað á okkur. Nema mamma okkar og pabbi, þau hlusta eiginlega alltaf á okkur.“

Fatlað barn, 13-18 ára

(Úr skýrslunni Sérfræðihópur fatlaðra barna: samantekt úr umræðum, gefin út af umboðsmanni barna í maí 2019.)

Þátttaka allra í félags-, efnahags- og stjórnmálalífi

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla fela í sér almennt bann við mismunun á grundvelli kyns. Árið 2018 urðu tvö frumvörp um bann við allri mismunun að lögum. Þar er kveðið á um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Lagasetningin er í samræmi við efni tilskipana 2000/78/EB um jafna meðferð á vinnumarkaði og 2000/43/EB um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna. Samþykkt laganna felur í sér stórt skref í átt að virkri þátttöku sem flestra á vinnumarkaði og öðrum sviðum samfélagsins.

Jöfn tækifæri tryggð og dregið úr ójöfnuði

Undanfarin ár hefur ýmsum lögum verið breytt með það að markmiði að draga úr ójöfnuði og jafna tækifæri. Må þar nefna breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig má nefna lagabreytingar sem kveða á um einföldun bótakerfisins, breyttan lífeyristökualdur og fleira. Í gildi eru þingsályktanir um framkvæmdaáætlanir með stefnu og aðgerðum sem eiga að stuðla að því að einstaklingar sem standa höllum fæti njóti jafnræðis og standi jafnfætis öðrum. Må til dæmis nefna framkvæmdaáætlanir í jafnréttismálum 2016-2019², í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021³ og í málefnum innflytjenda 2016-2019⁴.

Í nýjum lögum um opinber fjármál eru sett fram gildi sem fela í sér að ávallt skuli hafa sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi að leiðarljósi. Þá er sérstakt ákvæði um kynjaða fjárlagagerð og hún skal höfð til hliðsjónar við gerð frumvarps til fjárlaga. Sífelld meiri áhersla er lögð á að sporna við og draga úr mismunun á grundvelli kyns, fötlunar eða annarra þátta í allri stefnumótun og áætlanagerð stjórnvalda.

Í maí 2017 var samþykkt stefna og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021.⁵ Í áætluninni eru tilgreind 40 verkefni á sjö málavíðum sem lúta að aðgengi, atvinnu, heilsu, ímynd og fræðslu, menntun, sjálfstæðu lífi og þróun þjónustu. Vinna er hafin við um það bil 19 aðgerðir sem ýmist eru í undirbúningsferli, vinnslu eða lokið. Í aðgerðunum felast margar áskoranir sem miða meðal annars að því að jafna aðgengi fatlaðs fólks að samfélaginu, auka atvinnuþátttöku og stuðla að jákvæðu viðhorfi til málefna fatlaðs fólks.

² Alþingi, 145. löggjafarþing 2015-2016, Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2016-2019.

³ Alþingi, 146. löggjafarþing 2016-2017, Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.

⁴ Alþingi, 145. löggjafarþing 2015-2016, Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019.

⁵ Alþingi, 146. löggjafarþing 2016-2017, Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.





Alþjóðlegir fjármálamarkaðir og -stofnanir

Á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hafa fjöldamargar Evrópugerðir um eftirlit á fjármálamörkuðum verið innleiddar í íslenskan rétt og mun sú þróun halda áfram næstu ár. Markmiðið er að íslenskt regluverk endurspegli hið evrópska eftir því sem best er unnt en taki mið af íslenskum aðstæðum þar sem slíkt á við. Smæð stjórnsýslunnar hér á landi hefur það í för með sér að Ísland er iðulega síðasta EES-landið til þess að innleiða þessar gerðir. Þónokkur halli var á innleiðingu evrópskra reglna um fjármálamarkað um nokkurra ára skeið meðan leitað var lausna um fyrirkomulag samevrópskra eftirlitsstofnana á fjármálamarkaði sem samræmd-ust íslenskri stjórnarskrá. Mikilvægur áfangi náðist árið 2017 með samþykkt laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði þar sem kveðið var á um lagagildi reglugerða um hið evrópska eftirlitskerfi á innri markaði Evrópusambandsins. Þá hefur auknu fjármagni verið veitt til þess að draga úr halla á innleiðingum evrópsks regluverks í stjórnsýslunni með ráðningum fleiri sérfræðinga.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) lagði mat á fylgni Fjármálaeftirlitsins við 29 kjarna- viðmið Baselnefndar um bankaeftirlit árið 2014. Að mati sjóðsins var lágmarksvið- miðum mætt varðandi sjö af þessum 29 viðmiðum og því ljóst að mörg tækifæri voru til umbóta. Síðan þá hafa þó nokkrar breytingar orðið á regluverki fjármálamarkaða og starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Nú stendur yfir sameining Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sem mun starfa sem ein stofnun sem fer með peningamál, fjár- málástöðugleika og fjármálaeftirlit. Ákveðið var að ráðast í þessa sameiningu meðal annars á grundvelli tillagna innlendra og erlendra sérfræðinga um að þar væru mikil tækifæri til samlegðar, hagræðingar og öflugri yfirsýnar.

Stjórnvöld hafa stigið nokkur skref til þess að draga úr kostnaði við fjármálaþjónustu. Í fjármálaáætlun 2019-2023 kemur fram að stefnt sé að lækkun sérstaks bankaskatts úr 0,376% í 0,145% á áætlunartímabilinu. Þá hefur verið kynnt í samráðsgátt stjórn- valda frumvarp um lækkun iðgjalds vegna innstæðutrygginga í Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta um þrjátíu prósent. Þessar aðgerðir kunna að leiða til lægri kostnaðar fyrir viðskiptavinum bankakerfisins.

Tryggir búferlaflutningar

Hlutfall innflytjenda á Íslandi hefur aldrei verið hærra en árið 2018 þegar það var 12,6% mannfjöldans og þar með orðið svipað því sem þekkist á hinum Norðurlöndun- um.⁶ Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda var samþykkt í september 2016 og gildir út árið 2019.⁷ Áætlunin byggist á fimm stöðum sem eru samfélag, fjölskylda, menntun, vinnumarkaður og flóttafólk. Í áætluninni eru þrjátíu aðgerðir sem eiga allar að stuðla að jöfnum tækifærum allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Framkvæmd vegna nítján aðgerða stendur yfir, fjórum er lokið.

Helstu áskoranir eru að skapa tækifæri og aðstæður til að innflytjendur geti orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Alþjóðastofnanir hafa kallað málefni flótta- fólks einhverja stærstu áskorun sem heimurinn stendur frammi fyrir í dag og er

⁶ Hagstofa Íslands, 5. desember 2018, Innflytjendum heldur áfram að fjölga.

⁷ Alþingi, 145. löggjafarþing 2015-2016, Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019.





Ísland þar engin undantekning. Helsta áskorun varðandi flóttafólk þessi misserin er útvegum húsnæðis.

Á alþjóðlegum vettvangi

Jafnrétti kynjanna og réttindi barna og annarra berskjaldaðra hópa er í öndvegi í þróunarsamvinnu Íslands. Sérstakan gaum skal gefa að þeim hópum sem búa við skort á réttindum, eins og hinsegin fólk, fatlað fólk og aðrir sem eiga undir högg að sækja.

Helsta markmið þróunarsamvinnu Íslands er að draga úr ójöfnuði milli og innan landa. Þannig beinir Ísland stórum hluta framlaga sinna til fátækustu ríkjanna með áherslu á að styðja þá hópa sem búa við fátækt og ójöfnuð. Í því felst einkum stuðningur við uppbyggingu félagslegra innviða, ekki síst í dreifbýli, þar sem fátækt er hvað mest. Jafnframt er í íslenskri þróunarsamvinnu áhersla lögð á að styðja við sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda með jafnrétti og jöfnuð að leiðarljósi.

Nýverið gegndi Ísland varaformennsku í nefnd Sameinuðu þjóðanna um félagslega þróun (e. Commission for Social Development) og leiddi samningaviðræður um meginþema aðalfundar nefndarinnar sem sneri að mögulegum leiðum til að draga úr ójöfnuði. Fastanefnd Íslands hefur einnig tekið virkan þátt í endurskoðun á starfi efnahags- og félagsmálanefndar Sameinuðu þjóðanna, meðal annars með því að leiða samningaviðræðu um endurbætur á ráðinu á síðasta ári og sinna stjórnarsetu í nefndum sem vinna að endurbótum.





Íþrótt- og tómstundastyrkjum sveitarfélaga er ætlað að auka jöfnuð í nærsamfélaginu og stuðla að fjölbreytileika í íþrótt-, lista- og tómstundastarfi.

Íþrótt- og tómstundastyrkir sveitarfélaga

Um og upp úr 2000 fór þeim sveitarfélögum smám saman fjölgandi sem buðu tómstundastyrki vegna þátttöku barna í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efna- hag eða félagslegum aðstæðum. Styrkjum er ætlað að auka jöfnuð í nærsamfélaginu, styrkja félagslegt umhverfi og hafa jákvæð áhrif á þroska barna, auk þess að stuðla að fjölbreytileika í íþrótt-, lista- og tómstundastarfi. Ekki er um lög- bundið verkefni sveitarfélaga að ræða, enda þótt flest bendi til þess að meirihluti landsmanna líti á slíka styrki sem sjálfsagðan rétt íbúa. Langflestir foreldrar eða forráðamenn nýta enda styrkina þar sem þeir bjóðast eða að jafnaði 85% þeirra.

Á síðari árum hefur þróun þessa einstæða styrkjakerfis verið ör og heyrir til algjör- rar undantekningar að sveitarfélög stuðli ekki með einhverju móti að upp- byggilegu íþrótt- og tómstundastarfi hjá 6-16 ára börnum. Valfrelsi hefur að sama skapi aukist verulega og geta notendur í stærstu sveitarfélögum nýtt styrk- inn nánast að vild vegna íþrótt-, lista- eða annars tómstundastarfs. Gengið er einfaldlega frá ráðstöfun styrksins í vefgátt sveitarfélagsins. Þá hefur aldursvið- miðið verið að lengjast og má sums staðar sjá dæmi um aldurspönn frá 5-18 ára. Algengar styrkfjárhæðir eru á bilinu 35-50 þúsund krónur og má í mörgum tilvik- um skipta greiðslu niður á fleiri en einn viðtakanda.

Algennt er að styrkirnir séu nýttir til íþróttaiðkunar og/eða tónlistarnáms. Fjölbreytni fer þó vaxandi og verður áhugavert að sjá hver þróunin verður á næstu árum. Rannsóknir benda eindregið til þess að styrkirnir skili væntum árangri ekki hvað síst með tilliti til þeirra barna sem hallað getur á, svo sem vegna þjóðernis foreldra eða fátæktar.





Gera borgir og íbúðarsvæði örugg, sjálfbær og öllum aðgengileg

Þéttbýlismyndun á Íslandi hefur verið hröð og þróun sjálfbærra borga og bæja verður æ mikilvægari. Þéttbýli getur skapað aðstæður þar sem ný störf verða til og velmegun fólks eykst. Að viðhalda slíku ástandi, án þess að skaða umhverfi og auðlindir, felur í sér margar áskoranir. Algeng vandamál tengd þéttbýli fela meðal annars í sér ónægt fjármagn til þess að sinna grunnþjónustu, skort á fullnægjandi

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Sjálfbær borgarþróun sem tryggir viðunandi búsetuaðstæður**
- **Framboð húsnæðis sem hentar tekju- og eignalágum**
- **Áskoranir vegna strjálbýlis, svo sem fjarskipti og almenningssamgöngur**

húsnæði og hnignandi innviði. Markmiðið um sjálfbærar borgir og samfélög leggur því áherslu á að allir íbúar í þéttbýli hafi jafnan aðgang að grunnþjónustu, heilsusamlegu umhverfi, orku, húsnæði og samgöngum.

Ísland er mjög dreifbýlt land en á hverjum ferkílómetra búa um það bil þrír einstaklingar. Þrátt fyrir það býr meirihluti Íslendinga, eða um 94%, í þéttbýli.¹ Í upphafi árs 2016 voru 60 þéttbýlisstaðir á landinu með 200 íbúa eða fleiri samkvæmt tölum Hagstofunnar, en rúmlega 60% íbúanna eru á höfuðborgarsvæðinu.

Sjálfbær borgar- og bæjarþróun

Meðal helstu áskorana stjórnvalda er að vinna að félags-, umhverfis- og efnahagsþróun í borgum og bæjum. Sjálfbær borgarþróun byggist á heildarsýn og felur í sér aðgerðir og samþættar lausnir fyrir skipulag og uppbyggingu innviða og mannvirkja sem tryggja aukna sjálfbærni og viðunandi búsetuaðstæður

Sjálfbærar flutningslausnir og loftslagsvænar samgöngur eru snar þáttur í borgar- og bæjarþróun. Græn svæði í borgum, garðar, nálæg útivistarsvæði og viðnámspolin vistkerfi bæta loftgæði og eru forsendur loftslagsaðlögunar og lífsgæða. Tryggja þarf góða hljóðvist í þéttbýli. Markviss áhersla á sjálfbærar borgir og samfélög í allri skipulagsvinnu og framkvæmd getur stuðlað að því að leysa loftslags- og umhverfisvanda í þéttbýli.

Sérstaklega þarf að huga að réttindum og tækifærum fatlaðs fólks til að lifa, starfa og búa án aðgreiningar og til að hafa raunhæf tækifæri til sjálfstæðs og eðlilegs lífs.

Húsnæði og almenningssamgöngur

Þörf er á auknu framboði á leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði og er unnið að því að fjölga slíkum íbúðum á grundvelli laga frá 2016 um almennar íbúðir. Árið 2014 var

¹ Hagstofa Íslands, 20. mars 2017, Landsmönnum fjölgar um 1,8%.





„Mér finnst við geta haft góð áhrif á borgina sem við búum í með því að nota oftari strætó, planta fleiri trjáum og haft nægilegt húsnæði fyrir alla.“

Roman Chudov, 15 ára

meðalhlutfall húsnæðiskostnaðar af ráðstöfunartekjum leigjenda 24,3% og hlutfall leigjenda sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað 18,7%.² Þá var meðalbiðtími eftir félagslegu leiguhúsnæði á landsvísi 26,6 mánuðir árið 2015.³

Í lok árs 2018 og ársbyrjun 2019 starfaði átakshópur um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði. Hópurinn skilaði forsætisráðherra fjörutíu tillögum.⁴ Að mati hópsins liggur óuppfyllt íbúðapörf á bilinu fimm til átta þúsund íbúðir á landinu öllu. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis er hins vegar fyrirhuguð á næstu árum og áætlað er að um tíu þúsund íbúðir verði byggðar á árum 2019–2021. Gangi þær áætlanir eftir mun óuppfyllt íbúðapörf minnka til muna en hún verður engu að síður um tvö þúsund íbúðir í upphafi árs 2022.

Þrátt fyrir mikla uppbyggingu eru vísbendingar um að það framboð sem nú er að myndast muni síður henta tekju- og eignalágum. Stór hluti lítilla íbúða sem eru í byggingu á höfuðborgarsvæðinu er í hverfum þar sem fermetraverð er hvað hæst. Í þeim sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu þar sem fermetraverð er lægra virðist mest vera byggt af stærri íbúðum sem geta þar með síður talist hagkvæmar. Því er nauðsynlegt að ráðast í aðgerðir til að auka framboð hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði til leigu og eignar.

Almenningssamgöngur hafa á síðustu árum eflst, eftir nokkurn samdrátt, með endurskipulögðu áætlanakerfi og betri samþættingu mismunandi ferðamáta. Stefnt er að því að allir þéttbýlisstaðir með fleiri en 100 íbúa verði tengdir með almenningssamgöngum; áætlanabílum, ferjum og/eða flugi. Alls má áætla að um 95% Íslendinga búi í innan við tíu kílómetra fjarlægð frá stoppistöð í netinu. Miðað er við að allir íbúar geti nálgast nauðsynlega opinbera þjónustu á skemmri tíma en 3,5 klst.

Fyrir aldraða og fatlaða er rekin sérstök ferðapjónusta á vegum sveitarfélaga. Börn sem búa fjarri skólum fá skólaakstur. Verið er að skoða hvort til staðar sé kynbundinn munur á notkun samgöngukerfisins.

Drög að stefnu í almenningssamgöngum hefur verið kynnt og er í almennu samráði ásamt aðgerðaáætlun. Helstu áherslur eru:

- **Flug, ferjur og almenningssvagnar myndi eina heild.**
- **Aukin þjónusta við farþega með samþætту upplýsingakerfi þvert á samgöngumáta.**
- **Samræmd þjónustuviðmið fyrir leiðarkerfi allra samgöngumáta.**
- **Uppbygging á hágæða almenningssamgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu.**

² Hagstofa Íslands, 12. nóvember 2015, Byrði húsnæðiskostnaðar þýngst hjá leigjendum.

³ Velferðarráðuneytið, 25. ágúst 2015, Um 5.000 leiguíbúðir í eigu sveitarfélaga.

⁴ Forsætisráðuneytið, 22. janúar 2019, Átakshópur leggur til 40 aðgerðir til að bregðast við vanda á húsnæðismarkaði.

Enginn skilinn eftir

Enginn skilinn eftir

Enginn skilinn eftir





Loftgæði

Loftgæði á Íslandi eru almennt góð þrátt fyrir að sum loftmengunarefni fari yfir skilgreind viðmiðunarmörk nokkrum sinnum á ári. Veðurfar getur verið áhrifavaldur í því þegar mengandi efni fara yfir mörk. Helstu uppsprettur svifryks í þéttbýli eru umferð (slit gatna, útblástur bíla og fleira), byggingarframkvæmdir og uppþýrlun göturyks. Auk þess er mikil svifryksmengun á höfuðborgarsvæðinu um áramót af völdum skotelda. Utan þéttbýlisstaða eru uppsprettur svifryks meðal annars sandfok, eldgos (öskufall/öskufok) og uppþýrlun ryks af malarvegum.

Allnokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á mögulegum heilsufarsáhrifum loftmengunar á Íslandi og margar þeirra sýna fram á samband milli þessara þátta. Rannsóknirnar hafa ýmist beinst að loftmengun af völdum mannlegra athafna (umferð og jarðvarmavirkjanir, svifryk og önnur umferðartengd loftmengunarefni) eða vegna náttúrulegra þátta, það er eldgos (aska/svifryk og brennisteinsdíoxíð).

Á Íslandi eru mörg sóknarfæri sem hægt er að nýta til að bæta loftgæði í landinu en í því sambandi er mikilvægt að efla vitund fólks um mál tengdum loftgæðum. Með aukinni vitneskju um loftgæði verða einstaklingar meðvitaðri um hvers konar loftmengun er í landinu, hvað megi gera til að takmarka hana og heilsufarsleg áhrif hennar. Í nóvember 2017 gaf umhverfis- og auðlindaráðherra út áætlun um loftgæði; Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði á Íslandi. Ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar er í höndum umhverfis- og auðlindaráðuneytis sem í samstarfi við ýmsa aðila vinnur að nánari útfærslu einstakra þátta hennar og skal endurskoða markmið áætlunarinnar á fjögurra ára fresti. Fylgja á loftgæðaáætluninni á öllum stigum stjórnsýslunnar og á hún að vera viðmið fyrir stefnumótun þeirra sem starfa á sviðum þar sem losun og styrkur loftmengunarefna koma við sögu. Stýrihópur hefur umsjón með framkvæmd áætlunarinnar, kannar reglulega hvernig framkvæmdum aðgerða í loftgæðaáætluninni miðar og upplýsir ráðherra um stöðuna.

Almannavarnir

Markmið stefnu í almannavarna- og öryggismálum er að undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir og takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða að umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara. Almannavarnalögin kveða á um samhæft viðbúnaðarkerfi vegna hættuástands, meðal annars vegna hamfara þar sem lögð er áhersla á forvarnir og áhættugreiningu, mótvægisáðgerðir til þess að styrkja áfallaþol, skýrt stjórnkerfi og boðleiðir þegar brugðist er við hættuástandi, og aðgerðir til endurreisnar í kjölfar áfalla.

Vernda og tryggja menningar- og náttúruarfleifð

Menningar- og náttúruminjar eru verndaðar með lögum. Markmið laganna er að tryggja varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim. Drög að stefnu innan málaflokksins til næstu fjögurra ára, sem nú er unnið að, hefur sex meginmarkmið, það er að styrkja minjavörsluna, auka vitundarvakningu um menn-





ingarminjar, ljúka skráningu menningarminja, stuðla að rannsóknum á minjum, nýta minjar á sjálfbæran og skynsamlegan hátt í þágu samfélagsins og efla samvinnu landsmanna, jafnt lærðra sem leikra um minjavernd.

Markmið laga um náttúruvernd er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt. Í lögunum er einnig að finna ákvæði sem stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum breytingum á náttúrunni. Jafnframt miða þau að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Lögunum er einnig ætlað að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf né land, loft eða lögur. Þau eiga að auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna. Einnig tryggja lögin rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsuþótar og aukinnar velsældar.

Markmið laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum er að móta og samræma stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í tengslum við fjölgun ferðamanna við helstu náttúruperlur og menningarminjastaði á Íslandi. Annars vegar er um að ræða efnislega innviði sem aukið geta álagspól viðkomandi staðar af völdum aukinnar ferðamennsku. Hins vegar er um að ræða óefnislega innviði, þar með talið umgengnisreglur og landvörslu, sem miða fyrst og fremst að því að vernda viðkomandi stað fyrir auknum ágangi án þess að breyta yfirbragði hans til langframa. Landsáætlun skiptist í stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára og þriggja ára verkefnaáætlun og hófst innleiðing hennar árið 2018.

Byggðaaætlun

Unnið er að því að styðja við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með byggðaaætlun stjórnsvalda. Sóknaráætlanir landshluta skilgreina svæðisbundnar áherslur byggðaaætlunar og taka mið af öðrum áætlunum ríkisins. Með þeim er sett fram langtímastefnumótun hvers landshluta og framtíðarsýn. Þannig er sóknaráætlunum ætlað að skapa aukna festu og efla fagleg vinnubrögð við áætlanagerð á sviði byggðamála. Með fyrirkomulaginu næst betri nýting á fjármunum og ákvarðanatöku er færð nær heimamönnum sem þekkja best til aðstæðna. Grunnstefið sem snýr að Íslandi er hvort byggðastefna leiði til minnkandi einangrunar tiltekinna þjóðfélagshópa og að jafnvægi sé á milli þéttbýlis- og dreifbýlisþróunar, til dæmis varðandi uppbyggingu innviða og þjónustu.

Enginn
skilinn
eftir





HEIMSMARKMIÐ 11.1, 11.2, 11.3, 11.4, 11.6, 11.7, 11.A OG FLEIRI



Kópavogur hefur innleitt heimsmarkmiðin inn í heildarstefnu sveitarfélagsins.

Innleiðing sveitarfélaga - Kópavogur og Mosfellsbær

Sveitarfélög á Íslandi nýta sér mismunandi nálganir við innleiðingu heimsmarkmiðanna og má helst greina þær í annars vegar heildstæða nálgun og hins vegar afmarkaða innleiðingu á ákveðnum sviðum. Auk þess eru dæmi um svæðisbundna nálgun, svo sem samvinnu nokkurra sveitarfélaga í svæðisskipulagsmálum, og verkefnatengda nálgun á borð við innleiðingu á orkuskiptum og heilsueflandi starf.

Kópavogur er næst stærsta sveitarfélag landsins og hefur innleitt heimsmarkmiðin inn í heildarstefnu sveitarfélagsins. Við val á yfirmarkmiðum hjá Kópavogsbæ var litið til eftirfarandi þriggja þátta: forgangsmarkmiða ríkisstjórnar Íslands, afstöðu Heimssambands sveitarfélaga til þess hvaða undirmarkmið falla að verkefnum sveitarfélaga og loks verkefna sem Kópavogsbær hefur skuldbundið sig til að vinna að, svo sem innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með þessari afmörkun eru forgangsmarkmið bæjarstjórnar Kópavogs, og þar með yfirmarkmið í heildarstefnu sveitarfélagsins, 34 talsins.¹

Í tengslum við stefnumótun bæjarins hefur verið ákveðið að innleiða mælingar á starfsemi sveitarfélagsins samkvæmt ISO 37120 staðlinum sem hefur verið tengdur við heimsmarkmiðin. Um er að ræða nýlegan staðal sem er fyrsti staðallinn í heiminum sem mælir þjónustu sveitarfélaga.² Við greiningu á ytra umhverfi í stefnumótunarferli bæjarstjórnar var ákveðið að notast við vísitölu félagslegra framfara (Social Progress Index) sem hefur verið tengd við heimsmarkmiðin.

Kópavogur er eitt af níu sveitarfélögum og landshlutum alþjóðlega sem hefur verið valið sem frumkvæðisverkefni hjá Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) í innleiðingu heimsmarkmiðanna.³

¹ Kópavogur, kopavogur.is/sdg.

² World Council on City Data, 2018, WCCD City Data for the United Nations Sustainable Development Goals, dataforcities.org.

³ OECD, A Territorial Approach to the SDGs, oecd.org.



Mosfellsbær hefur innleitt heimsmarkmiðin í umhverfisstefnu sína. Í því ferli voru íbúar virkjaðir til þátttöku á íbúafundi við markmiðssetningu og forgangsröðun verkefna. Útkoman var síðan tengd við heimsmarkmiðin. Meðal markmiða er að bærinn þróist á sjálfbæran og framsækinn hátt með vernd náttúrunnar og aukna velferð íbúa að leiðarljósi. Markmiðunum verður náð með aðgerðum á tíu sviðum sem öll eru tengd við eitt eða fleiri heimsmarkmið, en þetta eru verkefni eins og umhverfisfræðsla, sjálfbærar samgöngur og úrgangsstjórnun.



Mosfellsbær hefur innleitt heimsmarkmiðin í umhverfisstefnu sína.





Tryggja sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur

Ábyrg neysla og framleiðsla felur í sér sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda og orku, aðgang almennings að grunnþjónustu og grænum störfum og bætt lífsgæði allra. Innleiðing markmiðsins hjálpar til við að draga úr efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum kostnaði í framtíðinni, styrkir samkeppnishæfni og dregur úr fátækt.

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Minnka neyslu, draga úr matarsóun og minnka þar með vistspor Íslendinga**
- **Innleiða hringrásarhugsun í alla neyslu og framleiðslu til að tryggja að nýting auðlinda fari ekki yfir þolmörk náttúrunnar**
- **Ferðapjónusta í sátt við náttúru og samfélag**

Ísland stendur frammi fyrir töluverðum áskorunum til að ná markmiðum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Nýting náttúruauðlinda, til dæmis til orkuvinnslu, fiskveiða, ferðapjónustu, landbúnaðar og ýmis konar iðnaðar, eru meginstöðir í íslenska hagkerfinu. Því er mikið hagsmunamál að tryggja sjálfbæra og skilvirka nýtingu auðlindanna og tryggja að hún fari ekki yfir þolmörk náttúrunnar. Ýmsar aðferðir hafa verið þróaðar til að greina sjálfbærni, meðal annars hefur Global Footprint Network sett fram aðferðir til að reikna út vistspor ríkja heims.¹ Samkvæmt niðurstöðum þeirra er ljóst að Ísland er í hópi þeirra ríkja sem hafa verk að vinna við að draga úr vistspori sínu.

Sjálfbær neysla og framleiðsla og skilvirk nýting auðlinda

Íslensk stjórnvöld hafa ekki sett fram sérstaka áætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu en síaukin áhersla

er lögð á að bæta nýtingu og umgengni við auðlindir landsins. Undir formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2019 er verið að vinna vegvísi með það að markmiði að styðja lítil samfélög á Norðurlöndum til að gera áætlanir um sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Fiskveiðistjórnarkerfi Íslands er dæmi um afar skilvirka nýtingu auðlinda en fiskveiðar hafa í aldanna rás verið hornsteinn í íslensku efnahagslífi og fyrir fæðuöflun landsmanna. Fiskveiðistjórnarkerfið byggist á víðtækum rannsóknum á fiskstofnum og vistkerfi hafsins. Margir nytjastofnar á Íslandsmiðum hafa fengið vottun samkvæmt stöðlum sem eru í samræmi við alþjóðlegar samþykktir um sjálfbærni í fiskveiðum.

Stefna íslenskra stjórnvalda „Saman gegn sóun“ er stefna Íslands um úrgangsforvarnir fyrir tímabilið 2016–2027. Í stefnunni er megináhersla lögð á níu flokka, þar af eru sex þeirra; matvæli, plast, textíl, raftæki, grænar byggingar og pappír. Einnig er gert ráð fyrir að unnið verði til lengri tíma með aukaafurðir frá vinnslu kjöts og

¹ Global Footprint Network, footprintnetwork.org.



„Ekki nota bara eitthvað einu sinni, heldur nota það oft en einu sinni og ef eitthvað er brotið gera þá sitt besta til að laga það, ekki bara henda því.“

Bo Guttormsdóttir-Frost, 10 ára

fisks, drykkjarvöruumbúðir og að draga úr myndun úrgangs frá stóriðju. Í viðauka við stefnuna eru settir fram mælikvarðar og markmið fyrir plast, textíl, aukaafurðir frá vinnslu kjöts og fiskis, drykkjarvöruumbúðir og ál- og kísilmálmframleiðslu. Stefnan er í endurskoðun og verið er að taka mið af hringrásarhagkerfinu.

Stjórnvöld hafa unnið samkvæmt stefnu um vistvæn opinber innkaup frá árinu 2009. Stefnan var uppfærð 2013 með gildistíma til ársloka 2016. Ný lög um opinber innkaup tóku gildi 2016. Þar voru veittar auknar heimildir til að taka tillit til umhverfisverndar, sjálfbærni, félagslegra markmiða og nýsköpunar við opinber innkaup. Í samræmi við nýjar áherslur er unnið að útgáfu nýrrar innkaupastefnu ríkisins þar sem verða auknar áherslur á sjálfbær innkaup og mörkuð skýr stefna til framtíðar.

Úrgangsforvarnir og efnanotkun

Eitt af markmiðum úrgangsforvarnastefnunnar er að draga úr matarsóun, meðal annars til að bæta nýtingu auðlinda og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Niðurstöður fyrstu rannsóknar á sóun matvæla á Íslandi voru birtar 2016 og sýndu þær að matarsóun á heimilum á Íslandi sé sambærileg og í öðrum Evrópulöndum.² Í framhaldi af þeim verkefnum um matarsóun sem ýtt hefur verið úr vör verða markmið og mælikvarðar útfærð nánar í því skyni að draga úr matarsóun á hvern íbúa um tiltekið magn (kg á íbúa) innan tiltekins tíma.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hefur Ísland náð markmiðum úrgangslöggjafar ESB nema hvað varðar gler, timbur og lífrænan úrgang. Árið 2015 fóru tæp 78% heildarúrgangs í endurvinnslu eða aðra endurnýtingu og tæplega 88% af efnaúrgangi fóru til endurvinnslu en rúmlega tólf prósent voru brennd eða urðuð. Rúmlega 99% af blönduðum heimilisúrgangi voru urðuð eða brennd án orkunýtingar.³ Þá eru gerðar kröfur um að tiltekin mengandi fyrirtæki skili grænu bókhaldi.

Örugg efna- og úrgangsstjórnun eru grunnur að heilsuvernd og að tryggja sjálfbæra framleiðslu og þannig sjálfbæra neyslu. Efnalöggjöf á Íslandi er sambærileg við efna- löggjöf ESB en Ísland er aðili að Stokkhólmssamningnum um þrávirk lífræn efni og Basel-samningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa. Þá er Ísland aðili að Minamatasamningnum um kvikasilfur, Efnavopnasamningnum, Vínarsamningnum um vernd ósonlagsins og Montrealbókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og þeim hluta LRTAP (Long-Range Transboundary Air Pollution) samningsins sem fjallar um þrávirk lífræn efni. Ákvæði flestra framangreindra samninga eru innleidd með aðild Íslands að EES-samningnum. Þá hefur fullgilding BAN-viðauka við Basel-samninginn tekið gildi. Unnið er að fullgilding Kigali-breytingarinnar við Montrealbókunina.

² Umhverfisstofnun, nóvember 2016, Food Waste in Iceland - Methodological report.

³ Hagstofa Íslands, hagstofa.is.





Aukin sjálfbærni í ferðapjónustu

Þróun ferðapjónustu á Íslandi hefur verið mjög hröð á síðustu tíu árum og er greinin nú orðin ein af meginstöðum gjaldeyristekna þjóðarinnar. Hröðum vexti fylgja ýmsar áskoranir, ekki síst við að tryggja áframhaldandi verðmætasköpun samhliða vernd umhverfis og auðlinda, en náttúra Íslands er ein helsta forsenda fyrir viðgangi ferðapjónustu í landinu. Í ljósi þessa hafa aðgerðir stjórnvalda síðustu ár meðal annars miðað að því að vernda náttúru með bættum innviðum á ferðamannastöðum, dreifa ferðamönnum víðar um landið og yfir allt árið, auka öryggi og stuðla að ábyrgri ferðahegðun.

Ýmis verkefni á vegum stjórnvalda miða að því að bæta skipulag og stýringu innan ferðapjónustu. Unnið hefur verið að því að efla rannsóknir á þróun og áhrifum ferðapjónustu, m.a. hvað varðar umhverfi og samfélag. Hafa nú verið skilgreindir yfir 60 mælikvarðar sem munu nýtast við gerð álagsmats umhverfis, innviða og samfélags gagnvart fjölda ferðamanna á Íslandi. Samhliða stendur yfir vinna við að móta leiðarljós greinarinnar til framtíðar. Hvort tveggja verður lagt til grundvallar við endurskoðun á langtímastefnu um sjálfbæra þróun greinarinnar.

Áhersla fyrirtækja á samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Fjöldi fyrirtækja á Íslandi hefur sett sér stefnu um samfélagsábyrgð og gefur árlega út sjálfbærnisýrslur. Þetta er í takt við lög um ársreikninga þar sem kveðið er á um skyldu stórra félaga og eininga tengdum almannahagsmunum til birtingar ófjárhagslegra upplýsinga. Nokkur félög á Íslandi hafa farið þá leið að styðjast við viðmið UN Global Compact⁴ um sjálfbærni auk þess sem vaxandi fjöldi fyrirtækja styðst við alþjóðleg mælitæki samfélagsábyrgðar á borð við Global Reporting Initiative⁵ eða ESG upplýsingagjöf á umhverfis- og samfélagsháttum auk stjórnarháttanna⁶. Einnig er kominn hvati að ábyrgum og sjálfbærum fjárfestingum eftir að árið 2017 voru lögfestar kröfur um siðferðileg viðmið í fjárfestingum lífeyrissjóða.

Á alþjóðlegum vettvangi

Eins og fram kemur hér að framan tekur Íslandþátt í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi um efna- og úrgangssamninga. Á alþjóðavettvangi hefur Ísland aukinheldur tekið þátt í að mæla fyrir umbótum á sviði skaðlegra ríkisstyrkja til jarðefniseldsneyta, meðal annars með þátttöku í sameiginlegri ráðherrarýrslýngu þess efnis á 11. ráðherrafundi WTO í Buenos Aires. Þá tekur Ísland virkan þátt í norrænu samstarfi á sviði ábyrgar neyslu og framleiðslu og hefur meðal annars haft forgöngu um norrænt verkefni og mótun stefnu um lífhagkerfið. Ísland tekur einnig þátt í efnasamstarfi ESB á vegum Efnastofnunar Evrópu (ECHA) auk þess sem allir skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna hér á landi miða að því að gera framleiðsluhætti sjálfbærari, til að mynda með því að stuðla að sjálfbærri landnýtingu og fiskveiðistjórn.

⁴ UN Global Compact, unglobalcompact.org.

⁵ Global Reporting Initiative, globalreporting.org.

⁶ Nasdaq Iceland, nasdaqiceland.tumblr.com.





Verkefninu um ábyrga ferðapjónustu ýtt úr vör árið 2017. Fulltrúar fyrirtækja í ferðapjónustu undirrituðu yfirlýsingu þess efnis að setja sér markmið í ábyrgri ferðapjónustu, mæla þau og birta niðurstöðurnar reglulega.

Ábyrg ferðapjónusta

Í ferðapjónustunni eru margar áskoranir sem snúa að samfélagsábyrgð fyrirtækja og sjálfbærni. Þar má telja aukinn ágang á náttúruna, að réttindi starfsfólks séu virt, að nærsamfélögin sem ferðamenn heimsækja fái sanngjarnan skerf af ávinningnum og ekki síst að öryggi ferðamanna sé tryggt. Það var á þessum grunni sem FESTA, miðstöð um samfélagsábyrgð og Íslenski ferðaklasinn, ákváðu í upphafi árs 2017 að taka höndum saman um hvatningu um ábyrga ferðapjónustu út frá mælanlegum þáttum í sjálfbærni og samfélagsábyrgð. Verkefnið er unnið í breiðri samvinnu allra helstu hagaðila í ferðapjónustu en verndari verkefnisins er forseti Íslands.

Tilgangur verkefnisins er að stuðla að því að Ísland verði ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna um ókomna tíð sem styður við sjálfbærni fyrir komandi kynslóðir þjóðarinnar.

Áhersluþættirnir eru:

- Ganga vel um og virða náttúruna.
- Tryggja öryggi gesta og koma fram við þá af háttvísi.
- Virða réttindi starfsfólks.
- Hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið.



Í upphafi ársins 2019 höfðu hátt í 350 fyrirtæki undirritað yfirlýsingu þess efnis að setja sér markmið í ofangreindum áhersluþáttum, mæla þau og birta þau reglulega. Verkefninu hefur verið fylgt eftir með fræðslu, málstofum og reglulegum viðburðum tengdum viðfangsefninu.

Framundan er frekari þróun á verkefninu og skýrari tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Ábyrg ferðapjónusta mun hafa tengingu við eitt af formennskuverkefnum norrænu ráðherranefndarinnar sem leggur áherslu á sjálfbæra matarferðamennsku og nær verkefnatíminn frá 2019-2021. Markmið verkefnisins er meðal annars að auka skilning og efla vitund um mikilvægi neysluhegðunar og loftlagsbreytinga sem drifkrafta í matarferðapjónustu norrænna þjóða og brúa bilið milli matvælaframleiðanda og ferðamannsins sem neytenda.





Bráðaaðgerðir gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á náttúru og samfélög eru ein helsta áskorun alþjóðasamfélagsins. Meðal margbreytilegra áhrifa loftslagsbreytinga eru breytingar á hitastigi jarðar, öfgar í veðurfari, bráðnun jökla, auknir þurrkar og hækkun sjávarborðs og fyrirséð er að þetta mun hafa mest áhrif á fátækustu og berskjölduðustu íbúa jarðarinnar. Markmiðið um aðgerðir í loftslagsmálum tekur fyrst og fremst til þessarar

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Hækkun hitastigs og áhrif á gróðurfar og lífríki**
- **Súrnun sjávar og áhrif á lífríki í hafi**
- **Hækkandi sjávarstaða**

ógnar og miðar að því að lönd efli viðnámsþol og aðlögunar-getu til að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga á sama tíma og allt kapp er lagt á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Ísland er meðal þeirra þjóða sem losa einna mest af gróðurhúsalofttegundum miðað við höfðatölu. Afleiðingar loftslagsbreytinga hér við land eru hvað sýnilegastar í hraðri bráðnun jökla en súrnun sjávar með tilheyrandi breytingum á vistkerfi sjávar er einnig mikið áhyggjuefni, sem og spár um aukna úrkomu og skriðuföll, tíðari eldgos vegna landriss og hækkandi sjávarborð svo fátt eitt sé nefnt.

Staðan nú og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands

Ísland er aðili að Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna) og jafnframt aðili að Kýótó-bókuninni og Parísar-samkomulaginu. Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna er helsti vettvangur ríkja heims til þess að ná fram samningum um hnattræn viðbrögð við loftslagsbreytingum. Markmið Parísarsamkomulagsins er að koma í veg fyrir að hitastig jarðar hækki um meira en 2°C og helst ekki meira en um 1,5°C miðað við meðalhitastig jarðar fyrir iðnvæðingu. Ísland ætlar að taka þátt í sameiginlegu markmiði með ríkjum Evrópusambandsins og Noregi um að draga úr losun um 40% frá því sem var árið 1990. Reiknað er með því að nánara útfært markmið um samdrátt í losun fyrir Ísland liggi fyrir á árinu 2019. Forsætisráðherra Íslands undirritaði enn fremur í janúar 2019 yfirlýsingu ásamt öðrum norrænum forsætisráðherrum um sameiginlegar aðgerðir í loftslagsmálum sem fela í sér að efla samvinnu og vinna saman að kolefnishlutleysi.¹

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er mikil miðað við mannfjölda samanborið við mörg Evrópulönd, en hún var um 15,8 tonn koltvísýringsígilda á mann á árinu 2015. Í Evrópusambandinu var þessi tala 8,7 tonn á mann á ári,² en meðaltal á heimsvísu er um 6,5 tonn á mann á ári.³ Losun hér á landi er mest frá iðnaði og efnanotkun en þar á eftir

¹ Norræna ráðið og Norræna ráðherranefndin, 25. janúar 2019, Stepping up Nordic climate co-operation, norden.org.

² Eurostat.

³ Eurostat. World Resources Institute. wri.org.





„Umhverfið skiptir máli. Ég nenni ekki að fá menntun ef ég fæ ekki að nota hana í heimi sem skiptir máli.“

Stefán Borgar Brynjólfsson, 12 ára

kemur losun frá samgöngum á landi, landbúnaði og fiskveiðum. Ljóst er að á næstu árum þarf að grípa til umfangsmikilla aðgerða hér á landi til að draga úr losun svo uppfylla megi skuldbindingar Íslands gagnvart Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Ólíkt öðrum löndum er lítil losun frá orkuframleiðslu hér á landi og því litlir möguleikar til að draga úr losun í þeim geira þar sem bæði raforkuframleiðsla og húshitun á uppruna sinn í endurnýjanlegum orkuauðlindum landsins.

Áskoranir og aðgerðir

Mestu möguleikar til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda felast í að skipta út jarðefnaeldsneyti í samgöngum á landi og í sjávarútvegi. Jafnframt þarf að horfa til aðgerða sem leiða til samdráttar í losun frá landbúnaði.

Grænum hvötum og umhverfissköttum er nú beitt til að ýta undir þróun íslensks samfélags í átt að lággjöldni. Til dæmis er kolefnisskattur innheimtur af jarðefnaeldsneyti og opinber gjöld af vishæfum bílum (raf-, vetnis- og metanbílum) eru felld niður og vörugjöld af bifreiðum miðað við kolefnislosun. Uppbygging innviða vegna rafbíla er einnig styrkt af hinu opinbera. Losun frá stóriðju fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins um losunarheimildir (ETS). Þar er losunarheimildum fækkað á hverju ári sem leiðir til samdráttar í losun. Í aðgerðaáætlun stjórnvalda eru settar fram 34 aðgerðir sem miða að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, með áherslu á samdrátt í samgöngum og landnotkun.

Í íslenska skólakerfinu er töluverð áhersla lögð á sjálfbærni menntun, þar á meðal menntun um loftslagsbreytingar. Samkvæmt aðalnámskrá er sjálfbærni ein af sex grunnstoðum menntunar á Íslandi. Sömuleiðis má nefna verkefni Landverndar, Skólar á grænni grein, sem miðar að umhverfis- og sjálfbærni fræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum. Þátttaka í þessu valkvæða verkefni er góð en það nær til um þriðjungs leikskólanema og helmingss grunn- og framhaldsskólanema á landinu. Við háskóla landsins er gott framboð af námsleiðum í umhverfis- og sjálfbærni fræðum. Ísland hýsir fjórar námsleiðir undir merkjum Háskóla Sameinuðu þjóðanna (Jarðhitaskólann, Jafnréttisskólann, Landgræðsluskólann og Sjávarútvegsskólann) sem koma allir, beint og óbeint, inn á málefni tengd sjálfbærni og loftslagsbreytingum. Þá hefur verið unnið að verkefni um íslenska jökla sem lifandi kennslustofu, þar sem meðal annars er lögð áhersla á líkanareikninga á hörfun jökla, fargbreytingum, landrasi og fleira. Sérstök áhersla er lögð á að gera niðurstöðurnar sýnilegar og nýta til fræðslu.





Aðlögun og aukið viðnámsþol

Ljóst er að umhverfisbreytingar af völdum loftslagsbreytinga munu fela í sér nýjar áskoranir fyrir skipulagsgerð og hið byggða umhverfi, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs og bráðnunar jökla. Í landsskipulagsstefnu fyrir árin 2015-2026 er fjallað um hve mikilvægt sé að horfa til þess hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda við gerð skipulags. Jafnframt skal í skipulagi taka tillit til mögulegra áhrifa af völdum náttúruhamfara og loftslagsbreytinga. Er þar meðal annars horft til breytinga á rennsli jökuláa, hækkandi sjávarstöðu, aukinnar flóðahættu og sandfoks.

Aðlögun að loftslagsbreytingum snýst um viðbrögð við loftslagsbreytingum og að draga úr tjóni vegna líklegra breytinga. Á Veðurstofu Íslands er unnið að verkefni sem felst meðal annars í samhæfingu á rannsóknum og eftirliti á náttúrufarsbreytingum, gerð sviðsmynda um líklega þróun loftslags á Íslandi og úttekt á aðlögunarþörf vegna afleiðinga loftslagsbreytinga hér á landi, svo sem breytinga á sjávarstöðu, gróðurfari og jökulum. Verkefnið er unnið í samráði við hagsmunaaðila. Upplýsingar um áhrif og aðlögun að loftslagsbreytingum eru meðal annars birtar í skýrslu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Með loftslagsbreytingum má gera ráð fyrir að fjölga muni tilfellum skriðufalla og sjávarflóða. Á Veðurstofunni hefur verið unnið kerfisbundið að hættumati ofanflóða og einnig er vinna við eldgosa-, vatns og sjávarflóðahættumat hafin. Í Stjórnarráði Íslands er unnið að því að koma gerð hættu- og áhættumats vegna náttúruvár á Íslandi í formlegt ferli (sbr. lög 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum) og er stefnt að því að Hamfarasjóður myndi umgjörð um slíkt ferli.

Á alþjóðlegum vettvangi

Ísland var meðal fyrstu ríkja til að fullgilda Parísarsamkomulagið og mun samkvæmt því leitast við að ná sameiginlegu markmiði með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030. Áherslur íslenskra stjórnvalda á endurnýjanlega orku og sjálfbæra landnýtingu endurspeglast meðal annars í framlögum til alþjóðlegs samstarfs í gegnum Jarðhitaskóla og Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og í Græna loftslagssjóðinn (e. Green Climate Fund). Sjóðurinn hefur hingað til fjármagnað 193 verkefni í lág- og millitekjuríkjum en á síðasta ári fengu 42 verkefni stuðning frá sjóðnum. Þá styður Ísland sjóð á vegum rammisamnings Sameinuðu þjóðanna fyrir fátækustu ríkin en meginverkefni hans er að styðja við undirbúning og framkvæmd aðgerðaáætlana um aðlögun að loftslagsbreytingum. Eins beita íslensk stjórnvöld sér fyrir því að auka hlut kvenna frá fátækari ríkjum í alþjóðlegum viðræðum um loftslagsmál í gegnum sjóð Umhverfis- og þróunarstofnunar kvenna (Women's Environment and Development Organisation, WEDO).

Enginn
skilinn
eftir





Samkvæmt loftlagsstefnu Reykjavíkurborgar er stefnt að kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 og að sama ár verði bílaumferð og almenningssamgöngur lausar við losun gróðurhúsalofttegunda.

Reykjavíkurborg í forystu í loftslagsmálum

Þegar á fjórða áratug síðustu aldar skipaði Reykjavík sér meðal loftslagsvænstu borga í heimi þegar hafist var handa við að hita upp byggingar í Reykjavík með jarðhitavatni í stað jarðefnaeldsneytis. Hitaveituvæðingin markaði upphaf að orkubyltingu og í dag er öll orka sem nýtt er til rafmagnsnotkunar og upphitunar bygginga í borginni endurnýjanleg, það er jarðhiti og vatnsorka.

Reykjavík leggur áherslu á að halda forystu sinni í loftslagsmálum en samkvæmt loftlagsstefnu borgarinnar er stefnt að kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 og að sama ár verði bílaumferð og almenningssamgöngur lausar við losun gróðurhúsalofttegunda. Þá á hlutdeild gangandi og hjólandi umferðar sem og almenningssamgangna að aukast verulega, meðal annars með lagningu Borgarlínu. Sömuleiðis er stutt við orkuskipti í samgöngum og unnið að aukinni hlutdeild rafvæðra samgangna með fjölþættum aðgerðum.

Reykjavíkurborg hefur innleitt vistvænan rekstur og lagt áherslu á grænar fjárfestingar til að bæta umhverfi og lífsgæði borgarbúa. Má nefna hjóltreiddaáætlun Reykjavíkurborgar sem og Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010–2030 þar sem kveðið er á um friðun grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningssamgangna, vistvænar lausnir í sorphirðu og kröfur um vishæfar lausnir við nýbyggingar. Árið 2018 varð borgin svo fyrsti útgefandi grænna skuldabréfa á íslenskum markaði.

Reykjavík er þátttakandi í loftslagssáttmála sveitarfélaga (Covenant of Mayors) og í aðdraganda Parísarfundarins árið 2015 hafði borgin ásamt Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, forgöngu um að yfir 100 fyrirtæki á Íslandi skrifuðu undir yfirlýsingu um að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda. Yfirlýsingunni hefur svo verið fylgt eftir með ýmis konar stuðningi og fræðslu til fyrirtækjanna.

Þá hlaut Reykjavíkurborg náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2014 fyrir markvissar aðgerðir sveitarfélagsins í umhverfismálum.





Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt

Verndun hafsins er eitt mikilvægasta verkefni mannkyns nú á dögum. Tryggja þarf að mannkynið geti áfram notið auðlinda hafsins og hafið gegni áfram margþættu hlutverki sínu, meðal annars því hlutverki sem það hefur í vistkerfi jarðar. Koma þarf í veg fyrir að mengun, ofveiði og hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga ógni lífríki sjávar. Heilbriggt vistkerfi sjávar er og verður mikilvægt fyrir íslenskan

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Sjálfbærar fiskveiðar**
- **Súrnun sjávar og áhrif á lífríki í hafi**
- **Að sporna við frekari mengun sjávar, ekki síst af völdum plasts**

efnahag og mikilvæg uppspretta fæðu fyrir hundruð milljónir manna í heiminum. Það er yfirlýstur vilji stjórnvalda að vinna með atvinnulífinu að vernd hafsins og sjálfbærri nýtingu auðlinda þess með samhentum aðgerðum. Heimsmarkmiðin setja ákveðinn ramma utan um þá vinnu bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Í þróunarsamstarfi leggur Ísland ríka áhersla á sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins enda eru málefni hafsins í forgangi í íslenskri utanríkisstefnu.

Umhverfisvernd og loftslagsmál

Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að halda hafinu hreinu svo og að lágmarka mengun frá landi auk mengunar sem hingað berst að utan. Í hafinu umhverfis Ísland er styrkur þungmálma, þrávirkra lífrænna efna og fleiri mengunarefna í hafinu og sjávarfangi mun lægri en á öðrum hafsvæðum í Evrópu og langt frá að nálgast viðmiðunarmörk hvað varðar heilsu manna og vistkerfi.¹ Styrkur sumra mengunarefna fer minnkandi í hafinu umhverfis Ísland en vaxandi áhyggjur eru af mengun vegna rusls í hafi, ekki síst plasts.

Stjórnvöld hafa sett sér forvarnastefnu varðandi úrgang, „Saman gegn sóun,“ og er þar sérstök áhersla á að draga úr magni plastúrgangs og auka endurvinnsluhlutfall hans. Enn fremur er í vinnslu aðgerðaáætlun stjórnvalda sem er ætlað að draga úr plastnotkun og fjallar einn hluti þeirrar aðgerðaáætlunar sérstaklega um plast í hafi. Í gildi er samkomulag milli Úrvinnslusjóðs og útvegsmanna um endurvinnslu veiðarfæra og hefur það skilað góðum árangri en magn veiðarfæraúrgangs er um 1.100 tonn á ári.² Í formennskutið Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2019 er mikil áhersla lögð á rannsóknir á umfangi plastmengunar í hafi og vitundarvakningu um hana.³

Ísland hefur skuldbundið sig til að draga úr losun koldíoxíðs í samræmi við Parísar-samkomulagið. Sýrustig hafs lækkar af völdum upptöku koldíoxíðs úr andrúmsloftinu

¹ Umhverfisstofnun, Mengun hafs og stranda, ust.is.

² Úrvinnslusjóður, Veiðarfæri: Veiðarfæri úr gerviefnum, urvinnslusjodur.is.

³ Norræna ráðherranefndin, 2018, Gagnvegir góðir: Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.





„Fiskar, fuglar og hvalir borða plastið og dýrin geta dáið. Ég hef séð myndir af dánum hvölum og fuglum sem er hræðilegt. Uppáhaldsfuglinn minn er spói og ég sá einn svoleiðis sem var eins og plastskrímsli, ég bara táraðist.“

Atli Svavarsson, 11 ára

og óttast er að í framtíðinni muni lækkunin hafa skaðleg áhrif á lífríki hafsins, svo sem á kalkþörungum, skeldýr og kóralla. Hafrannsóknastofnun rannsakar og vaktar súrnun sjávar en vöktunin á sér langa sögu á heimsvísu og hefur vakið athygli á alþjóðavettvangi. Í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er unnið að aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2018-2030.

Vernd haf- og strandsvæða

Ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um vernd og nýtingu lifandi auðlinda sjávar og stranda og verndun vistkerfisins eru byggðar á vísindalegri ráðgjöf. Ísland hefur tilkynnt 14 verndarsvæði í hafi innan efnahagslögsögu Íslands í gagnagrunn OSPAR samningsins. Fjöldmörg önnur svæði eru lokuð í því skyni að vernda lífríki hafsins, ekki síst smáfisk. Sum svæðanna eru lokuð tímabundið, en önnur hafa verið lokuð í áratugi. Á flestum þessara svæða er bann við notkun einnar eða fleiri tegundar veiðarfæra. Stjórnvöld leggja áherslu á að ljúka kortlagningu hafsbotnsins innan landhelgi Íslands en kortlagningin er grunnur vísindaráðgjafar um verndun viðkvæmra vistkerfa á hafsbotninum.

Sjálfbærar veiðar

Stefna stjórnvalda í fiskveiðistjórn er að lifandi auðlindir hafsins séu nýttar á sjálfbæran hátt. Markmið um að koma í veg fyrir ofveiði og ólöglegar veiðar er vel á veg komið.⁴ Á Íslandi hefur verið byggt upp fiskveiðistjórnarkerfi sem stuðla á að ábyrgum fiskveiðum á sjálfbærum grunni og góðri umgengni um vistkerfi hafsins og byggir á víðtækum rannsóknum á fiskstofnum og vistkerfinu. Ákvarðanir um veiðar og heildarafla eru teknar á grundvelli vísindalegrar ráðgjafar og öflugt eftirlit er með fiskveiðum og skráningu afla. Íslenskur sjávarútvegur nýtur engra ríkisstyrkja, en þeir yta undir ofveiði og offjárfestingu í fiskiskipaflota.

Á alþjóðlegum vettvangi

Í þróunarsamvinnu byggist stefna íslenskra stjórnvalda á því að nýta íslenska þekkingu við að leysa alþjóðleg og staðbundin viðfangsefni, svo sem á sviði fiskimála. Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna hefur starfað á Íslandi síðan 1998 með það að markmiði að efla sérþekkingu sérfræðinga í þróunarríkjum á sjávarútvegi og fiskveiðum. Þannig leggja íslensk stjórnvöld sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærum fiskveiðum og vinnslu afurða í viðkomandi löndum.

⁴ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2. júní 2017, Adoption of Fisheries Management Plans with long term precautionary Harvest Control Rules for commercially harvested fish stocks in Icelandic waters.

Enginn
skilinn
eftir





Ísland fjármagnar stöðu sérfræðings á sviði fiskimála hjá Alþjóðabankanum með aðsetur í Accra í Ghana. Í samstarfi við Alþjóðabankann kemur Ísland að verkefnum á sviði fiskimála í Líberíu og Síerra Léone sem hafa heimsmarkmið 14 sem yfirmarkmið og snúa að hreinsun strandsvæða og auknu hreinlæti á löndunarstöðum afla. Þá er Ísland í samstarfi við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sp (FAO) um verkefni sem snýr að því að styrkja og innleiða samning FAO um hafnríkiseftirlit (Port State Measures Agreement) hjá smáeyríkjum (Small Island Developing States) í karabíska hafinu og löndum í Vestur Afríku en markmið þessa samnings er að koma í veg fyrir landanir á ólögmætum sjávarafla.

Ísland er einnig stofnaðili ProBlue sjóðs Alþjóðabankans er varðar málefni hafsins og bláa hagkerfið og leggur þar áherslu á sjálfbæra fiskveiðistjórnun og aðgerðir gegn plasmengun í hafi. Ísland styður einnig áttak Umhverfisstofnunar Sp gegn plasmengun í sjó.

Ísland hýsir skrifstofu vinnuhóps Norðurskautsráðsins (e. Arctic Council) um málefni hafsins (PAME) sem er staðsett á Akureyri. Þá hefur Ísland verið leiðandi í alþjóðlegu samstarfi um málefni hafsins, hafréttarmál og fiskveiðar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, FAO og innan svæðisbundinnar fiskveiðistjórnar, meðal annars á vettvangi Norðaustur Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Ísland tekur virkan þátt í viðræðum ríkja á vettvangi WTO í Genf um heimsmarkmið 14.6 sem miðar að því að banna eða takmarka ríkisstyrki í sjávarútvegi. Ísland gegndi formennsku á aðildarríkjafundi Hafréttarsamningsins árið 2017 og tók virkan þátt í hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í júní sama ár til stuðnings framkvæmdar á heimsmarkmiði 14. Á ráðstefnunni stýrði sjávarútvegsráðherra Íslands viðræðum um hafrannsóknir og miðlun tækniþekkingar um hafrannsóknir. Þá tekur Ísland virkan þátt á fjölþjóðlegri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um gerð samnings um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (BBNJ).





Kvótakerfið í sjávarútvegi á Íslandi hefur leitt af sér stórlega bætta stöðu fiskistofna.

Hagkvæmar fiskveiðar í sátt við umhverfið

Fiskveiðar hafa víða um heim fengið á sig slæmt orð vegna ofveiði og umgengni sem meðal annars lýsir sér í brottkasti á óæskilegum afla og taumlausri samkeppni um takmarkaðar auðlindir. Flestir eru á því að ein helsta ástæða þessa dapurlega ástands sé skortur á vel skilgreindum fiskveiðiréttindum. Samkeppni um fiskinn leiðir til gengdarlausrar offjárfestingar í skipum og búnaði. Þetta leiðir til sóunar í greininni sem hefur verið áætluð allt að 83 milljarðar bandaríkjadala árlega að mati Alþjóðabankans.

Upp úr 1980 varð stjórnvöldum á Íslandi ljóst að óhjákvæmilegt væri að grípa til róttækra aðgerða til verndunar fiskistofna við landið. Eftir tilraunir með ýmsar aðferðir til að takmarka veiðar varð aflamarkskerfi með hlutdeildarsetningu fyrir valinu og síðar var opnað fyrir framsal aflaheimilda til að auðvelda sjávarútveginum að hagræða til að bregðast við breyttum aðstæðum.

Fáum var ljóst í byrjun að hlutdeildarkerfið og framsal heimilda myndu gerbreyta fiskiðnaðinum á Íslandi, frá því „að veiða sem mest á sem stystum tíma“ yfir í það að vinna sem mest verðmæti úr kvótanum.

Sjávarútvegur hefur ekki notið ríkisstyrkja á Íslandi síðustu ár, en þegar hagar greinarinnar fór að vænkast tók ríkið að skattleggja þessar veiðiheimildir með beinum hætti með veiðigjöldum. Þegar kvótakerfið hafði fest sig í sessi fyrir allar verðmætustu tegundirnar mátti greina nýjan tón í greininni allri: Áður var það nánast reglan að yfirvöld voru krafín um hærri heildarkvóta en til stóð að úthluta, en nú er það atvinnugreinin sem vill fara varlega í sakirnar. Niðurstaðan er stórlega bætt staða fiskistofna sem samfara fækkun fiskiskipa hefur leitt til meiri veiði á sóknareiningu, eldsneytisnotkun í fiskiðnaði hefur minnkað um 43% (1990-2016) og brottkast á afla heyrir til undantekninga. Segja má að aflamarkskerfið hafi stuðlað að því að atvinnugreinin hefur hvata til að hámarka langtímaafkrastur og um leið sjálfbæra nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. Þá hafa útgerðir tekið sig saman um að koma með að landi allt rusl sem fellur til við veiðarnar, þar með talið hafa 8000 tonn af ónýtum veiðarfærum farið í endurvinnslu.





Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærri stjórn skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

Eyðing skóga og eyðimerkurmyndun af mannavöldum fela í sér miklar áskoranir fyrir sjálfbæra þróun og baráttuna gegn fátækt í heiminum. Mikilvægt er að berjast gegn frekari eyðingu skóga og eyðimerkurmyndun og vinna markvisst að endurheimt landgæða til þess að ná markmiðinu um að vernda líf á landi. Lífríki Íslands mótast af því að landið er eldvirk og ung úthafseyja fjarri öðrum löndum,

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Að vinna áfram að því að byggja upp net verndarsvæða sem ná yfir sem flesta þætti íslenskrar náttúru**
- **Að vinna að endurheimt landgæða, stöðva eyðingu vistkerfa og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni**
- **Að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa lands**

staðsett norður við heimskaupsbaug. Jafnframt hafði landnám manna mikil áhrif og eru vistkerfi á landi mjög mótuð af áhrifum mannsins sem lengst af var háður auðlindum þeirra til lífsbjargar. Til dæmis var gengið mjög á skóga landsins, gróðurlendi eyddust vegna ósjálfbærrar beitar og votlendi voru ræst fram til landbúnaðar. Nú hefur tekist að stöðva þessa eyðingu fyrri alda að mestu leyti. Verkefni við að endurheimta landkosti og tryggja sjálfbæra nýtingu landgæða sem og vernd lífs á landi eru þó umfangsmikil. Vaxandi áhrif loftslagsbreytinga á undanförunum áratugum hafa þegar haft merkjanleg áhrif á lífríki landsins og munu væntanlega gera áfram.

Varðveisla líffræðilegrar fjölbreytni

Mikilvægur þáttur í sjálfbærri þróun felst í því að sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Til að það takist þarf að grípa til ýmissa aðgerða til að vernda náttúruna. Í því sambandi skiptir ný náttúruverndarlöggjöf frá árinu 2015 miklu máli fyrir Ísland en hún styður við slíkar aðgerðir.

Stofnun verndarsvæða er mikilvæg aðgerð til verndar lífríkis. Um 20% landsins eru nú friðlýst en töluvert skortir hins vegar á að friðlýstu svæðin endurspegli nægjanlega vernd lífríkis og þau búsvæði dýra og plantna sem þarfnast verndar. Á síðustu árum hefur verið unnið skipulega að flokkun landsins í vistgerðir að alþjóðlegri fyrirmynd. Í þeirri flokkun er dregið fram hvaða svæði á landinu sé mikilvægast að vernda. Þannig er að verða til góður grundvöllur þekkingar til að skipuleggja nauðsynlegar verndaraðgerðir til að koma í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni í landinu. Náttúrufræðistofnun Íslands gerir válista yfir lífríki landsins. Á árinu 2018 voru gefnir út válistar fyrir æðplöntur, fugla og spendýr. Alls eru 56 æðplöntur á válista, 41 fuglategnud og fimm tegundir spendýra.¹

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands, Válistar, ni.is.





„Móðir jörð getur án okkar verið,
en við alls ekki án hennar.“

Svava Arnarsdóttir, 9 ára

Löggjöf um villt dýr landsins byggist á því að þau séu öll friðuð en hins vegar eru veittar undanþágur til veiða á ákveðnum tegundum. Miklu máli skiptir að sífellt sé unnið að eflingu þekkingar til að bæta ákvarðanatöku um sjálfbærni veiðanna og meta hvaða tegundir þoli veiði.

Ágengar framandi lífverur stuðla að hnignun líffræðilegar fjölbreytni og þarf að sporna við slíku. Hér hafa nokkrar innfluttar tegundir reynst ágengar og má þar sérstaklega nefna mink, alaskalúpínu og skógarkerfil. Mikilvægt er að vinna að því að hefta útbreiðslu þeirra og leita leiða til að koma í veg fyrir innflutning á nýjum framandi tegundum sem kunna að reynast ágengar.

Stjórnvöld hafa sett málefni miðhálandisins í forgang og stefna að því að stofna þar þjóðgarð með það að markmiði að efla vernd þess. Verði af stofnun þjóðgarðsins verður hann langstærsti þjóðgarður Evrópu svo þar gæti Ísland orðið í fararbroddi við vernd fjalllendis og lífríkis þess.

Vernd, endurheimt og sjálfbær nýting vistkerfa, þar með talið skóga

Barátta við uppblástur, gróðureyðingu og eyðimerkurmyndun hefur staðið yfir í rúmlega eina öld hér á landi. Margt hefur áunnist en fyrirbyggjandi eru krefjandi verkefni til að stuðla að sjálfbærri landnýtingu og við endurheimt vistkerfa.

Eftir aldalanga eyðingu hefur náðst að stöðva eyðingu skóga á Íslandi. Skógaþekja varð hér minnst á áttunda áratug síðustu aldar eða einungis um eitt prósent. Náttúrulegir birkiskógar landsins eru nú víða í verulegri útbreiðslu vegna samspils ræktunaraðgerða, minnkandi beitar og hlýnandi loftslags. Jafnframt hefur ræktun skóga með víðtækari markmið sjálfbærrar þróunar aukist, sérstaklega vegna bindingar kolefnis og staðbundinnar verðmætasköpunar. Þekja skóga hefur því liðlega tvöfaldað síðustu áratugi.²

Stór hluti votlendis á láglandi var ræstur fram til landbúnaðar á árunum eftir stríð og fram undir 1980. Þetta hafði mikil áhrif á líf á landi. Einungis hluti þess lands sem var ræst fram var hins vegar tekinn til túnræktar eða beitar. Mikilvægt er að leita leiða til að endurheimta votlendisvistkerfi vegna mikilvægs lífríkis þeirra og til að auka bindingu kolefnis. Verulegur hluti gróðurþekju þerrlendisvistkerfa landsins er rofinn, ekki síst á viðkvæmari svæðum gosbeltisins. Með landgræðslu er unnið að endurheimt gróðurs og jarðvegs á þessum svæðum. Stjórnvöld hafa áform um að auka verulega á næstu árum stuðning við endurheimt vistkerfa á landi, bæði vegna jákvæðra áhrifa þess fyrir lífríki og vegna þeirra jákvæðu loftslagsáhrifa sem slíkar aðgerðir hafa.

² Skógræktin, 2017, Forestry in a Treeless Land, 5. útgáfa.





Á alþjóðlegum vettvangi

Ísland hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegri umræðu um þátt eyðimerkurmyndunar og endurheimtar vistkerfa í sjálfbærri þróun. Í samstarfi við Háskóla Sameinuðu þjóðanna rekur Ísland Landgræðsluskóla (UNU-LRT) sem vinnur að uppbyggingu þekkingar í þróunarlöndum á því sviði og miðlar af reynslu Íslendinga við endurheimt landgæða og landgræðslu. Ísland er á meðal stofnenda vinahóps Eyðimerkursamningsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem kom því til leiðar að verndun, endurheimt og stöðvun landeyðingar hlyti ríkari sess í heimsmarkmiðunum en áætlað var. Síðastliðið ár hefur Ísland einnig leitt samningaviðræður um ályktun er varðar eyðimerkurmyndun og landgræðslu í annarri nefnd Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um sjálfbæra þróun.

Ísland hefur jafnframt beitt sér fyrir því að málefni sem varða endurheimt vistkerfa geti orðið hluti af samþættum aðgerðum við að berjast gegn loftslagsbreytingum á vettvangi Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UN-FCCC). Íslenskir sérfræðingar hafa einnig tekið þátt í hnattrænu samstarfi um jarðvegsból í þágu fæðuöryggis (e. Global Soil Partnership for Food Security) á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO).

Ísland hefur að auki verið virkur þátttakandi í ýmsum alþjóðasamningum sem lúta að lífi á landi og má þar sérstaklega nefna Samninginn um líffræðilega fjölbreytni (UN-CBD), Ramsar-samninginn um vernd votlendis og CITES-samninginn um alþjóðaverslun með plöntur og dýr í útrýmingarhættu. Vinnuhópur Norðurskautsráðsins (e. Arctic Council) um verndun lífríkis (CAFF) er staðsettur á Akureyri.





LÖSMYND: HREINN ÓSKARSSON



Tilgangur Heklu-skóga er að auka þanþol vistkerfisins gagnvart öskufalli vegna eldgosa og koma í veg fyrir fok og dreifingu öskunnar með vatni og vindum.

Hekluskógar

Hekluskógar hafa að markmiði að endurheimta birkiskóga á um 90 þúsund hektara svæði í nágrenni eldfjallsins Heklu. Tilgangur verkefnisins er að auka þanþol vistkerfisins gagnvart öskufalli vegna eldgosa og koma í veg fyrir fok og dreifingu öskunnar með vatni og vindum sem getur haft veruleg neikvæð áhrif á vistkerfi og mannlegt samfélag. Auk þess hefur endurheimt vistkerfa á svæðinu í för með sér að líffræðileg fjölbreytni eykst, bindingu kolefnis og aukna möguleika til nýtingu lands sem áður var örfoka. Aðferðafræði verkefnisins byggir á að gera yfirborð jarðvegs stöðugt og mynda eyjar birkis og víðis sem síðan dreifa sér á náttúrulegan hátt.

Verkefnið hefur frá upphafi þess árið 2007 verið skipulagt í samstarfi við landeigendur og sveitarfélög á svæðinu. Landeigendur á svæðinu hafa tekið virkan þátt í endurheimtarstarfinu með því að gróðursetja trjáplöntur og hafa fengið til þess stuðning frá verkefninu. Alls hafa verið gerðir samningar við 236 landeigendur um slíkt samstarf. Fyrirtæki, félagasamtök og skólar hafa einnig tekið virkan þátt með því að verja heilum eða hálfum degi í sjálfböðavinnu á svæðinu við gróðursetningu, áburðardreifingu og sáningu. Samhliða þessu fá sjálfböðaliðar fræðslu um svæðið og endurheimtarstarfið.





Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla jarðarbúa, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum

Ísland er talið eitt friðsælasta land heims samkvæmt Efnahags- og friðarstofnuninni (IEP) og hefur verið það frá árinu 2008.¹ Þó má margt betur fara og hafa Íslensk stjórnvöld einsett sér að taka sérstaklega á aðkallandi málum, svo sem á ofbeldi í íslensku samfélagi. Með utanríkisstefnu sinni leggur Ísland lóð sín á vogar-skálarnar til að stuðla að friðsamlegri lausn deilumála, virðingu fyrir alþjóðalögum og mannréttindum, jafnrétti, lýðræði og hagsæld.

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Berjast gegn skipulagðri brotastarfsemi**
- **Draga úr hvers kyns ofbeldisbrotum**
- **Efla traust á stjórnmal og stjórnsýslu og réttarvörslukerfið**

Réttarríki

Jafn aðgangur allra að réttarkerfinu á Íslandi er grunnþáttur í íslensku réttarfari en að efla réttarríkið er þó viðvarandi markmið. Í því sambandi þarf að gæta þess sérstaklega að mæta ólíkum þörfum einstaklinga, s.s. börnum, fatlaðs fólks og fólks af erlendum uppruna til að tryggja þeim aðgang að réttarkerfinu til jafns við aðra og möguleika á að nýta rétt sinn. Frá og með 1. janúar 2018 er dómstólakerfið

á Íslandi þriggja þrepa kerfi í stað tveggja áður. Með þeirri breytingu var réttarkerfið á Íslandi styrkt enn frekar.

Ofbeldi

Íslensk stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á að draga úr hvers kyns ofbeldi. Í mars 2017 var efnt til samráðs á landsvísi milli félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfis, lögreglu og ákærvalds undir forystu velferðar-, dómsmála- og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aðgerðaáætlun til fjögurra ára gegn ofbeldi í íslensku samfélagi. Samráðshópur um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins skilaði aðgerðaáætlun til dómsmálaráðherra 2017 og samþykkti ríkisstjórnin að veita viðbótarfjármagni til innleiðingar aðgerða. Vinnu við áætlunina miðar vel og er jákvæður árangur aðgerðanna strax sýnilegur. Þá var í upphafi 2018 stofnaður stýrihópur um úrbætur gegn kynferðislegu ofbeldi (sjá kafla um heimsmarkmið 5) sem fylgir eftir innleiðingunni, mótar stefnu um aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi og beitir sér fyrir innleiðingu Ístanbúl-samningsins, samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi sem Ísland fullgilti árið 2018. Liður í undirbúningi þess var að lögfesta tvö refsíákvæði í íslensk hegningarlög, um bann við ofbeldi í nánum samböndum og um nauðungarhjóraband. Markmiðið er að Ísland verði í fremstu röð í baráttunni gegn hvers

¹ Vision of Humanity, Global Peace Index 2018, visionofhumanity.org.



„Ef við viljum búa í sanngjörnu samfélagi þurfa allar raddir samfélagsins að fá að heyrast jafnt. Raddir barna verða líka að heyrast, til dæmis þegar á að taka ákvarðanir um börn“

Lilja Margrét Óskarsdóttir, 17 ára

kyns kynbundnu ofbeldi. Til að svo verði þarf að huga sérstaklega að hópum sem eru í viðkvæmri stöðu og þar af leiðandi berskjaldaðri fyrir ofbeldi, s.s. fatlað fólk.

Vernd barna

Ísland hefur fullgilt og lögfest barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Árið 2018 var tekin saman fimmta og sjötta skýrsla Íslands um framkvæmd hans. Við gerð skýrslunnar var lögð áhersla á samráð við börn og fylgdi sérstök barnaskýrsla með skilaðum frá börnum með sem viðauki við skýrslu ríkisins. Ríkisstjórn Íslands hefur lagt mikla áherslu á að réttindum barna samkvæmt barnasáttmálanum sé fylgt eftir í framkvæmd og endurspeglast það meðal annars í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og fjármálastefnu fyrir árin 2019-2023. Ísland er í fyrsta sæti samkvæmt barnaréttarvísitölunni KidsRightsIndex sem mælir að hve miklu leyti réttindi barna eru virt um allan heim. Stjórnvöld leggja hins vegar áherslu á enn frekari umbætur til að standa vörð um réttindi barna í hvívetna.²

Embættisheiti ráðherra félagsmála hefur nú verið breytt í félags- og barnamálaráðherra og í byrjun árs 2019 skipaði hann sérstakan stýrihóp Stjórnarráðsins um málefni barna. Stefnt er að því að hópurinn, í samstarfi við þingmannanefnd um málefni barna og Samband íslenskra sveitarfélaga, muni meðal annars endurskoða barnaverndarlögin, félagslega umgjörð í málefnum barna og þjónustu við börn á landsvísi. Þá samþykkti ríkisstjórnin nýlega tillögu félags- og barnamálaráðherra um að stefnt verði að aukinni þátttöku barna í stefnumótun stjórnvalda og að stærri ákvarðanatökur og lagafrumvörp skuli rýnd út frá áhrifum á stöðu og réttindi barna.

Vernd barna gegn ofbeldi hefur verið forgangsmál hjá íslenska ríkinu. Barnahús hefur starfað frá árinu 1998, en þar geta börn sem grunur leikur á að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða annars konar alvarlegu ofbeldi fengið alla þjónustu á einum stað. Árið 2018 var opnuð ný starfsstöð Barnahúss á Akureyri í því skyni að auka aðgang barna á landsbyggðinni að nauðsynlegri sérfræðiþjónustu. Í Barnahúsi fara fram könnunarviðtöl og/eða skýrslutökur fyrir dómstólum í málum þar sem grunur leikur á að börn hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. Einnig fara fram viðtöl í Barnahúsi við börn sem komið hafa hingað til lands án forsvaraðila og sótt um alþjóðlega vernd.

Unnið hefur verið að úttekt á stöðu barna á flótta og gerð skýrslu þar sem lagðar eru til úrbætur er varða málefni barna á flótta auk þess sem UNICEF á Íslandi, í samstarfi við félagsmálaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, Listaháskóla Íslands,

² KidsRight, kidsrights.org.



Hönnunarmiðstöð Íslands og Félag iðn- og vöruhönnuða, stendur að verkefninu HEIMA: móttaka barna í leit að alþjóðlegri vernd frá sjónarhóli barnsins. Markmið verkefnisins er að koma auga á helstu áskoranir við móttöku fylgdarlausra barna og barna sem koma til Íslands í fylgd fullorðinna, með það fyrir augum að geta framfylgt skuldbindingum Íslands um móttöku barna og að það sem barni sé fyrir bestu sé haft að leiðarljósi.

Ísland hefur fullgilt samþykktir frá Alþjóðavinnuáráðinu (ILO) er varða lágmarksaldur við vinnu, samþykkt um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlaugar aðgerðir til að afnema hana, samþykkt um nauðungarvinnu eða skyldu-vinnu og samþykkt um afnám nauðungarvinnu. Þá er unnið að áherslum stjórnvalda í aðgerðum gegn mansali og annars konar hagnýtingu þar sem sérstaklega er gert ráð fyrir aðstoð fyrir börn.

Alþingi hefur í meðförum frumvarp þar sem komið er til móts við ný og breytt viðhorf til opinberrar skráningar kyns og stuðlað að réttarbótum transfólks með því að heimila einstaklingum sem eru 15 ára og eldri að skilgreina kyn sitt á eigin forsendum og ráða skráningu þess. Börnum sem eru yngri en 15 ára er einnig veitt sú heimild með samþykki forsjáraðila eða ef sérfræðinefnd fellst á erindi barns til að fá að breyta skráningu kyns. Í frumvarpinu er staðfestur réttur einstaklinga til að breyta kyn-skráningu sinni í samræmi við eigin upplifun og án þess að þurfa að sæta skilyrðum um sjúkdómsgreiningu og lækni meðferð eða uppfylla kröfur um atferlisþjálfun. Jafnframt heimilar frumvarpið hlutlausa kynskráningu. Drögin að frumvarpinu fengu almennt afar jákvæðar umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda í byrjun árs 2019.

Skipulögð brotastarfsemi og spilling

Brotastarfsemi verður sífellt alþjóðlegri í eðli sínu og við því hafa íslensk stjórn-völd brugðist með auknu alþjóðlegu samstarfi og eflingu innlendra stofnana í réttarvörslukerfinu og víðar. Ísland er aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi og að Alþjóðalögreglunni Interpol og Europol ásamt því að taka þátt í Schengen samstarfinu. Ísland er einnig aðili að alþjóðlega fjármálaðgerðahópnum Financial Action Task Force (FATF) og hafa stjórnvöld þegar lokið þýðingarmiklum áfanga til að bregðast við tilmælum FATF um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og verður þeirri vinnu haldið áfram á næstu misserum. Þessar aðgerðir eru mikilvægur liður í því að standa vörð um fjármálakerfið til þess að hindra að ólögmetur ávinningur af brotastarfsemi flæði þar í gegn. Þá skiptir sú vinna einnig miklu máli í baráttunni gegn skipulagðri brota-starfsemi. Ísland er jafnframt aðili að ríkjahópi gegn spillingu innan Evrópuráðsins (GRECO), samningi OECD um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum og Sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu (UNCAC). Stjórnvöld upplýsa þessar stofnanir reglulega um íslenska lög-gjöf, stjórnsýslu og annað sem máli skiptir svo hægt sé að leggja mat á frammistöðu Íslands og vinna að frekari úrbótum.





Skilvirkar og ábyrgar stofnanir

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á að auka gagnsæi með stefnumótun hér innanlands sem meðal annars felst í lagasetningu og vitundarvakningu. Í því skyni hefur Alþingi samþykkt siðareglur sem meðal annars ættu að auka gagnsæi auk þess sem dómarar og ákærendur hafa sett sér siðareglur. GRECO hefur lagt áherslu á að styrkja hagsmunaskráningu þingmanna og þá um leið ráðherra sem flestir eru líka þingmenn. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á góð vinnubrögð, opna stjórnsýslu og gagnsæi. Forsætisráðherra skipaði starfshóp til að yfirfara reglur um hagsmunaskráningu bæði ráðherra og þingmanna með hliðsjón af ábendingum og alþjóðlegum viðmiðum. Forsætisráðherra skipaði einnig nefnd um umbætur á löggjöf á sviði tjáningar-, fjölmiðla- og upplýsingafrelsis, þar á meðal breytingar á lögum sem varða vernd uppljóstrara og umbætur í umhverfi stjórnsýslu, meðal annars í takt við ábendingar alþjóðastofnana. Nefndin skilaði níu frumvörpum sem fela í sér umbætur. Þá verður lagt til við forsætisnefnd að reikningar Alþingis verði opnaðir í samræmi við það sem þegar hefur verið gert í Stjórnarráðinu.

Gagnsæi í stjórnsýslu og þátttaka almennings

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að efla traust á stjórnmalum og stjórnsýslu. Á undanförunum árum hefur íslensk stjórnsýsla þróast í átt að aukinni viðbragðshæfni og þátttöku almennings í ákvarðanatöku. Jafnframt hafa stjórnvöld á síðustu árum unnið í anda opinna stjórnsýslu og opnað nýjan Stjórnarráðsvef þar sem möguleiki er á endurgjöf almennings og fyrirtækja með ýmsum hætti. Einnig hefur verið opnuð samráðsgátt þar sem almenningi er veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum varðandi lagafrumvörp og aðra stefnumarkandi ákvarðanatöku stjórnvalda á framfæri. Árið 2016 voru jafnframt samþykkt ný lög um opinber fjármál sem tengja saman stefnumótun stjórnvalda við ríkisfjármál. Með innleiðingu laganna verður fjárlagaferlið gagnsærra, stefnuþættir opnari og beintengdir fjármagni sem einnig mun leiða til þess að fjárlagaferlið verði opnara almenningi.

Tjáningarfrelsi og aðgangur að upplýsingum eru meðal hornsteina íslensks samfélags, samanber meðal annars 73. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um að hver maður eigi rétt á að láta hugsanir sínar í ljós. Þá eiga upplýsingalög að tryggja að starfsemi stjórnvalda sé gagnsæ og allar upplýsingar og gögn skuli gerð opinber nema sérstakar aðstæður krefjist annars. Samkvæmt alþjóðlegum úttektum er frelsi fjölmiðla vel tryggt hér á landi og skipar Ísland 14. sæti á lista Samtaka blaðamanna án landamæra (e. Reporters without borders) um fjölmiðlafrelsi í heiminum. Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu kveðið upp dóma á undanförunum árum um að brotið hafi verið gegn tjáningarfrelsi fjölmiðlamanna. Íslensk stjórnvöld taka þessa dóma alvarlega og vinna að því að tryggja að íslensk löggjöf og réttarframkvæmd samrýmist alþjóðlegu skuldbindingum á þessu sviði.

Á alþjóðlegum vettvangi

Ísland var kjörið til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í júlí 2018 og mun eiga sæti þar út árið 2019. Um er að ræða eitt stærsta verkefni sem utanríkisþjónustan hefur tekist á hendur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og um einstakt tækifæri að





ræða til að hafa áhrif, til að mynda í hefðbundnum áherslumálum svo sem er varða réttindi kvenna og jafnréttismál, réttindi hinsegin fólks og réttindi barna.

Á vettvangi mannréttindaráðsins studdi Ísland á sínum tíma ásamt hinum Norðurlöndunum stofnun stöðu sérstaks fulltrúa sem eftirlit hefur með réttindum hinsegin fólks á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í mars-fundarlotu ráðsins 2019 tók Ísland einnig virkan þátt í því að tryggja stuðning við sögulega ályktun, sem borin var upp af fulltrúa Suður-Afríku, um konur og stúlkur í íþróttum en með samþykkt þessarar ályktunar er í fyrsta skipti áréttað að einstaklingar eigi ekki að þurfa að undirgangast ónauðsynlegar aðgerðir. Ályktunin viðurkennir því í reynd í fyrsta sinn réttindi fólks með óhefðbundin kyneinkenni.

Tækifæri til að hafa áhrif á vettvangi mannréttindaráðsins felst annars vegar í því að taka þátt í umræðum og það hafa fulltrúar Íslands gert í ríkari mæli en áður síðan Ísland var kjörið í ráðið og taka þá iðulega upp fyrrgreind áherslumálefni. Hægt er að nefna hér sameiginlega yfirlýsingu 36 þjóða um mannréttindaástand í Sádi-Arabíu sem Ísland flutti og beitti sér fyrir en þar var sjónum meðal annars beint að baráttu-fólki fyrir lýðfrelsi og mannréttindum í Sádi-Arabíu.

Seta í mannréttindaráðinu kemur í kjölfar þess að Ísland leiddi tímabilið 2017-2018 félags-, mannúðar- og menningarnefnd (þriðju nefnd) allsherjarpings Sameinuðu þjóðanna. Var það í fyrsta skipti í yfir 50 ár sem Ísland tók að sér formennsku í einni undirnefnda allsherjarpingsins.

Ísland leiddi viðræður um fimmtu endurskoðun á aðgerðaáætlun Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn hryðjuverkum sumarið 2016 þar sem lögð var sérstök áhersla á þátt kvenna og ungmenna í baráttunni gegn hryðjuverkum. Ísland hefur áfram verið öflugur málsvari kynjajafnréttis og valdeflingar kvenna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, meðal annars skrifaði utanríkisráðherra undir rammisamning við Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og er forseti Íslands talsmaður HeForShe-átaksins. Í samvinnu við önnur ríki hafa íslensk stjórnvöld skipulagt fjölda svokallaðra rakarastofuviðburða sem yfir tvö þúsund manns, þar af helmingur karlmenn, hafa sótt til að auka vitund og skilning á mikilvægi þátttöku karla í jafnréttismálum.

Utanríkisráðuneytið fer með formennsku í landsnefnd um mannúðarrétt sem stofnuð var í samræmi við heit stjórnvalda og Rauða krossins á Íslandi á alþjóðaráðstefnu Rauða krossins árið 2007. Áfram er unnið að framkvæmd fjögurra sameiginlegra heita fyrir tímabilið 2017-2019. Heitin varða meðal annars vernd til handa flóttafólki frá átakasvæðum, aukna aðstoð við fórnarlömb mansals og ráðstafanir gegn fordómum gagnvart útlendingum og til að auðvelda þeim að laga sig að samfélaginu og virðingu fyrir mannúðarlögum og um mannúðarmál. Framkvæmd heitanna er á áætlun og vinna hafin við gerð nýrra heita sem ráðgert er að kynnt verði á ríkjaráðstefnu Alþjóða Rauða krossins í desember 2019.

Íslensk stjórnvöld lögðu myndarleg lóð á vogarskálar að því er varðar aðstoð vegna aukins straums flóttamanna í Evrópu á árinu 2016. Alls voru veittir tveir milljarðar króna frá því síðla árs 2015 til þess að bregðast við þeim vanda sem steðjar að flóttamönnum, bæði í mannúðaraðstoð nærri stríðsátökum sem og vegna móttöku flótta-





fólks hér á landi. Haustið 2018 samþykkti ríkisstjórnin að næsti hópur kvótaflóttamanna yrði 75 manns, fólk af sýrlensku bergi brotið annars vegar og hinsegin fólk hins vegar sem flúið hefur ofsóknir í heimalandi sínu, Úganda.

Þriðja landsáætlun um konur, frið og öryggi var samþykkt síðastliðið haust en í henni er lögð áhersla á víðtæka samhæfingu og fræðslu meðal þeirra aðila innanlands sem gegna lykilhlutverki varðandi öryggi kvenna á Íslandi. Er hér meðal annars vísað til aðgerða í tengslum við konur í viðkvæmri stöðu, mansal, flóttakonur og umsækjendur um alþjóðlega vernd, auk aðgerða gegn kynbundnu- og kynferðislegu ofbeldi. Þessu tengt var komið á samstarfi árið 2016 við UN Women og félagsmálaráðuneytið í Mósambík. Meginmarkmið verkefnisins er að tryggja að ferlar og áætlanir sem stuðla að friði, öryggi og endurreisn í mósambísku samfélagi stuðli að jafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna. Þá hefst á árinu samstarfsverkefni með UN Women í Tyrklandi til stuðnings sýrlenskum flóttakönnum. Verkefnið beinist að því að framfylgja jafnréttisskuldbindingum í mannúðarstarfi, þar á meðal á grundvelli ályktunar nr. 1325. Ráðgjöf verður veitt til framkvæmdaaðila til að efla kynjavitund í viðtöku flóttafólks og til styrktar valdeflingar og seiglu flóttakvenna. Er það í samræmi við stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu sem hefur mannréttindi, jafnrétti, frið og öryggi að leiðarljósi.





Verkefnið saman gegn heimilisofbeldi fólst í því að breyta forgangsörðun og verklagi og gefa þau skýru skilaboð að heimilisofbeldi yðri ekki liðið og væri ekki einkamál þeirra sem búa við það.

Saman gegn heimilisofbeldi

Árið 2013 hóf Lögreglan á Suðurnesjum tilraunaverkefni í samstarfi við sveitarfélög í umdæminu til að bæta þjónustu við polendur heimilisofbeldis.

Verkefnið fólst í því að breyta forgangsörðun og verklagi og gefa þau skýru skilaboð að heimilisofbeldi yðri ekki liðið og væri ekki einkamál þeirra sem búa við það. Áhersla var lögð á að þjónusta fólk sem býr við ofbeldi sem best, koma í veg fyrir endurtekin brot og ljúka rannsókn heimilisofbeldismála á fullnægjandi hátt sem áður gekk sjaldnast eftir. Þá var horft til þess að nýta lagaúrræði um nálgunarbann og brottvísun af heimili betur sem áður höfðu lítið sem ekkert verið nýtt. Samstarfið þótti gefa góða raun og í desember 2014 var þessi nýja nálgun innleidd í verklagsreglum Ríkislögreglustjóra fyrir öll lögregluumdæmi landsins.

Samstarf gegn heimilisofbeldi felst meðal annars í því að lögreglan óskar ávallt eftir aðstoð barnaverndar á vettvangi mála ef börn eru á heimilum en óskar ella eftir samþykki aðila til að óska eftir félagsþjónustu á vettvangi séu ekki tengsl við börn. Þá hefst vönduð og ítarleg rannsókn málanna strax á vettvangi og aðilum leiðbeint um aðstoð og framgang mála. Nýttar eru lagaheimildir um framgang mála án aðkomu brotþola en í mörgum tilvikum er afar íþyngjandi fyrir brotþola að leggja fram kæru gegn nánum aðstandanda. Sérstök áhersla er lögð á að aðstoða og tryggja hagsmuni barna sem búa við heimilisofbeldi.

Þegar lögreglan hefur brugðist við neyðarkalli vegna heimilisofbeldis opnast ákveðinn gluggi þar sem brotþoli er hræddur og tilbúinn að upplýsa um atvik máls og fá aðstoð frá lögreglu. Þennan tíma þarf að nýta vel, bæði við rannsókn málsins en einnig með því að tryggja að polendur og gerendur fái viðeigandi félags-, sálræna og lögfræðilega aðstoð og tryggja öryggi. Þá þarf að vinna markvisst gegn því að gerendur beiti ítrekuðu ofbeldi. Tilraunaverkefnið á Suðurnesjum sem fékk vinnuheitið „Að halda glugganum opnum“ var sem fyrr segir tekið upp hjá öðrum lögregluumdæmum landsins og hefur vakið athygli út fyrir landsteinana.





Blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og grípa til aðgerða

Heimsmarkmið 17 snýr að því að efla innlent og alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og er ákall til allra ríkja um að uppfylla skyldur sínar. Heimsmarkmiðin byggja meðal annars á því að fátækt sé ein stærsta áskorun mannkyns og að endir skuli bundinn á hana fyrir árið 2030. Markmið Íslands með alþjóðlegri þróunarsamvinnu er að leggja lóð á vogarskálar baráttu gegn fátækt í heiminum

HELSTU ÁSKORANIR:

- **Framlög Íslands til þróunarsamvinnu nemi 0,7% af vergum þjóðartekjum í samræmi við viðmið Sameinuðu þjóðanna**
- **Auknar fjárfestingar einkaaðila sem stuðla að sjálfbærni**

og uppfylla þannig pólitískar og siðferðislegar skyldur Íslendinga. Nauðsynlegt er að auka flæði fjármagns til þróunarlanda til þess að ná heimsmarkmiðunum fyrir árið 2030. Aðrir þættir skipta einnig miklu máli, svo sem uppbygging getu og tækniþekkingar, viðskipti og kerfistengd málefni.

Fjármál

Íslensk stjórnvöld styðja markmið Sameinuðu þjóðanna um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT) til þróunarsamvinnu, en framlög aðildarríkja þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) námu 0,31% af VPT að meðaltali árið 2017. Opinber framlög

Íslands til þróunarsamvinnu árið 2017 námu 0,29% af VPT¹ sem er töluverð aukning frá 2015 þegar framlög námu 0,24% af VPT². Þessa hækkun má að hluta til rekja til aukins kostnaðar við móttöku flóttamanna og hælisleitenda á Íslandi. Ein veigamesta ábending jafningjarýni OECD-DAC sem framkvæmd var árið 2017 á þróunarsamvinnu Íslands var að Íslendingar ættu að auka framlög enda hafi þjóðin til þess allar forsendur. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur jafnframt fram að ríkisstjórnin stefni að því að auka framlög í 0,35% af VPT árið 2022.

Mikilvægt er að tryggja að fátækustu löndin njóti góðs af þróunaraðstoð en í þróunarsamvinnu Íslands er lögð áhersla á samvinnu við fátækar þjóðir þar sem lífskjör eru hvað lökust. Í fyrrnefndri jafningjarýni OECD-DAC á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands kom fram að rúm 40% af þróunaraðstoð Íslands árið 2015 fóru til mjög fátækra ríkja, sem er töluvert hærra hlutfall en meðaltal aðildarríkja DAC (28%).

Þörfin fyrir fjármagn í þróunarlöndum fer langt fram úr getu opinberrar þróunaraðstoðar eins og áréttað var í niðurstöðum alþjóðaráðstefnu um fjármögnun þróunar í Addis Ababa árið 2015. Því þykir ljóst að fjárfestingar einkaaðila sem stuðla að sjálfbærni, vinna gegn fátækt og hungri og stuðla að almennri velmegun eru nauðsynlegar til að ná heimsmarkmiðunum. Í þessu skyni styðja íslensk stjórnvöld

¹ OECD, 9. apríl 2018, Development aid stable in 2017 with more sent to poorest countries.

² OECD, 8. apríl 2014, Development aid stable in 2014 but flows to poorest countries still falling.





„Allir geta hjálpast að við að hjálpa einhverjum löndum sem eru mjög fátæk, í Afríku, eða í Noregi ef það kemur eldgos eða eitthvað.“

Valdimar Helgi Sævarsson, 7 ára

við stofnanir sem meðal annars stuðla að fjárfestingum einkaaðila. Má þar nefna Alþjóðabankann sem hefur gríðarmikið umfang og leggur ríka áherslu á mikilvægi einkageirans í fjármögnun þróunar. Tvær undirstofnanir bankans, Alþjóðalánastofnunin (IFC) og Fjölþjóðlega fjárfestingarábyrgðarstofnunin (MIGA), sinna til dæmis einvörðungu samstarfi við einkageirann í formi fjárfestingaábyrgða, lána og fjármögnunar til að hvetja til fjárfestinga í þróunarlöndum og aukinna viðskipta við þróunarlönd.

Utanríkisráðuneytið leggur aukna áherslu á samstarf við atvinnulífið á vettvangi þróunarsamvinnu þar sem sérstök áhersla er lögð á að nýta íslenska sérþekkingu til að vinna gegn fátækt og hungri og stuðla að sjálfbærri þróun. Árið 2018 var stofnaður nýr sjóður um samstarf við atvinnulífið í þágu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Hlutverk sjóðsins er að hvetja til þátttöku og framlags atvinnulífs til þróunarsamvinnu með það að markmiði að stuðla að atvinnusköpun og sjálfbærum hagvexti í fátækum þróunarríkjum. Einnig er lögð áhersla á þá möguleika sem felast í samstarfi félagasamtaka við fyrirtæki um tiltekin verkefni.

Utanríkisráðuneytið hefur einnig lagt áherslu á að íslensk sérþekking nýtist á vettvangi alþjóðastofnana. Í samstarfi við Alþjóðabankann hefur verið komið á fót ráðgjafalistum á sviði jarðhitamála og sjávarútvegs. Öll tæknileg aðstoð og lausnir sem veittar eru í þessu samhengi eru veittar á grundvelli beiðna, annað hvort frá samstarfsríkjum bankans eða bankanum sjálfum, sem tryggir að sérfræðiframlag Íslands nýtist í stærra samhengi og gildi aðstoðarinnar fyrir viðkomandi lönd. Með því að tengja sérfræðipekkingu Íslands með þessum hætti við starf alþjóðastofnana nýtist reynsla fyrirtækja á alþjóðavettvangi og þannig skapast mikilvæg tengsl fyrir möguleg framtíðarverkefni.

Nauðsynlegt er að þróunarlönd fái einnig aðstoð til að ná sjálfbærri skuldastöðu og stuðla að ábyrgri fjármálastjórnun, meðal annars með því að fella niður og endurskipuleggja skuldir. Í því skyni tekur Ísland þátt í skuldaniðurfellingu þróunarríkja innan Alþjóðabankans, annars vegar gegnum Alþjóðaframfarastofnunina (IDA) og hins vegar gegnum Átak um niðurfellingar á skuldum þróunarríkja (MDRI).

Tækni og uppbygging getu og færni

Stuðla þarf að þekkingarmiðlun og dreifingu umhverfisvænnar tækni til þróunarlanda. Í alþjóðlegri þróunarsamvinnu hefur Ísland stutt töluvert við þennan málaflokk. Með starfsemi skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi stuðla íslensk stjórnvöld að yfirfærslu þekkingar til þróunarlanda og uppbyggingu á getu og færni á sviði jarðhita-, sjávarútvegs-, landgræðslu- og jafnréttismála. Uppbygging getu og færni er jafnframt kjarninn í öllu tvíhliða samstarfi þar sem stutt er við héraðsstjórnir til





að veita íbúum grunnþjónustu á borð við menntun, heilbrigðisþjónustu, vatns- og salernisaðstöðu.

Íslensk stjórnvöld hafa sömuleiðis staðið fyrir samstarfi um jarðhitarannsóknir í Austur-Afríku en verkefnið hefur miðað að því að aðstoða lönd við frumrannsóknir til að fá úr því skorið hvort nýtanlegan jarðhita sé þar að finna. Jarðhitaverkefnið felur í sér miðlun umhverfissvænnar tækni og nýtingu sjálfbærra orkukosta. Sömuleiðis hefur Ísland stutt við stofnun svæðisbundinnar þjálfunarmiðstöðvar í Kenía fyrir jarðhitaþróun í Afríku, en Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi tekur þátt í þeirri vinnu.

Viðskipti

Viðskipti sem taka tillit til sjónarmiða sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar eru hvati fyrir farsæla efnahagsþróun. Í því samhengi er mikilvægt að efla viðskiptatengsl og auka fjárfestingar í þróunarlöndum. Nauðsynlegt er að minnka viðskiptahindranir fyrir þróunarlönd og auðvelda þeim að koma vörum á markað, en þar gegnir Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) lykilhlutverki. Ísland hefur lagt og leggur áherslu á að ljúka viðræðum í Doha-lotunni sem Ísland hefur tekið þátt í og stutt þetta markmið. Þá hefur Ísland beitt sér fyrir því að koma jafnréttismálum á dagskrá í umræðu um alþjóðaviðskipti innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ísland skrifaði undir samning við Alþjóðaviðskiptamiðstöðina (ITC) í kjölfar athugunar á því með hvaða hætti íslensk stjórnvöld geti veitt þróunarrikkjum stuðning í tengslum við viðskiptamál. Stuðningurinn er að hluta eynamerktur verkefninu SheTrades sem snýst um efnahagslega valdaeflingu kvenna og hefur það að markmiði að tengja konur og kvenfrumkvöðla í þróunarrikkjum og á stríðshrjáðum svæðum við markaði. Lög um að greitt verði fyrir markaðsaðgangi vara sem framleiddar eru í löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun (LDC) voru samþykkt á Alþingi þann 8. júní 2018.

Kerfistengd málefni

Í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands er lögð áhersla á samstarf og gagnkvæma ábyrgð á árangri. Í því samhengi er lykilatriði að tryggja góða stjórnarhætti og berjast gegn spillingu. Sem dæmi um eignarhald og gagnkvæma ábyrgð á árangri má nefna að í tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands er áhersla lögð á að styðja áætlanir samstarfsaðila, bæði héraðs- og landsstjórna. Mikilvægt er að heimamenn beri sjálfir ábyrgð á verkefnum og að eignarhald þeirra á aðgerðum sé skýrt. Á sama tíma er lögð áhersla á að fylgjast vel með árangri verkefna. Þau eru öll metin reglulega af sjálfstæðum aðilum á grundvelli alþjóðlegra viðmiða. Efla þarf samstarf á heimsvísu um sjálfbæra þróun og skiptir aðkoma borgarasamtaka á þeim vettvangi miklu máli. Utanríkisráðuneytið hefur um árábil veitt styrki til verkefna á vegum borgarasamtaka.

Samstarf margra aðila

Á Íslandi er samstarf um málefni tengd heimsmarkmiðunum áberandi hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og í samstarfi við félagasamtök og borgarana. Sem dæmi má nefna verkefni á sviði félagslegra mála á borð við mann-





úðaraðstoð félagasamtaka í samstarfi við ríki, sveitarfélög og fyrirtæki. Eins er dæmi um víðtækt samstarf vegna heilsueflandi samfélaga, skóla og vinnustaða. Sömuleiðis má nefna samstarfsverkefni á sviði umhverfismála, svo sem á vettvangi loftslagsráðs og vegna innleiðingar á aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Ein leið fyrir samráð af hálfu stjórnvalda er rafræn samráðsgátt sem var opnuð árið 2018 til að auka möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila. Þar er á einum stað hægt að finna öll mál ráðuneyta sem birt hafa verið til samráðs við almenning og er öllum frjálst að senda inn umsögn eða ábendingu. Til viðbótar koma annars konar samráðsferlar, svo sem þátttaka helstu hagsmunaaðila í nefndarstarfi stjórnvalda eða sérstakt boð til þeirra um umsögn.





Útskriftarnemar
frá jafnréttis-
skólanum
á Íslandi.

Íslensk sérþekking styður við framgang heimsmarkmiðanna

Á Íslandi eru reknir fjórir skólar undir hatti Háskóla Sameinuðu þjóðanna þar sem fagfólki frá þróunarríkjum er gefið tækifæri til þess að auka þekkingu sína endurgjaldslaust. Skólarnir eru hluti af alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og þeir vinna að uppbyggingu fagþekkingar og getu í þróunarríkjum í mállefnum jarðhita, sjávarútvegs, landgræðslu og jafnréttis í samvinnu við háskólana á Íslandi, atvinnulífið og aðra fagaðila. Ár hvert koma hópar sérfræðinga frá þróunarríkjum til fimm eða sex mánaða sérhæfðs náms á Íslandi, auk þess sem skólarnir halda styttri námskeið erlendis. Þar að auki gefst útskrifuðum nemendum frá öllum skólunum kostur á að sækja um styrki til meistara- eða doktorsnáms á Íslandi. Starfsemi skólanna er dæmi um það hvernig íslensk sérþekking og reynsla nýtist í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og undirstrikar mögulegan ávinning af aðkomu einkageirans fyrir málaflokkinn. Niðurstöður óháðrar úttektar, sem gerð var á starfsemi skólanna á árinu 2017, gefa til kynna að sú þjálfun sem skólarnir veita hafi bein þróunaráhrif í samfélögum þeirra sem hennar njóta.

Námið gerir nemendum kleift að öðlast hagnýta kunnáttu sem nýtist þeim vel í starfi og hefur oft verið kveikjan að breytingum á vinnustöðum þeirra sem hefur síðar átt þátt í víðtækari breytingum í þjóðfélaginu, jafnvel breytingum á löggjöf. Sem dæmi má nefna mikilvægt skref sem tekið var í átt að afnema barnahjónabönd í Malaví en fyrrverandi nemandi Jafnréttisskólans gegndi lykilhlutverki í baráttunni gegn barnahjónaböndum. Hann segir að þekkingin, kunnáttan og sjálfstraustið sem hann öðlaðist í gegnum námið í Jafnréttisskólanum hafi skipt sköpum í því samhengi. Árið 2017, tæpum þremur árum eftir að Mbeko sneri heim úr náminu á Íslandi, samþykkti þingið í Malaví stjórnarskrárbreytingu sem felur í sér að giftingaraldur var hækkaður úr fimmtán árum í átján.



Niðurstöður og næstu skref

Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun bæði á innlendum vettvangi sem og í gegnum alþjóðasamstarf. Þá mun Ísland halda áfram að undirbyggja sterkar hefðir sínar fyrir lýðræði, mannréttindum, kynjajafnrétti og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Hér að framan hefur verið farið yfir núverandi stöðu á innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðunum ásamt því að helstu jaðarhópar og megináskoranir hafa verið skilgreindar fyrir öll 17 heimsmarkmiðin. Þessi fyrsta stöðuskýrsla Íslands til kynningar á ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna um heimsmarkmiðin (Voluntary Rational review at the High Level Political Forum) dregur því skýra línu í sandinn og mun vera leiðarljós fyrir áframhaldandi vinnu við innleiðingu markmiðanna af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Í undirbúningi fyrir þessa fyrstu landsrýniskýrslu Íslands voru ýmis jákvæð skref stigin í innleiðingu heimsmarkmiðanna. Verkefnastjórn stjórnvalda um heimsmarkmiðin var endurskipuð og eiga nú öll ráðuneyti fulltrúa í verkefnastjórninni. Meginhlutverk verkefnastjórnarinnar er að fylgja eftir forgangsmarkmiðunum 65 sem samþykkt voru á síðasta ári og munu vísa stjórnvöldum leiðina í innleiðingunni á næstu árum.

Ákveðið hefur verið að koma eftirfylgninni í fastmótað ferli með árlegri stöðutöku á forgangsmarkmiðunum og verður sú stöðutaka unnin samhliða vinnu við ársskýrslur ráðherra. Þá hefur einnig verið ákveðið að endurskoða forgangsmarkmiðin reglulega, eða á tveggja ára fresti, með það að augnamiði að hafa ávallt í forgangi þau markmið þar sem við eigum lengst í land hverju sinni.

Nú stendur yfir vinna við að tengja undirmarkmið heimsmarkmiðanna við markmið málefnasviða í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Sú tenging gefur tækifæri til að kortleggja betur með hvaða hætti unnið er að innleiðingu tiltekinna undirmarkmiða heimsmarkmiðanna og að sama skapi áætla hversu mikið fjármagn er lagt til innleiðingar markmiðanna hverju sinni. Verið er að þróa opna stafræna lausn sem mun veita sérfræðingum í stefnumótun innan ráðuneytanna yfirsýn yfir markmiðin og þar með auka samræmingu milli stefna og áætlana ólíkra málefnasviða.

Fyrstu skrefin hafa verið stigin í að hvetja ólíka aðila til þátttöku í innleiðingu heimsmarkmiðanna. Samstarfssamningar við regnhlífarsamtök fyrirtækja og félagsamtaka um markvissa kynningu á heimsmarkmiðunum, samvinna við Embætti landlæknis og Samband íslenskra sveitarfélaga og stofnun ungmennaráðs heimsmarkmiðanna voru jákvæð fyrstu skref, en næstu skref þurfa að vera í átt að virkara samráði. Með því að setja þessa fyrstu landrýniskýrslu í samráðsgátt stjórnvalda gafst öllum kost á að senda inn umsögn um skýrsluna og tekur endanleg útgáfa skýrslunnar mið af þeim umsögnum. Verkefnastjórn heimsmarkmiðanna mun halda áfram að eiga í virku samráði við haghafa.



Þó svo að flest bendi til þess að áhugi sé mikill meðal sveitarfélaga á innleiðingu heimsmarkmiðanna þá eru þau almennt séð mislangt á veg komin og eru mörg hver leitandi varðandi hagnýtar leiðir og markmiðasetningu. Brýnt er að sveitarfélögin geti sem fyrst hafið staðfæringu og innleiðingu á heimsmarkmiðunum á skipulegum grunni. Komast verður jafnframt að því, hvort almennur vilji standi til þess að sveitarfélög sameinist um afmörkuð forgangsmarkmið og hvernig verði að því staðið. Þá þarf að tryggja nægt upplýsingaflæði og þekkingarmiðlun á sveitarstjórnarstigi meðal annars með það fyrir augum að valdefla sveitarfélögin og hvetja til frekari dæða og stuðla að hagnýtri þekkingarmiðlun á milli sveitarfélaga. Bundnar eru vonir við að með samstarfs- og samráðsvettvangi sveitarfélaganna um heimsmarkmiðin fáið úr því skorið hvort og þá hvernig stilla megi saman strengi sveitarfélaga varðandi innleiðingu heimsmarkmiðanna og árangursmælingar, en stefnt er að því að vettvangurinn taki til starfa haustið 2019.

Þá eru vonir uppi um að ný, stafræn upplýsingagátt heimsmarkmiðanna, þar sem öllum haghöfum gefst tækifæri til þess leggja fram verkefni í þágu heimsmarkmiðanna, muni virka sem hvatning til ýmissa aðila til að hafa heimsmarkmiðin í auknum mæli að leiðarljósi í sinni starfsemi. Upplýsingagáttinni er jafnramt ætlað að auka almenna þekkingu á heimsmarkmiðunum og þannig hvetja til virkara aðhalds með aðgerðum stjórnvalda.

Hagstofa Íslands mun, í samráði við verkefnastjórn um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, halda áfram að safna gögnum svo unnt sé að mæla árangur Íslands gagnvart heimsmarkmiðunum. Mikilvægt er að þau gögn sem lögð eru til grundvallar séu áreiðanleg og þau mæli það sem þau raunverulega eiga að mæla en ljóst þykir að einhverjir mælikvarðar Sameinuðu þjóðanna samræmast illa íslenskum veruleika. Í því samhengi verður skoðað hvort Ísland muni að auki notast við landsmælikvarða (e. national indicators) til þess að geta með skipulegum hætti mælt árangur og framþróun Íslands gagnvart tilteknum undirmarkmiðum.

Ísland hefur skuldbundið sig til að innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna innanlands fyrir árið 2030 og stuðla að framgangi þeirra á alþjóðavísu, með sérstaka áherslu á jaðarsetta hópa. Á meðan einhver af undirmarkmiðunum eru innan seilingar þá eru önnur sem eiga nokkuð í land. Þá leggur Ísland áherslu á að stuðla að auknu samstarfi um málefni sem varða efnahagslega og félagslega velferð ásamt verndun náttúru og lífríkis.

Ungmennni dagsins í dag, sú kynslóð sem mun byggja framtíð sína á framförum næstu ára, eru megin hagsmunaaðilar heimsmarkmiðanna. Það er því mikilvægt að taka skoðanir og hugmyndir þeirra til greina í þeirri vinnu sem framundan er og tryggja að ákvarðanir sem teknar eru í dag skerði ekki tækifæri komandi kynslóða.

Sjálfbær þróun er lykillinn að farsælli framtíð jarðarinnar og íbúa hennar en heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna virka sem leiðarljós í þá átt.



Viðauki


Tölfræði heimsmarkmiðanna 2019



Í viðauka þessum er dregin upp tölfræðileg svipmynd af Íslandi út frá þeim viðmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Alls hafa 232 mælikvarðar verið gefnir út af hálfu Sameinuðu þjóðanna til að meta með samhæfðum hætti stöðu þjóða gagnvart heimsmarkmiðunum. Fyrir þessa skýrslu hafa verið teknir saman 70 af þeim mælikvörðum sem hvíla á skilgreindri aðferðafræði. Það er ágætis byrjun enda talsvert í land að fyrir liggi fullnægjandi skilgreiningar á öllum mælikvörðunum á alþjóðavísu auk þess sem mikið samhæfingar- og gæðastarf hefur verið innt af hendi til að leggja traustan tölfræðilegan grunn til lengri tíma fyrir verkefnið. Hagstofa Íslands var verkefnastjórn heimsmarkmiðanna til ráðgjafar við samantekt á tölfræðiupplýsingunum. Jafnframt var leitað til fræðasamfélagsins og Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands fengin til að leiða gæðamat okkar færustu fræðimanna á þeim upplýsingum sem lagðar eru til grundarvallar mati á stöðu Íslands.

Vinnan á alþjóðavettvangi við að skilgreina og lýsa tölfræðilegum mælikvörðum Sameinuðu þjóðanna heldur áfram og mun gefa af sér sífellt ítarlegri mynd af stöðu þjóða gagnvart heimsmarkmiðunum. Fyrir Ísland eru meðfylgjandi 70 mælikvarðar ákveðinn upphafspunktur fyrir almenna umræðu og til að glöggva sig á stöðu Íslands. Framundan er að styrkja tölfræðilegar stoðir heimsmarkmiðanna með það að markmiði að draga upp enn skýrari mynd af stöðu Íslands.

Hlutfall vísa eftir markmiði



Upplýsingarnar í viðaukanum eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir lágu við skrif hans. Þau hafa verið dregin saman í greiningarskjal á ábyrgð Hagstofu Íslands, sem hluti af aðkomu hennar að verkefnastjórn um heimsmarkmiðin. Gagna- og upplýsingasöfnunin er áframhaldandi og í þróun. Tölfræðiviðaukinn og greiningarskjalið sem hann byggist á verða uppfærð eftir því sem frekari gögn og upplýsingar berast. Í flestum tilfellum þar sem niðurstaðan er sú að gögnum er ekki safnað kerfisbundið um mælikvarða, og því ekki aðgengileg, er ástæða til að kanna frekar möguleika á að draga saman gögn og upplýsingar um mælikvarðann.




MARKMIÐ 1 – Engin fátækt

Undir heimsmarkmið 1 falla sjö undirmarkmið sem mæld eru með fjórtán mælikvörðum. Af þessum fjórtán mælikvörðum hvíla ellefu á skilgreindri aðferðafræði en skilgreiningar liggja ekki fyrir varðandi þrjá þeirra. Metið var að einn mælikvarði ætti ekki við um Ísland. Gögn liggja fyrir um einn mælikvarða.

1.2.1 Hlutfall íbúa undir innlendum fátæktarmörkum, eftir kyni og aldri.


Á Íslandi eru engin opinber fátæktarmörk en hefð hefur skapast fyrir því að horfa til lágtekjumarka sem eru skilgreind sem tekjur undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna allra íbúa landsins á ársgrundvelli. Sú mæling endurspeglar einkum þá hugmynd að fátækt sé afstæð, þ.e. að fátækt sé skortur eða útilokun sem leiðir af lágum tekjum og að fólk undir ofangreindum mörkum hafi þannig ekki nægar bjargar til að njóta þeirra lífsgæða sem teljast eðlileg í því samfélagi sem það býr.



Mynd 1 sýnir lágtekjuhlutföll Evrópulanda árið 2016, bæði fyrir alla íbúa landsins og fyrir börn 17 ára og yngri. Hvað varðar alla íbúa landsins er hlutfallið lægst á Íslandi en þegar kemur að börnum mælist hlutfallið ögn lægra í Danmörku og Finnlandi.

Mynd 1. Lágtekjuhlutfall í Evrópu 2016, allir og börn

Mynd 2 sýnir þróun lágtekjuhlutfallsins á Íslandi á tímabilinu 2004-2016. Það er athyglivert að lágtekjuhlutfallið lækkar í kjölfar hrunsins á sama tíma og lífsskjör alls þorra almennings versnuðu. Ástæðan er sú að tekjur millitekjuhópsins drógust meira saman en lágtekjuhópna. Þetta dregur fram mikilvægan eiginleika þessarar mælingar, að hana er aðeins hægt að túlka út frá hugmyndum um afstæðan skort en ekki sem vísbendingu um fátækt í neinum algildum skilningi enda ljóst að fátækt jókst í kjölfar hrunsins ef lágtekjumörkin væru skilgreind út frá föstu viðmiði um kaupmátt fremur en að hreyfast með þróun tekna. Að sama skapi er nauðsynlegt að hafa fyrirvara á fjölþjóðlegum samanburði á lágtekjuhlutföllum, sér í lagi á milli landa sem búa við mjög mismunandi hagsæld enda ljóst að lífsskjör fólks undir lágtekjumörkum í efnaminni löndum eru önnur og verri en sama hóps í þeim efnameiri.

**Mynd 2. Lágtekjuhlutfall á Íslandi, allir, karlar, konur og börn****MARKMIÐ 2 – Ekkert hungur**

Undir heimsmarkmið 2 falla sjö undirmarkmið sem eru mæld með þrettán mælikvörðum. Allir mælikvarðar hafa skilgreinda aðferðarfræði. Metið var að einn mælikvarði ætti ekki við um Ísland. Gögn liggja fyrir um tvo mælikvarða.

2.5.2 Hlutfall staðbundinna tegunda sem metnar eru í hættu, ekki í hættu eða á óvissustigi m.t.t. útrýmingar.

Mælikvarði 2.5.2 fjallar um innlenda búfjárstofna í hættu. Gögn þar um eru tiltæk hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHI). Alls eru skilgreindir sex búfjárstofnar en fjórtán ef fuglar eru taldir með. Þar af eru tveir í hættu, þ.e. geitur og forystufé.



2.b.1 Útflutningsstyrkir vegna landbúnaðarafurða

Þessi mælikvarði fjallar um stuðning við útflutning. Á Íslandi er ekki um að ræða stuðning við útflutning en það eru til staðar innflutningshindranir sem virka á sama veg. Það sama á við um markaðsstuðning við innanlandsafurðir.



MARKMIÐ 3 – Heilsa og vellíðan

Undir heimsmarkmið 3 falla þrettán undirmarkmið sem eru mæld með samtals 27 mælikvörðum. Einn mælikvarði hefur ekki skilgreinda aðferðarfræði. Gögn liggja fyrir um fimmtán mælikvarða.



3.1.1 Dánarhlutfall mæðra

Samkvæmt tölum frá Embætti landlæknis voru á tímabilinu 2000-2017 skilgreind tvö tilvik af mæðradauða. Þar er um að ræða dauðsföll þar sem tengslin við meðgöngu og fæðingu eru augljós. Þar sem mæðradauði er mjög sjaldgæfur á Íslandi er ekki rétt að reikna hann niður á tiltekinn fjölda fæðinga eða ár.




3.2.1 Dánartíðni barna undir 5 ára aldri

Hagstofan safnar og birtir árlega þær upplýsingar sem liggja til grundvallar þessum mælikvarða og hefur gert síðan 1970. Markmið Sameinuðu þjóðanna er að fjöldi dauðsfalla sé undir 25 á hverja 100 þúsund íbúa. Ísland náði því markmiði áður en skipulagðar skráningar hófust. Á tímabilinu 1975 til 2017 lækkaði tíðnin umtalsvert, úr 13,5 í tæplega þrjú á hverja þúsund íbúa landsins.




Mynd 3. **Dánartíðni barna undir 5 ára aldri, andlát á hverja 1000 einstaklinga.**



3.2.2 Dánartíðni nýbura

Hagstofan heldur utan um þau gögn sem liggja til grundvallar þessum mælikvarða og hefur safnað þeim árlega frá 1951. Markmið Sameinuðu þjóðanna er að færri en 12 börn á hver þúsund fædd deyi innan 28 daga frá fæðingu. Ísland náði því markmiði áður en skipulagðar skráningar hófust og árið 2017 létust 2,2 börn á hverjar 1000 fæðingar en árið 2000 var tíðnin 2,5 börn.


Mynd 4. **Fjöldi nýburadauða á hver 1000 fædd börn**



3.3.1 Fjöldi nýrra HIV-sýkinga á hverja 1.000 ósýkta landsmenn, eftir kyni, aldri og helstu samfélagshópum

Embætti landlæknis hefur safnað gögnum um nýgengi HIV smita frá árinu 1983. Árið 2018 voru það 0,109 á hverja þúsund íbúa. Nýgengi er nokkuð hærra hjá körlum en konum, eða 13,9 á 100 þúsund fyrir karla en 7,5 fyrir konur.

Mynd 5. **Fjöldi nýskráðra HIV smita á hverja 100 þúsund íbúa.**



3.3.2 Nýgengi berkla á hverja 100.000 íbúa

Embætti landlæknis safnar gögnum um nýgengi berkla og eru gagnasöfn með upplýsingum frá 1997 aðgengileg. Árið 2015 voru átta einstaklingar greindir með berkla, **árið 2016 voru þeir sex**, tíu árið 2017 og þrír árið 2018. Nýgengi er því 0,9 á hverja 100 þúsund ósmítaða íbúa árið 2018.



3.3.3 Nýgengi malaríu á hverja 100.000 íbúa


Embætti landlæknis safnar gögnum um greind malaríusmit á Íslandi og gögn eru aðgengileg aftur til ársins 1997. Árið 2015 var einn einstaklingur greindur með malaríu, árið 2016 voru þeir tveir og þrír árin 2017 og 2018. Nýgengi er því næstum því 0,9 á hverja 100 þúsund ósmítaða íbúa árið 2018.



3.3.4 Nýgengi lifrabólgu B á hverja 100.000 íbúa

Embætti landlæknis safnar gögnum um nýgengi lifrabólgu B og ná gögnin aftur til 1997. Árið 2015 greindust sautján einstaklingar með lifrabólgu B, árið 2016 voru það 59, 70 árið 2017 og 48 árið 2018. Nýgengi var því í kringum 13,7 á hver 100 þúsund ósmítaða íbúa árið 2018.

Mynd 6. **Fjöldi greindra tilfella af malaríu, berklum og lifrabólgu B á hverja 100 þúsund ósmítaða íbúa.**




3.4.1 Dánartíðni af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameins, sykursýki eða langvinnra öndunarfærasjúkdóma

Embætti landlæknis safnar gögnum um dánarmein, þ.m.t. um ótímabær andlát vegna sjúkdóma annarra en smitsjúkdóma. Árið 2017 var fjöldi slíkra dauðsfalla um 422 á hverja 100 þúsund íbúa landsins.




Mynd 7. **Fjöldi dauðsfalla af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, krabbameina, sykursýki og öndunarfærasjúkdóma á hverja 100 þúsund íbúa.**



3.4.2 Dánartíðni af völdum sjálfsvíga


Embætti landlæknis safnar gögnum um dauðsföll af völdum sjálfsvíga og vísvitandi sjálfsskaða. Árið 2017 var um 34 tilfelli að ræða.

Mynd 8. **Fjöldi dauðsfalla af völdum sjálfsvíga og vísvitandi sjálfsskaða**




3.5.2 Skaðleg notkun áfengis, skilgreint út frá innlendu samhengi sem áfengisnotkun á mann (15 ára og eldri) innan almanaksárs, í lítrum af hreinu áfengi

Mælikvarðinn gerir ráð fyrir því að til séu viðmið um skaðlega áfengisneyslu í hverju landi fyrir sig. Á Íslandi er ekkert slíkt opinbert viðmið og gögnum um áfengisneyslu einstaklinga ekki safnað árlega. Aftur á móti var spurt um áfengisneyslu í evrópsku heilsufarsrannsókninni sem var framkvæmd af Hagstofunni haustið 2015. Í gögnum heilsufarsrannsóknarinnar er að finna mælingu á tíðni óhóflegrar drykkju, en óhófleg drykkja er skilgreind sem neysla 60 gramma af hreinum vínanda í einni setu sem jafngildir 3 stórum björum eða 5 vínglösum.



Mynd 9. **Hlutfall fólks sem neytti áfengis í óhóflegu magni einusinni í mánuði eða oftar. Evrópulönd 2014 og 2015.**




Árið 2015 neytti um fjórðungur íbúa landsins áfengis í óhóflegu magni a.m.k. einu sinni í mánuði eða oftar. Tíðnin var hæst í Noregi og Danmörku, eða 44% og 37,4%. Ísland var þó ofan við meðaltal Evrópusambandsins, sem var tæplega 20%. Ef aðeins er horft til þeirra sem neyta áfengis í óhóflegu magni í hverri viku þá var staðan önnur, en Ísland var þá með áttunda lægsta hlutfallið.

3.6.1 Dánartíðni af völdum umferðarslysa.

Embætti landlæknis heldur dánarmeinasrá og Hagstofa Íslands birtir tölfræði á grundvelli hennar. Þó nokkrar sveiflur eru í fjölda andláta af völdum umferðarslysa frá ári til árs en leitnin hefur verið niður á við frá aldamótum og var lægst árið 2014, þá fjögur dauðsföll, en hæst árið 2000, þá 31 dauðsfall. Árið 2017 létust átta í umferðarslysum.



Mynd 10. Fjöldi látinna í umferðarslysum 1981-2017




3.7.1 Hlutfall kvenna á barneignaaldri (15-49 ára) sem fá fullnægjandi og nútímalega þjónustu m.t.t. fjölskylduáætlanagerðar.

Gögnum um mælikvarðann er ekki markvisst safnað en leiða má líkur að því að hlutfallið sé 100%.



3.7.2 Fæðingartíðni meðal unglingsstúlkna (10-14 ára annars vegar og 15-19 ára hins vegar) á hverjar 1.000 stúlkur í viðkomandi aldurs- hópi.

Mynd 11. **Fæðingartíðni 10-14 ára og 15-19 ára á hverjar 1000 stúlkur á sama aldri.**




Hagstofa Íslands birtir tölur um fæðingartíðni og þ.m.t. sundurgreinda eftir aldri móður. Fæðingartíðni hjá 15-19 ára hefur lækkað frá úr 22,8 á hverjar 1000 konur á sama aldri árið 2000 í 5,9 árið 2017. Fæðingartíðni stúlkna 14 ára og yngri er núll það sem af er þessari öld en þó hendir það stöku ár að svo ungar stúlkur eignist barn.

3.a.1 Útbreiðsla tóbaksnotkunar eftir aldurshópum hjá 15 ára og eldri

Hagstofa Íslands birtir tölur um hlutfall þeirra sem reykja daglega. Hlutfallið hefur lækkað jafnt og þétt á undanförunum áratugum, úr 32,9% árið 1989 í 9,5% árið 2017. Almennt er ekki tölfræðilega marktækur munur á konum og körlum.



Mynd 12. **Reykingavenjur 18-79 ára.**



3.b.2 Samanlögð nettóþróunaraðstoð opinberra aðila til rannsókna í læknisfræði og helstu heilbrigðisgreina.

Ísland veitir ekki þróunaraðstoð á sviði rannsókna til læknisfræði og helstu heilbrigðisgreina sérstaklega, þó ákveðinn hluti þróunarsamvinnu tengist heilsugeiranum.



MARKMIÐ 4 – Menntun fyrir alla

Undir heimsmarkmið 4 falla tíu undirmarkmið sem eru mæld með ellefu mælikvörðum. Þar af er einn mælikvarðar án skilgreindrar aðferðafræði. Gögn liggja fyrir um fjóra mælikvarða.


4.4.1 Hlutfall ungmenna og fullorðinna sem búa yfir færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni, eftir tegund þekkingar

Hagstofa Íslands safnar upplýsingum um færni fólks á ýmsum sviðum upplýsingatækni sem hluta af samevrópskri rannsókn *Information Society Statistics*. Hagstofan hóf þessa gagnasöfnun aftur árið 2017 eftir nokkurra ára hlé. Í rannsókninni er slík færni greind í fjóra þætti, þ.e. 1) öflun og varðveisla upplýsinga; 2) samskipti; 3) kerfisfærni; og 4) hugbúnaður. Færni fólks á hverju sviði er metin á þríkosta skala: 1) skortir grunnfærni; 2) grunnfærni; 3) meira en grunnfærni. Að lokum er búinn til samsettur mælikvarði á almennri færni sem tekur mið af færni fólks á ólíkum sviðum.


Það eru tengsl á milli aldurs fólks og færni við notkun upplýsingatækni, þ.e. nær allir undir 45 ára aldri hafa grunnfærni á öllum sviðum en svo minnkar færnin á hverju aldursbili þar fyrir ofan. Engu að síður er grunnfærni á öllum sviðum almenn í eldri aldurshópnum.



Mynd 13. **Hlutfall fólks sem hefur a.m.k. almenna grunnfærni á tilteknum sviðum upplýsingatækninotkunar eftir aldri 2017.**



Mynd 14. **Hlutfall fólks með a.m.k. almenna grunnfærni við notkun tölvu- og upplýsingatækni. 2017.**



Niðurstöður evrópsku upplýsingatæknirannsóknarinnar benda til þess að Ísland standi nokkuð vel hvað varðar almenna grunnfærni við notkun upplýsingatækni, en Ísland og Lúxemborg eru saman á toppi listans árið 2017 með 85%.

4.a.1 **Hlutfall skóla með aðgengi að a) rafmagni, b) Netinu til kennslu, c) tölvum til kennslu, d) aðlöguðum innviðum og námsgögnum fyrir fatlaða nemendur, e) drykkjarhæfu vatni, f) aðskilinni salernisaðstöðu fyrir kynin og g) handþvottaðstöðu (sbr. skilgreiningar WASH-vísisins).**

Gögnum um mælikvarðann er ekki markvisst safnað en leiða má líkur að því að hlutfallið sé 100%.



4.b.1 **Umfang opinberrar þróunaraðstoðar til skólustyrkja eftir sviðum og námsgreinum**


Árið 2016 fóru 582,7 milljónir og árið 2017 fóru 673 milljónir íslenskra króna í hina fjóru skóla Sameinuðu þjóðanna sem reknir eru á Íslandi (Utanríkisráðuneytið).



4.c.1 **Hlutfall kennara í: a) forskólum, b) grunnskólum, c) neðri bekkjum framhaldsskóla, d) efri bekkjum framhaldsskóla sem notið hafa a.m.k. skipulegrar lágmarkspjálfunar fyrir kennara (þ.e. í kennslufræðum) áður en starf hefst eða í starfi, sem krafist er til kennslu á viðkomandi skólastigi í tilteknu landi.**



Mynd 15. **Hlutfall kennara í grunnskólum með kennsluréttindi og hlutfall starfsfólks í leikskólum með leikskólakennaramenntun, 1998-2016.**



Upplýsingar um menntun starfsfólks á mismunandi skólastigum eru birtar á vef Hagstofu Íslands. Allur þorri kennara í grunnskólum landsins hafa kennsluréttindi, eða 91,4% árið 2017. Hlutfallið hækkaði á milli 2008 og 2011, úr 84,8% í 95,5% var nokkuð stöðugt um eða yfir 95% framt il 2017. Hlutfall starfsfólks í leikskólum með leikskólakennaramenntun er þónokkuð lægra. Hlutfallið hækkaði á milli 2000 og 2013, úr 23,7% í 33,6%, en hefur lækkað síðan og árið 2017 var það 27%.



MARKMIÐ 5 – Jafnrétti kynjanna

Undir heimsmarkmið 5 falla níu undirmarkmið, sem mæld eru með samtals fjórtán mælikvörðum. Allir mælikvarðar byggja á skilgreindri aðferðarfræði. Gögn liggja fyrir um sex mælikvarða.

5.1.1 Hvort til staðar er lagarammi sem miðar að því að efla, framfylgja og hafa eftirlit með því hvort kynin njóti jafnréttis og að þeim sé ekki mismunað

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 hafa það að markmiði að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Þau kveða jafnframt á um með hvaða hætti skuli efla, framfylgja og hafa eftirlit með því hvort kynin njóti jafnréttis og að þeim sé ekki mismunað.




5.2.1 Hlutfall kvenna og stúlkna eldri en 15 ára sem hafa verið í sambandi og orðið fyrir líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi sambúðarmaka á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir tegund ofbeldis og aldrí



Embætti ríkislögreglustjóra safnar gögnum er lúta að þessum mælikvarða og hafa gert frá 2015. Gögnin byggja á árlegri könnun á reynslu landsmanna 15 ára og eldra á afbrotum á undangengnu ári og viðhorfum til lögreglu. Ártal er könnunarárið, en spurt er um undangengið ár. Árið 2018 höfðu 6,1% kvenna orðið fyrir heimilisofbeldi á undangengnu ári.


Mynd 16. Hlutfall kvenna og stúlkna, 15 ára og eldri, í sambandi og höfðu orðið fyrir líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi sambúðarmaka á síðastliðnum 12 mánuðum.



5.2.2 Hlutfall kvenna og stúlkna eldri en 15 ára, sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra en sambúðarmaka á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir aldri og verknaðarstað.

Embætti ríkislögreglustjóra safnar gögnum er lúta að þessum mælikvarða. Gögn byggja á árlegri könnun á reynslu landsmanna 15 ára og eldra á afbrotum á undangengnu ári og viðhorfum til lögreglu. Ártal er könnunarárið, en spurt er um undangengið ár. Í gögnum er ekki hægt að taka frá tilvik af hendi maka/fyrirum maka og eiga svörin því við um allt kynferðisofbeldi. Árið 2018 höfðu 4,1% stúlkna og kvenna eldri en 15 ára orðið fyrir kynferðisofbeldi.

Mynd 17. **Hlutfall kvenna og stúlkna, 15 ára og eldri, sem höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á undangengnu ári**



5.4.1 **Hlutfall tíma sem varið er til ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa, eftir kyni, aldri og staðsetningu**

Ekki eru til alþjóðlega samanburðarhæf gögn um alla þætti mælikvarðans en sjá má skýrslu aðgerðarhóps Velferðarráðuneytis frá 2015 og könnun um vinnu aðstandenda fatlaðs fólks. Samkvæmt skýrslu aðgerðarhópsins er ólaunuð vinna karla 9 klst. á viku og kvenna 13,5 klst. á viku.





5.5.1 **Hlutfall kvenna a) á þjóðþingum og b) í sveitarstjórnum**

Hagstofa Íslands birtir tölfræði yfir kjörna fulltrúa, bæði til Alþingis og til sveitarstjórna. Hlutfall kvenna á Alþingi hefur aukist á síðustu áratugum og eftir kosningar 2016 var það 47,6% og hafði aldrei áður verið hærra. Í kosningunum 2017 lækkaði hlutfallið hinsvegar aftur í 38,1%.

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnum hefur einnig aukist á síðustu áratugum. Eftir alþingiskosningarnar 2017 var hlutfallið 44%. Hliðstæð þróun hefur átt sér stað í sveitarstjórnum nema hvað að þar hefur hlutfall kvenna vaxið mun jafnar en á þingi. Árið 2018 eru konur um 47% af kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn.



Mynd 18. **Skipting kjörinna Alþingismanna eftir kyni.**

Mynd 19. **Skipting kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa eftir kyni**


5.6.2 Fjöldi landa sem tryggja fullan og jafnan aðgang kvenna og karla eldri en 15 ára, með lagasetningu og reglum, að kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu, upplýsingum og menntun.

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975 kveða á um framkvæmd ráðgjafar og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.





MARKMIÐ 6 – Hreint vatn og salernisaðstaða

Undir heimsmarkmið 6 falla sjö undirmarkmið, sem mæld eru með samtals ellefu mælikvörðum. Aðferðafræði hefur verið skilgreind fyrir alla mælikvarða. Metið var að tveir mælikvarðanna eigi ekki við um Ísland. Gögn liggja fyrir um þrjá mælikvarða.


6.1.1 Hlutfall íbúa sem búa við örugga vatnsveitu.

Gögnum um mælikvarðann er ekki markvisst safnað en leiða má líkur að því að hlutfallið sé 100%.



6.2.1 Hlutfall íbúa sem nýtur öruggrar salernisaðstöðu, þ.m.t. handþvottaaðstöðu með sápu og vatni.

Gögnum um mælikvarðann er ekki markvisst safnað en leiða má líkur að því að hlutfallið sé 100%.



6.3.1 Hlutfall skólps sem fær örugga meðhöndlun.

74% af skólpi fer í skólpmeðferð þar sem einhverskonar hreinsun fer fram (Samantekt um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014. September 2017, 2.útg).



MARKMIÐ 7 – Sjálfbær orka

Undir heimsmarkmið 7 falla fimm undirmarkmið, sem mæld eru með samtals sex mælikvörðum. Einn þeirra er enn án skilgreindrar aðferðafræði. Gögn liggja fyrir um fjóra mælikvarða.

7.1.1 Hlutfall íbúa með aðgang að rafmagni

7.1.2 Hlutfall íbúa sem reiða sig fyrst og fremst á hreint eldsneyti og tækni


Orkustofnun hefur ekki aðgengilegar tölur um þessa mælikvarða, en leiða má líkur að því að hlutfallið sé 100%. Í alþjóðlega gagnagrunnurinn Global tracking framework sem vísað er í lýsigögnum SP er hlutfallið 100% í báðum tilfellum.



7.2.1 Hluttur endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun


Samkvæmt gögnum frá Orkustofnun sem Eurostat heldur utan um var hlutfallið 71,57% árið 2017.



Mynd 20. **Hlutar endurnýjanlegrar orku í heildarorkunotkun**

7.3.1 Orkukræfni mæld með tilliti til frumorku og vergrar landsframleiðslu

Orkustofnun hefur ekki aðgengilegar tölur um þessa mælikvarða. Samkvæmt alþjóðlega gagnagrunninum Global tracking framework sem vísað er í lýsigögnum SP var það 16,56 MJ/GDP\$ árið 2015.

Mynd 21. **Orkukræfni mæld með tilliti til frumorku og vergrar landsframleiðslu (í MJ/GDP\$)**



MARKMIÐ 8 - Góð atvinna og hagvöxtur


Undir heimsmarkmið 8 falla tólf undirmarkmið sem eru mæld með samtals sautján mælikvörðum. Þar af er einn sem enn er án skilgreindrar aðferðafræði. Gögn liggja fyrir um sjö mælikvarða.

8.1.1. Árlegur vaxtarhraði raunverulegrar vergrar landsframleiðslu á mann

Hagstofa Íslands safnar gögnum og birtir tölur um landsframleiðslu. Landsframleiðsla á Íslandi hefur verið nokkuð sveiflukennd með hröðum vaxtarskeiðum og hörðum samdráttarskeiðum. Síðasta harða samdráttarskeiðið var á árunum 2008 til 2010 en mest þó árið 2009 þegar landsframleiðsla á mann dróst saman um 6,5%. Síðan þá hefur hagur þjóðarinnar vænkast en árið 2016 hækkaði landsframleiðsla á mann um 6%. Nokkuð hægði á vextinum en árið 2017 mældist hann 1,7%.





Mynd 22. Verg landsframleiðsla á mann 1946-2017, magnbreyting frá fyrra ári



8.5.2 Atvinnuleysishlutfall eftir kyni, aldri og fötlun

Hagstofa Íslands mælir atvinnuleysi. Almennt hefur atvinnuástandið á Íslandi verið gott í samanburði við nágrannalöndin, enda atvinnupátttaka beggja kynja há og atvinnuleysi fremur fátítt og skammvinnt nema á afmörkuðum tímabilum. Atvinnuleysi jókst síðast að ráði í kjölfar hrunsins, úr 2,3% á ársgrundvelli árið 2007 í 7,6% árið 2010 en hefur lækkað jafnt og þétt síðan og árið 2018 mældist atvinnuleysi 2,7%. Ungt fólk býr á öllum tímum við aukna hættu á atvinnuleysi. Atvinnuleysi fólks á aldrinum 16-24 ára var hæst rúmlega 16% í kjölfar hrunsins en lækkaði nokkuð hratt og árið 2018 var það komið niður í 6,1%.




Mynd 23. **Atvinnuleysi eftir aldri, 1991-2017 í prósentum.**Mynd 24. **Atvinnuleysi eftir kyni og aldri, 2017.**

8.6.1 Hlutfall ungmenna (15-24 ára) sem stunda ekki nám, atvinnu eða eru í starfsþjálfun.


Þessi mælikvarði byggir á evrópsku vinnumarkaðsrannsókninni sem Hagstofa Íslands sér um innsöfnun á fyrir Ísland. Árið 2018 var hlutfall ungs fólks á aldrinum 15-24 ára sem stunda ekki nám, atvinnu eða starfsþjálfun á Íslandi næst lægst í Evrópu, eða 4,9% samanborið við 10,5% að meðaltali í ríkjum Evrópusambandsins. Hlutfallið hækkaði allnokkuð í kringum hrunið, úr 4% árið 2007 í 7,7% árið 2009 en hefur lækkað síðan. Aftur á móti varð sú breyting við hrunið að kynjahlutföll snerust við. Á tímabilinu 2004-2008 mælist hlutfallið gjarnan hærra hjá konum en körlum en eftir 2008 mælist það hærra hjá körlum allt til 2017 þegar hlutfallið mælist svo gott sem jafnt.



Mynd 25. **Hlutfall fólks (%) á aldrinum 15-24 ára sem stunda ekki nám, atvinnu eða starfsþjálfun (NEET) eftir kyni**




Mynd 26. **Hlutfall fólks (%) á aldrinum 15-24 ára sem stunda ekki nám, atvinnu eða starfsþjálfun. Evrópa 2017.**



8.9.1 Bein verg landsframleiðsla af ferðapjónustu sem hlutfall af vergri heildarlandsframleiðslu og vaxtarhraða.

Mælikvarði 8.9.1. fjallar um hlutfall ferðapjónustu af vergri þjóðarframleiðslu. Samkvæmt gögnum hagstofu Íslands hefur hún aukist úr 3,5% árið 2009 í 8,6% árið 2017.



Mynd 27. **Hlutfall (%) ferðapjónustu af vergri landsframleiðslu 2009-2016**

8.10.1 a) **Fjöldi viðskiptabankaútibúa á hverja 100.000 fullorðna einstaklinga og b) fjöldi hraðbanka á hverja 100.000 fullorðna einstaklinga**

Staðfest gögn eru til um mælikvarðann að hluta. Samkvæmt IMF Financial Survey voru 35,6 bankaútibú á hverja 100.000 íbúa árið 2016. Við árslok árið 2015 voru 194 hraðbankar og 82 bankaútibú á landinu öllu samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaráðuneytinu.



8.10.2. **Hlutfall fullorðinna (15 ára og eldri) með reikning hjá banka eða öðrum fjármálastofnunum eða fargreiðslumiðlunarþjónustu**

Gögnum um mælikvarðann er ekki markvisst safnað en leiða má líkur að því að hlutfallið sé nánast 100%.

8.a.1 **Aðstoð vegna viðskiptaskuldbindinga- og greiðslna**

Samkvæmt upplýsingum frá Utanríkisráðuneytinu var framlag Íslands 6,6 milljónir Bandaríkjadala árið 2015.





MARKMIÐ 9 – Nýsköpun og uppbygging

Undir heimsmarkmið 9 falla átta undirmarkmið sem mæld eru með samtals tólf mælikvörðum. Allir mælikvarðar byggja á skilgreindri aðferðarfræði. Gögn liggja fyrir um sex mælikvarða.

9.1.1. Hlutfall íbúa í dreifbýli sem býr í innan við 2 km fjarlægð frá heilsársvegi


Samkvæmt samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu búa nánast allir íbúar landsins innan við 2km frá heilsársvegi eða 99,98%. Þau 0,02% sem gera það ekki njóta styrkja vegna ferju- og flugsamgangna.

9.2.2. Atvinna í framleiðslugreinum sem hlutfall af heildar- atvinnuþátttöku

Þessum upplýsingum er safnað sem hluta af vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Hlutfall fólks í aðalstarfi við framleiðslu sem hlutfall af öllum hefur lækkað úr 16,2% árið 1991 í 9,9% árið 2017. Breytingin er tilkomin vegna fækkunar á framleiðslustörfum sem nemur 3100 störfum í framleiðslu en á sama tíma fjölgaði störfum almennt.




Mynd 28. Hlutfall starfandi sem starfa við framleiðslu í aðalstarfi, 1991-2017



9.5.1. Útgjöld til rannsókna og þróunar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Hagstofan heldur utan um gögn um útgjöld í rannsóknir og þróun og hefur gert frá 2013. Hlutfall slíkra útgjalda af landsframleiðslu var 1,76% árið 2013 og 2,1% árið 2017.



Mynd 29. **Útgjöld í rannsóknir og þróun sem hlutfall af landsframleiðslu**

9.5.2. Vísindamenn (í jafngildi fullrar stöðu) á hverja milljón íbúa.

Árið 2017 voru 2050 stöðugildi (jafngildar fullar stöður) í rannsóknum hjá fyrirtækjum, opinberum stofnunum og háskólum.

9.a.1. Heildarfjárstuðningur opinberra aðila á alþjóðavísu (opinber þróunaraðstoð, að viðbættri annarri opinberri fjármögnun) til innviða.

Árið 2017 voru 20% af hlutfalli opinberra þróunaraðstoðar sem fóru í innviði. Ekki eru til upplýsingar um annað fjármagnsflæði á þessu sviði.

9.c.1. Hlutfall íbúa sem hafa aðgang að farsímaneti, eftir tækni

Í fjórða ársfjórðungi 2018 höfðu, samkvæmt gögnum frá samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu 99,96% þjóðarinnar aðgang að farsímaneti. Af þeim höfðu 99,99% aðgang að 3G neti og 99,85% aðgang að 4G neti.



MARKMIÐ 10 - Aukinn jöfnuður

Undir heimsmarkmið 10 falla tíu undirmarkmið sem mæld eru með samtals ellefu mælikvörðum. Allir mælikvarðar byggja á skilgreindri aðferðarfræði. Metið var að einn mælikvarði ætti ekki við um Ísland. Gögn liggja fyrir um einn mælikvarða.

10.b.1 Heildarúrræði til þróunar, eftir viðtakanda og gjafalandi og tegund úrræðis (þ.e. opinber þróunaraðstoð, bein, erlend fjárfesting og önnur úrræði).

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu eru til upplýsingar um það fjármagn sem fer í opinbera þróunaraðstoð, sem er 0,29% af vergum þjóðartekjum, en ekki um annað fjármagnsflæði.





MARKMIÐ 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög

Undir heimsmarkmið 11 falla tíu undirmarkmið sem eru mæld með samtals fimmtán mælikvörðum. Þar af eru fjórir án skilgreindrar aðferðafræði. Gögn liggja fyrir um tvo mælikvarða.

11.2.1 Hlutfall íbúa sem hafa greiðan aðgang að almenningssamgöngum, eftir kyni, aldri og fötlun.

Samkvæmt gögnum frá samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu býr 95% þjóðarinnar við greitt aðgengi að almenningssamgöngum. Aukinheldur sinna sveitarstjórnir samöngupjónustu fyrir aldraða og fatlaða. Þá er börnum sem búa fjarri skóla tryggðar samgöngur í og úr skóla.



11.6.1 Hlutfall fasts úrgangs frá þéttbýli sem er safnað saman með reglubundnum hætti og er fargað með viðunandi hætti sem hlutfall af heildarmagni fasts úrgangs í þéttbýli, eftir borgum.

Frá árinu 2002 hefur það verið metið svo að allir íbúar á Íslandi njóti sorphirðu og í því sambandi ber að hafa í huga að skylda sveitarfélaga hvað varðar söfnun og flutnings heimilísúrgangs (sorps) er skýr sbr. 8.gr laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Árið 2016 var heildarmagn sorps 1.071.951 tonn. Af heildarmagninu voru 78,6% endurnýtt en 21,4% fargað, sem þýðir að endurnýtingarhlutfallið hækkaði um 2,5 prósentustig.



MARKMIÐ 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla

Undir heimsmarkmið 12 falla ellefu undirmarkmið sem eru mæld með samtals þrettán mælikvörðum. Alls eru sjö af þrettán mælikvörðum án skilgreindrar aðferðafræði. Gögn liggja fyrir um tvo mælikvarða.

12.4.1 Fjöldi aðila að alþjóðlegum marghliða umhverfissamningum um hættulegan úrgang og önnur efni sem uppfylla skuldbindingar og skyldur þeirra varðandi upplýsingagjöf sem krafa er gerð um í hverjum viðeigandi samningi.

Ísland er aðili að hluta þessara samninga, en þó ekki að „Rotterdam Convention“ og því uppfyllir Ísland ekki öll skilyrðin fyrir þennan mælikvarða.



12.5.1 Innlent endurvinnsluhlutfall, fjöldi tonna sem endurnýttur er

Árið 2016 var heildarmagn sorps 1.071.951 tonn. Af heildarmagninu voru 78,6% endurnýtt en 21,4% fargað. Endurvinnsluhlutfallið hækkaði um 2,5 prósentustig frá árinu 2015.





MARKMIÐ 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum

Undir heimsmarkmið 13 falla fimm undirmarkmið sem mæld eru með átta mælikvörðum. Þar af eru fimm án skilgreindrar aðferðafræði. Engin gögn liggja fyrir um þessa mælikvarða




MARKMIÐ 14 – Líf í vatni

Undir heimsmarkmið 14 falla tíu undirmarkmið sem mæld eru með tíu mælikvörðum. Þar af eru þrír án skilgreindrar aðferðafræði. Gögn liggja fyrir um tvo mælikvarða.

14.4.1 Hlutfall fiskistofna innan líffræðilega sjálfbærra marka

Skýrslur um ástand nytjastofna eru tiltækar fyrir nítján fiskistofna hjá Hafrannsóknarstofnun. Þessar skýrslur gefa til kynna hvort veiðidánartölur séu hærri en það sem krefst fyrir sjálfbæra nýtingu. Hlutfallið er um 90%.



14.5.1 Umfang friðaðra svæða sem hlutfall af hafsvæðum

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eru opinberar tölur um hlutfallið á Íslandi 0,05% og er það tilkynnt til alþjóðlegra aðila.



MARKMIÐ 15 – Líf á landi

Undir heimsmarkmið 15 falla tólf undirmarkmið, sem mæld eru með samtals þrettán mælikvörðum (alls fjórtán ef horft er til þess að einn er endurtekinn). Þrír mælikvarðar eru án skilgreindrar aðferðafræði. Gögn liggja fyrir um einn mælikvarða.

15.1.1 Skógi vaxin svæði sem hlutfall af heildarlandsvæði

Árið 2018 var hlutfallið 2% og hefur aukist á undanförunum áratugum.



MARKMIÐ 16 – Friður og réttlæti

Undir heimsmarkmið 16 falla tólf undirmarkmið sem eru mæld með 23 mælikvörðum. Einn mælikvarði er án skilgreindrar aðferðafræði. Gögn liggja fyrir um sex mælikvarða.

16.1.1. Fjöldi fórnarlamba ásetningsmorða á hverja 100.000 íbúa, eftir kyni og aldri

Þessar upplýsingar eru fengnar úr málaskrá Embættis ríkislögreglustjóra. Á árunum 2007-2018 var fjöldi ásetningsmorða á bilinu núll til þrjú á ári. Fjöldi morða á hverja 100 þúsund íbúa var því frá 0 og upp í 0,9. Á tímabilinu voru konur um þriðjungur




fórnarlamba ásetningsmorða. Morð eru of fátíð til að gera á þeim greiningar eftir aldersdreifingu fórnarlamba.

16.1.4. Hlutfall íbúa sem upplifir sig örugga á göngu einir síns liðs í nágrenni heimilis síns.

Gögn fyrir mælikvarðann eru að finna í viðauka evrópsku lífshagfararannsóknarinnar frá 2013 (EU-SILC) sem Hagstofan framkvæmir. Þar má sjá að 85,5% íbúa upplifðu sig mjög eða nokkuð örugga en 46,1% upplifðu sig mjög örugga. Ísland er með sjötta hæsta hlutfallið af þeim Evrópulöndum sem tóku þátt í lífshagfararannsókninni 2013, hvort sem horft er til þeirra sem upplifðu sig mjög eða nokkuð örugga eða bara til þeirra sem upplifðu sig mjög örugga. Meðaltal landa Evrópsambandsins er 74,7%.

Mynd 30. Öryggistilfinning þegar fólk er eitt utandyra í nágrenni við heimilis sitt að næturlagi, 2013.




16.3.1. Hlutfall fórnarlamba ofbeldis á síðastliðnum 12 mánuðum sem tilkynnt hafa um brot gegn sér til lögbærra yfirvalda eða annarra opinberlega viðurkenndra sáttumleitunaraðila.

Embætti ríkislögreglustjóra safna þessum upplýsingum með árlegri könnun á reynslu landsmanna af afbrotum á undangengnu ári og viðhorfum til lögreglu. Gögn fyrir árin 2010 og 2012 eru ekki fyrirliggjandi. Hlutfallið mældist hæst árið 2011, eða 45,8%, og lægst árið 2015, eða 34,2% árið 2015. Árið 2018 var hlutfallið 36,5%. Hér verður þó að hafa í huga að þessi hlutföll eru reiknuð af mjög litlum hópi en alls sögðust 2,1-3,9% svarenda í könnuninni hafa orðið fyrir ofbeldi á undangengnu ári.



Mynd 31. **Hlutfall fórnarlamba ofbeldis á síðastliðnum 12 mánuðum sem tilkynnt hafa um brot gegn sér til lögreglu**



16.9.1. Hlutfall barna undir 5 ára aldri á fæðingarskrá hjá borgara- legu yfirvaldi, eftir aldri

Fæðing allra barna á Íslandi er skráð af hinu opinbera í Fæðingaskrá Embættis landlæknis.



16.10.1. Fjöldi sannprófaðra tilvika þar sem blaðamenn, tengdir starfsmenn fjölmiðla, félagar í stéttarfélögum og baráttumenn fyrir mannréttindum hafa verið myrtir, rænt, horfið af mannavöldum, fangelsaðir með tilviljanakenndum hætti eða pyntaðir á síðastlið- num 12 mánuðum

Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur en ætla má að fjöldinn sé nálægt núll.

16.10.2. Fjöldi landa sem hafa samþykkt og komið til framkvæmda aðgengi almennings að upplýsingum sem er tryggt samkvæmt stjórnarskrá, lögum og/eða stefnum

Á Íslandi er þessu réttur tryggður með Upplýsingalögum (Lög nr. 14/2012).





MARKMIÐ 17 – Samvinna um markmiðin


Undir heimsmarkmið 17 falla nítján undirmarkmið sem eru mæld með 25 mælikvörðum. Sex mælikvarðar eru án skilgreindrar aðferðafræði. Metið var að sex mælikvarðar eigi ekki við um Ísland. Gögn liggja fyrir um átta mælikvarða

17.1.1. Heildartekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, eftir tekjuliðum

Þessar upplýsingar eru úr gögnum Hagstofunnar um opinber fjármál. Gögnin eru sundurliðuð samkvæmt GFSM ramma Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í fjóra megin tekjuliði; þ.e. skatttekjur, félagsleg framlög, styrki og aðrar tekjur. Árið 2017 námu tekjur ríkisins 43,4% af vergri landsframleiðslu en skatttekjur námu 34,2% af VLF. Árið 2016 er nokkuð frábrugðið öðrum árum þar sem tekjur ríkisins voru umtalsvert hærra hlutfall af VLF það árið en árin á undan og á eftir. Þetta skýrist af því að stöðugleikaframlagið var skráð sem fjármagnsskattur í þjóðhagsreikningum.



Mynd 32. **Tekjur hins opinbera sem % af vergri landsframleiðslu, sundurgreint eftir uppruna.**



17.2.1. Nettóþróunaraðstoð opinberra aðila, í heild og til þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, sem hlutfall af vergum þjóðartekjum gjafaríkja í þróunaraðstoðarnefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar


Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu var heildarhlutfallið 0,29% af vergum þjóðartekjum árið 2016 og hlutfallið sem fór til fátækustu ríkja var 0,08%.

17.8.1. Hlutfall einstaklinga sem nota netið

Undirmarkmiðið leggur áherslu á þróunarlönd. Mælikvarðinn fjallar um hlutfall íbúa sem nota internet. Hagstofa Íslands safnar þessum gögnum sem hluta af upplýsingatæknirannsókn evrópska hagskýrslusamstarfsins og niðurstöðurnar má m.a. finna á vef Eurostat. Internetnotkun er mjög almenn á Íslandi en árið 2018 notuðu 96% íbúa landsins 16 ára og eldri internetið daglega, sem er hæsta hlutfallið í Evrópu.



Mynd 33. Hlutfall fólks 16 ára og eldri sem nota internetið daglega, 2018



17.9.1. Fjárhæð í bandaríkjadöllum sem veitt er til fjárhagslegs og tæknilegs stuðnings við þróunarlönd (m.a. með samstarfi milli svæða í norðri og suðri, innan suðursvæða og með þríhliða samstarfi).

Mælikvarðinn fjallar um aðstoð til þróunarlanda og tekið er fram að aðstoðin tengist uppbyggingu á færni til að framkvæma landsáætlanir. Ísland leggur fram fjármuni til almennrar uppbyggingu á færni í gegnum Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Um það er fjallað undir undirmarkmiði 4.b.1.



17.18.2. Fjöldi landa sem hafa innlenda hagskýrslulöggjöf sem er í samræmi við grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð.

Lög númer 163 frá 2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð eru í samræmi við grundvallarreglur um opinbera hagskýrslugerð.




17.18.3. Fjöldi landa sem hafa áætlun um landshagskýrslur sem er að fullu fjármögnuð og komin til framkvæmda, eftir tegund fjármögnunar.

Slík áætlun er ekki til á Íslandi.



17.19.1. Andvirði allra úrræða í Bandaríkjadöllum sem tiltæk eru til að efla tölfræðilega getu í þróunarlöndum.

Þetta er ekki áherslumál í þróunarsamvinnu Íslands.



17.19.2. Hlutfall landa sem a) hafa framkvæmt a.m.k. eitt manntal og húsnæðistal á síðustu 10 árum og b) hafa náð 100% skráningu fæðinga og 80% skráningu dauðsfalla.

Ísland uppfyllir öll þrjú atriðin sem talin eru upp. Manntal var framkvæmt 2011 og allar fæðingar og öll andlát eru skráð.

